







IMAGE EVALUATION TEST TARGET (MT-3)



APPLIED IMAGE, Inc
1653 East Main Street
Rochester, NY 14609 USA
Phone: 716/482-0300
Fax: 716/288-5989

© 1993, Applied Image, Inc., All Rights Reserved

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1994

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

- ☐ Coloured covers/
Couverture de couleur
- ☐ Covers damaged/
Couverture endommagée
- ☐ Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée
- ☐ Cover title missing/
Le titre de couverture manque
- ☐ Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur
- ☐ Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- ☐ Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur
- ☐ Bound with other material/
Relié avec d'autres documents
- ☐ Tight binding may cause shadows or distortion
along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la
distorsion le long de la marge intérieure
- ☐ Blank leaves added during restoration may appear
within the text. Whenever possible, these have
been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées
lors d'une restauration apparaissent dans le texte,
mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont
pas été filmées.

☐ Additional comments:/
Commentaires supplémentaires:

This item is filmed at the reduction ratio checked below/
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10X	12X	14X	16X	18X	20X	22X	24X	26X	28X	30X	32X
☐	☐	☐	☐	☐	☐	☒	☐	☐	☐	☐	☐

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- ☐ Coloured pages/
Pages de couleur
 - ☐ Pages damaged/
Pages endommagées
 - ☐ Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées
 - ☒ Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées
 - ☐ Pages detached/
Pages détachées
 - ☒ Showthrough/
Transparence
 - ☐ Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression
 - ☐ Continuous pagination/
Pagination continue
 - ☐ Includes index(es)/
Comprend un (des) index
- Title on header taken from: /
Le titre de l'en-tête provient:
- ☐ Title page of issue/
Page de titre de la livraison
 - ☐ Caption of issue/
Titre de départ de la livraison
 - ☐ Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



National Library of Canada

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol → (meaning "CONTINUED"), or the symbol ▼ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

Bibliothèque nationale du Canada

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole → signifie "A SUIVRE", le symbole ▼ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

D2
OLE

Mr. O. O. O. O. O.
ALDAMÓT

ÁTTUNDA ÁR
1898

RITSTJÓRI:
FRÍÐRIK J. BERGMANN.

*Vor trú er sigurinn, sem
hefur sigrað heimin.*
1. Jóh. 5, 4.

Gefið út af prestum hins ev. lút. kirkjufélags
Íslendinga í Vesturheimi.

WINNIPEG
PRENTAD Í PRENTSMIDJU LÖGBERGS
1898

BX 8063

5

I34

H53

1898

P444

44437946

EFNI:

- | | |
|---|-----------|
| 1. Landskjálfta-ljóð eftir <i>Valdimar Briem</i> , 12 kvæði, er lúta að landskjálftanum 1896. | Bla.
1 |
| 2. Quo vadis? Eftir <i>Friðrik J. Bergmann</i> . Fyrirlestur fluttur á krikjuþingi í Winnipeg, 25. júní 1898..... | 29 |
| 3. Ræðan hennar móður hans. Saga eftir <i>Ian Maclaren</i> , þýdd úr <i>Beside the Bonnie Brier Bush</i> af ritstj. „Aldamóta“..... | 74 |
| 4. Ambátt drottins. Kvæði eftir <i>Matth. Jochumsson</i> | 86 |
| 5. Bindindi. Eftir <i>Jón Bjarnason</i> . Ræða flutt í Winnipeg 1. sunnudag í aðventu 1897.... | 88 |
| 6. Tíðareglur kirkju vorrar. Eftir ritstj. „Aldamóta“..... | 105 |
| 7. Undir linditrjánunum :— Fyrr og nú.—Bibluljóð II.—Grettisljóð.—Einar Benediktsson: <i>Sögur og kvæði</i> .—Guðmundur Friðjónsson: <i>Eindir</i> .—Bjarni Jónsson frá Vog: <i>Baldursbrá</i> .—Vísnaðver Páls Vídalíns.—Indriði Einarsson: <i>Hollismenn</i> .—Bókmentafélagið.—Eimreiðin.—Íslendingasögur.—Dr. Jón Þorkelsson: <i>Supplement til islandske Ordbøger</i> .—Árni.—Bókasafn alþýðu.—Gegnum brim og þöð.—Biblúsögur Tange.—Vegurinn til Krists.— <i>Bunyan</i> : Fyr þilagrímsins. | 134 |



Landskjálfta-ljóð.

Eftir

VALDIMAR BRIEM.

Tólf kvæði, er lúta að jarðskjálftanum 1896.

I.

„Ef drottinn byggir ekki húsið, þá erviða smiðirnir til
einskis.“ Sálm. 127, 1.

Ég þurfti' að byggja mér bæ á ný,
sá bær skyldi lengi standa;
þar nýtt og gott skyldi efnið í
og öll skyldu húsin björt og hlý;
það alt átti vel að vanda.

Já, það þarf vel að vanda,
sem vel og lengi' á að standa.

Það hús átti' að reisa' á háum stað
und hlífðunum fagurgrænum.
Hið bezta grjótt dró ég óspart að
og einnig hinn bezta við í það;

það búandi skyldi' í bænum.
 Já, það þarf vel að vanda,
 sem vel og lengi' á að standa.

Og verkafólk kom úr allri átt,
 sem allra bezt var að finna.
 Og veggirnir risu breiðir brátt
 og bráðlega komst á þakið hátt,
 því ljómandi vel gekk vinna.
 Já, það þarf vel að vanda,
 sem vel og lengi' á að standa.

Hið innra var fagað alt sem varð,
 það ásjálegt vera skyldi;
 þar sjá skyldi fagran sveitagarð,
 þótt sæi' ég ei af því beinan arð,
 ég alt saman vanda vildi.
 Já, það þarf vel að vanda,
 sem vel og lengi' á að standa.

Ef einhverstaðar sá einhvern blett,
 þá óðara' að því var fundið;
 ef alstaðar var ei alveg rétt,
 þá út á það var sem fljótast sett,
 og brátt var að bótum undið.
 Já, það þarf vel að vanda,
 sem vel og lengi' á að standa.

Og bærinn stóð þar und brekku hýr
 og brosti gegn vegfaranda.
 Að utan var hann og innan nýr,
 hann orðinn reyndar var nokkuð dýr;

en honum var hugað að standa.
 Já, það þarf vel að vanda,
 sem vel og lengi' á að standa.

Ef drottinn byggir ei húsin há,
 það hjálpar ei þau að vanda.
 Í fyrstu hríð, er þeim hrynur á,
 þau hrynja niður sem slegin strá,
 ef guð vill þeim láta granda.

Hann þarf ei annað en anda
 eða' einum fingri' að banda.

Hvort bygði guð þá ei húsin hér?
 Jú, hann þau sannlega bygði.
 Hann lengi hélt þeim í hendi sér,
 en hann vildi líka sýna mér,
 hvað mannlegur máttur dygði.
 Fyrst veik reynast verk guðs handa,
 þá vor munu traúla standa.

Ef hér ég byggi mér hús á ný,
 það hálfu skal betur vanda.
 En tálvon er það að treysta því,
 þó traustum búum vér húsum í,
 að þau muni stöðug standa.
 Alt rétt er að reyna að vanda; —
 guð ræður, hvort það mun standa.

II.

„Hvert það ríki, sem í sjálfu sér er sundurþykkt, mun leggjast í auðn, og hvert hús mun þar yfir annað hrapa.“
Lúk. 11, 17.

Það gott er veður og létt er loft
og lygnt er á djúpum sæ.
Þó æðir um landið stormur stór
og stríð er í sveit og bæ.

Á fjöllumunum uppi' er ógnar-kyrð
og einmanalegt og hljótt.
Í bygðinni gengur á byltingum;
menn berjast þar dag og nótt.

Í dauðra bústöðum djúp er þögn,
þeir dánu þar hvíla' í ró.
En þeir, sem lifa, þeir láta eins
og löður á æstum sjó.

Á árunum þannig eitt sinn gekk,
það andaði flest svo milt.
Hjá fólkinu samt var þys og þras
og þjóðin var orðin trylt.

Þá aldinn þulur í stólinn steig
og sterklega brýndi raust;
hann vandaði hátt um hneyksli það
um héraðið alt sem braust.

Hann mintist á orðin meistarans,

sem margsinnis hafa rætst,
og eigi sízt á hans eigin borg,
er yfir gekk hörmung stærst.

„Hvert ríki sjálfu sér sundurþykt“ —
hann sagði það snjalt og hátt —
„mun leggjast í auðn og hvert eitt hús
mun hrapa til grunna brátt.“

En eigi sintu menn orðum þeim,
og áfram því sama gekk.
Þeir hugðu það vera hégómamál
að hlýða þeim gamla rekk.

Þá drottinn sjálfur í tauma tók,
það titraði fótskór hans.
Þá lögði deilur og hægði hríð,
það hljóðnaði um bygðir lands.

Þar hvert yfir annað húsið féll
og hrundi sem fyrr var spáð.
En landið ei drottinn lagði' í auðn,
hann líknaði því af náð.

Ó, líknaðu, drottinn, landi' og þjóð
og lækkaðu jarðar-rót;
en stiltu þó einkum storminn þann,
sem stríður er þér á mót.

III.

„Þetta skal ég gjöra: rífa niður hlöður mínar og byggja aðrar stærri, — og þá vil ég segja við sálu mína: Þú hefur fengið mikinn forða til margra ára; hvíl þig nú, et þú og drekk og vert glöð. En guð sagði: Heimskingi, á þessari nóttu verður sál þín af þér heimtuð.“

Lúk. 12, 18.—20.

Sæll var sumardagur,
sólin blessuð skein;
gylti geislinn fagur
grund og bylgjurein.
Hægt í vestri sólin seig.
Senn var komið sólarlag,
samt var fólk á teig.

Úti á grænni grundu
glatt á hjalla var.
Flestir allvel undu
iðju heyskapar.
Hey var þurkað þennan dag;
flestir gátu flutt sitt heim
fyrir sólarlag.

Sætið sat í röðum
sumum bændum hjá.
Hátt var líka í hlöðum
heyið orðið þá.
Bundu menn og báru heim;
hækkaði við hverja ferð
heyafinn í þeim.

Mikinn forða færði
flestum dagur sá.

Ei á barlóm bærði
 búandmönnum hjá.
 Sumir hugðu sitt við starf:
 Heyskapur ef hepnast svo,
 hlöður stækka þarf. —

Sólin rann í sæinn,
 syrta fór að nótt;
 út menn entu daginn,
 alt varð kyrt og rótt.
 Gengu menn til húsa heim.
 Hestum var í haga slept,
 hvíldar mál var þeim.

Gott til hvíldar hugðu
 halir lúnir þá;
 að sér neitt ei ugðu,
 alt var kyrt að sjá;
 kyrt var loft og kyrr var nótt.
 Hví þá skyldi öllum ei
 einnig verða rótt?

Sumir tóku sæti,
 settust fljótt við skamt.
 Enn á faraldsfæti
 fólk var allmargt samt.
 „Hvíl þig aftur, et og drekk“, —
 margur kvað við sjálfan sig,
 svo til hvílu gekk.

Sumir fóru að sofa,

svefninn lukti brá;
 gleymdu guð að lofa
 gumar sumir þá.
 Hvað þá muni hafa dreymt,
 það er ekki unt að tjá;
 eflaust það er gleymt.

Blessuð börnin smáu
 byrgt sig höfðu rótt;
 sætt á svæfli lágu,
 sögðu: Góða nótt!
 voru fljót að festa blund.
 Dreymdi þau um líf og leik
 ljúfa næturstund. —

Sveita-sumardagur
 svo til enda leið.
 Enn var heilla-hagur,
 hulið var hvað beið.
 Enn var lífsins gengi glatt.
 „Ei er nótt til enda trygg“,
 orðtak það er satt,

Alt í einu dundi
 ofsahvinur snar.
 Hristist alt og hrundi,
 hvað sem fyrir var.
 Alt í eina bendu braust;
 alt í svipan ofan reið,
 er menn hugðu traust.

Gangur ný-umgenginn
 grafinn lá í rúst;
 undir varð þó enginn
 ógurlegri þúst;
 undan komust allir menn,

„Hollur sá, sem hlífir, er,
hér það reyndist enn.

IV.

„Ait fjallið skalf mjög.“ 2. Mós. 19, 18.

„Jörðin skalf og bifaðist og fjallanna grundvöllur nötraði
og hrærdist, því hann reiddist.“ Sálm. 18, 7 (2. Sam. 22, 8).

„Jörðin skalf og björgin klofnuðu.“ Matt. 27, 51.

Heyrðust brestir og brak,
heyrdist buldrandi gnýr
eins og brimhljóð við klettótta strönd
eða fallandi foss
eða feiknarlegt rok,
eða fellibyls æði' yfir lönd.

Skalf þá storðin sem strá,
brustu stórefnis-björg
og sér steypu' yfir sléttlendin bleik.
Féllu húsin í hrönn
sem í hvassviðri lauf,
og þau hrundu sem spilaborg veik.

Það var niðmyrkt af nótt,
svo að nokkur ei sá,
hvernig nötraði' og titraði fold.
Nóttin byrgði þau býsn
sem hún blygðaðist sín,
og hún blæju dró svarta' yfir mold.

Þá skein glampandi glóð
eins og glæringar elds;
það var gneistaflug björgunum úr;
og það hrundi svo hratt
eins og haglélja-rót
eða hvolfdist úr loftinu skúr.

Allir vöknudú við,
er sá voði skall á,
er sér væð höfðu tekið og ró.
Flýttu allir sér út, —
út í aldimma nótt,
hvergi óhulta vissu sig þó.

Hvaða ógn gengur á?
vissi enginn það fyrst,
sig menn áttuðu' ei þegar í stað.
„Er það dagurinn dóms,
sem nú dottinn er á?
Reiður drottinn er nú, eða hvað?“

Kveða klukkurnar við
sem þær kalli til dóms.
Er hann kominn þá, dagurinn sá? —
Nei, það hægist um hark,
nú það hljóðnar um stund.
Ætli hræringin liðin sé frá?

Nei, það ókyrð er enn;—
er það ókyrð í jörð?
eða er það í hjartanu' á mér?
Tittrar hauður og hold
sérhvert hjartaslag við,
því það hvorttveggja sainskonar er.

Er þá reiði guðs rétt
eigi rokin af enn?
eða ræð ég ei gátuna þá?
Nei, ég ræð ei þá rún,
sem oss rist er um það,
er hinn réttvísi leggur oss á?

Hristist feiknar-stórt fjal
meður ferlegum gný,

þegar forðum hann lögmálið gaf.
Einnig bifubust björg
og þaubrustu sem gler,
þegar blóðið rann krossinum af.

þegar hauður og haf
tekur harðastan kipp
og það hrynur, þá minnumst vér á,
hvernig gnötraði grund,
þegar guðs sonur lést,
og að grafirnar opnuðust þá.

V.

„Abraham fór snemma á fætur þann sama morgun, og gekk þangað, er hann hafði staðið frammi fyrir drotni, og horfði til Sódóma og Gómorra og til héraðsins um kring og sá sig um.“ 1. Mós. 19, 27, 28.

„Nær þér sjáid víðurstygð eyðileggjarinnar standandi á á helgum stað, sem Daniel hefur spáð um“ — Matt. 24, 15 (sbr. Dan. 9, 27).

„Hvort ætlið þér, að þeir átján, sem turninn í Silóam féll yfir og varð að bana, hafi verið meira sekir en allir þeir, sem í Jerúsalem búa?“ Lúk. 18, 4.

Fagurt er á morgnana' að líta yfir láð,
ljómar morgunsólin og allt er geislum stráð.
Gullin blikar döggin í grænum haga tært,
glitrar allt svo fagurt og hreint og spegiltært.

Það var þó einn morgun, að sólina' ekki sá,
svörtum mekki hulin var ljóssins festing blá;
svartir komu flókar í sólargeisla stað,
síðan komu hryðjur, er bættu lítt um það.

Lindin, sú er speglaði loftið tær og blá,
líðaðist í hlykkjum svo fól og öskugrá.

Úr dauða-hafi jarðar vall aurgrár eðju-leir,
og orðnar voru grundir sem dýjaflesja meyr.

Grátlegt var að líta' yfir grænar hlíðar þá,
ginu breiðar sprungur á mót oss til og frá.
Fagrar höfðu brekkur á brjóstið fengið sár,
björg þar víða lágu sem höfug stirðnuð tár.

Ómurlegt að horfa þá bygt var yfir ból,
bærinn, sá er nýlega hýrt skein móti sól,
allur lá í rústum sem róstugt moldarflag,
reisulegu húsin voru jarðföll nú í dag.

Öllu því, sem fyrr meir í röð og reglu var,
rótað hafði nóttin og fleygt því hér og þar;
margt þar eftir slaginn á tjá og tundri lá
til og frá í valnum, sem kannaður var þá.

Víða hafði orrusta verið þessa nótt,
vígstöðvarnar margar og stríð af kappi sótt.
Valköstunum hlaðið sást út um alla byggð,
eyðingar og rústa sá marga víðurstyggð.

Sannlega þó alls engin Sódóma var hér;
Sflóams hér turninn að nýju fallinn er.
Ekki fyrir það samt, að engin væri sekt. —
Undarlegt er ráð guðs, en harðla merkilegt.

Eigin syni kærum ei hlífði drottinn hár,
hann þótt væri saklaus, þá leið hann dauðans fár
Eigin húsum sínum guð eigi þyrmdi nú,
eins á þeim og dundi hin mikla hryðjan sú.

Drottins húsið mæta, sem stóð á helgum stað,
stóð að vísu uppi, en rokna högg fékk það.
Bæði kvöld og morgun af sjálfsdáðum þar söng
sönginn yfir valnum hin helga líkaböng.

VI.

„Fjöllin burtrunnu fyrir drotni.“ Dòm, 5, 5.

„Fjöllin stukku sem hrútar, hæðirnar sem unglömb.“
Sálm. 114, 4.

Tekur dansinn til á ný;
tröllaslagur aftur.

Það er jötnum enn þá í
ógurlegur kraftur.

Tindarnir hoppa, á hlaupum eru fjöll.
Dansa fyrir drotni hin tígulegu tröll.

Dunar hátt í hellunum,
hrístast allar grundir.
Skelfing er af skellunum;
skruggan tekur undir.

Tindarnir hoppa, á hlaupum eru fjöll.
Dansa fyrir drotni hin tígulegu tröll.

Það er alt á fleygiför,
fjör er enn í landi.
Þetta mikla feikna-fjör
finnst oss óþolandi.

Tindarnir hoppa, á hlaupum eru fjöll.
Dansa fyrir drotni hin tígulegu tröll.

Mikið gengur alt af á,
illa hersing lætur.
Sígur ekki svefn á brá
sumum allar nætur.

Tindarnir hoppa, á hlaupum eru fjöll.
Dansa fyrir drotni hin tígulegu tröll.

Heyrið, jötnar, hættið við
heljar-tröllaslaginn,
þetta sífelt surg og ið

sumarlangan daginn.
Tindarnir hoppa, á hlaupum eru fjöll.
Dansa fyrir drotni hin tígulegu tröll.

Fer að grána gamanið,
glettur verða ramar.
Hrikaleikinn hættið við,
hann ei leikið framar.
Tindarnir hoppa, á hlaupum eru fjöll.
Dansa fyrir drotni hin tígulegu tröll.

Bezt er að hætta hverjum leik
hæst á meðan gengur.
Gamla móðir verður veik,
vari þetta lengur.
Hægið á dansihum, hamrar, björg og fjöll.
Flýið fyrir drotni, þér, forneskjuleg tröll.

VII.

„Lítið til fuglanna í loftinu. — — Skoðið akursins lilju-
grös.“ Matt. 6, 26. 28.

Sjá, litli fuglinn lyftir sér
í loftið fagurblátt.
Hann syngur ljúft með ljóssins her
og lofar guð sinn dátt.

Hin frjálsa, glaða fugla-hjörð
nú flógrar vítt um geim.
Vér, fjötraðir svo fast við jörð,
ei fylgja megum þeim.

Hinn léttföraði loftsins her
sér leikur til og frá.
En skelkaðir ei vitum vér,
hvert voðann flýja má.

Og liljugrösin ljúf og smá
í lautu hvíla rótt;
þau tifa' og sveigjast til og frá,
en taka sig þó fljótt.

Þótt rambi fjöll og ríði' á slig
og rymji björgum í,
þá blómin að eins beygja sig
og brosa' að öllu því. —

En hvernig stendur á því, að
það alt er laust við fár?
Er maðurinn ei meiri' en blað
og meiri' en fuglinn smár?

Ei jarðarinnar björtu blóm
né blíður loftsins her
sér hafa bakað harðan dóm,
það höfum aftur vér.

Er refsíðómur drottins þá
það dauðans þunga bann?
Á guð þá sök því öllu á,
en ekki náttúran?

Af hennar völdum voði' er sá,
það veit hvert barnið smátt.
En hana, sem ráð á öllu á,
á einnig hennar mátt.

Það leikur alt í hendi hans
og hans það bending er,
já, bending til hins breyska manns
sem bezt að gá að sér.

En ástin hans er ávalt hlý

við alla sína hjörð.
þeir litlu fuglar lýsa því
og litfríð blóm á jörð.

Hann fugla loftsins fæðir enn
og fósstrar blómin smá;
hvort annast hann þá eins ei menn,
þótt oft hann tyfti þá?

Hið sterka' er veikt, hið veika' er sterkt,
alt vilja guðs er háð;
í augum hans það alt er merkt
og alt hans falið náð.

VIII.

„Refar hafa holur og fuglar himins skýli, en mannsins
sonur hefur hvergi höfði sínu að að halla.“ Matt. 8, 20
(Lúk. 9, 58).

„Ef vér höfum fæðu og skýli, þá látum oss nægja.“
1. Tim. 6, 8.

Oft er lífið allþungt stríð,
ægilegt að reyna.
Þetta sýnir þessi tíð;
þó skal ekki kveina.

Hafa refar hæli' og skjól,
himins fuglar skýli;
eigum vér nú ekkert ból,
öll eru rofin býli.

Vor er niður brotin borg,
burt er flúið mengi.
Þó skal ekki sít né sorg
sigrá hrausta drengi.

Oft hefur drottins Ísrael
undan plágum flúið,
framar vonum farnast vel,
fólk í tjöldum búð.

Hvar nú skulu hér í kvöld
herbúðirnar standa?
Hér er völlum. Hvar eru tjöld?
Hús ei þarf að vanda.

Átti hvergi hvíldarstað
herrann að að snúa.
Vandara' oss er varla það,
vér hvar skulum búa.

Nú ei tíð að æðrast er,
ærið fátt þó höfum;
sleppa' að sinni verðum vér
vanans gömlu kröfum.

þarna' er dúkur, þarna' er fjöl,
þarna' er allgóð spýta.
Ef ei gefst á öðru vól,
er það gott að nýta.

Sannarlega segja má
sé það lakur skúti,
að ei hann, ef harðnar á,
hollari sé en úti.

Hægt er að sleppa háska úr,
hrynji skálinn niður.
Verra' er, á ef skellur skúr,
skammur þá er friður.

Ef í búð ei unum vér
eða vera þorum, —

fagur salur hvelfist hér
hæðum yfir vorum.

Ei er hætt að hrynji sá,
hann mun traustur standa.
Ef hann hrynur, — eigi þá
sbúð þarf að vanda.

Ei er búð sú þröng né þungt
þar að draga anda;
feiknar-rúm er, ferskt og ungt
finst oss loft að vanda.

Mjög er fagur salur sá,
silkitjöldum skryddur;
grænn er dúkur gólfi á,
glitvef dýrum prýddur.

Hvelfist yfir hvelfing blá,
hvelfdum undir boga
ljósa hjálmi háum á
hundrað smáblys loga.

Geymslurúm má nota' í nauð,
nóg er rúmgott inni;
svo á mikinn enginn auð,
að þar rúm ei finni. —

Kveikja þarf upp úti eld
eftir vosbúð stranga;
ef hann rignir ekki' í kveld,
al. al það mun ganga. —

Dögur viss þó úti er,
ef svo stundur lengi.

Karlmannlegt og kalt er hér
knáa fyrir drengi.

Veik er sumum heilsan hjá.
Hvar mun þetta lenda?
Guð mun sjálfur geyma þá,
gefa sælan enda.

Þó að fari haust í hönd,
hvergi kvíðum vetri.
Guð mun efnin greiða vönd,
gefa tíðir betri.

Enginn veit, nær alt er nóg,
að því skyldum hyggja.
Best er að hafa' í hjarta ró,
hana' á drotni byggja.

Annast guð sinn Ísrael,
eftir voðagrandið
hann oss leiðir heila vel
heim í góða landið.

IX.

„Guð! þú útskúfaðir oss, þú tvístraðir oss, og reiður varstu.
Kom þú aftur til vor. Þú lézt jörðina nötra og rifna;
lækna þú hennar sprungu, því hún skelfur.“
Sálm. 60, 1. 2.

Heyrist voði' úr áttum öllum,
undir tekur hátt í fjöllum.
Dynur hlíf og duna grundir,
djúpt í jörðu tekur undir.
Hjörtun einnig anza því.

Alt af heyrir undir dynja,
öðruhverju björgin hrynja.
Þessar miklu þungu dunur
þykja mér sem jarðar stunur
hjartarótum hennar frá.

Alt af heyrir fleira' og fleira,
ýsir mig ei heyra meira.
Hvar mun þetta loksins lenda?
Lát það, drottinn, bráðum enda.
Kom þú aftur nú með náð.

Reiður, drottinn, enn þá ertu,
cigi lengur reiður vertu.
Þessum hryðjum láttu linna,
lít í náð til barna þinna.
Gef oss aftur frelsi' og frið.

Landið hristist, grundir gnötra,
gnúpar skjálfa, klettar nötra.
Hjartað berst og taugar titra,
tár í mörgum augum glitra.
Hrærist þá ei hjarta þitt?

Hræði jörð þinn kynja-kraftur,
kyrri hana náð þín aftur.
Þú, sem stöðvar straum og vinda,
still þú einnig fjallatinda.
Friða þú og frelsa land.

Hjör þinn var svo heljar-þungur,
hjóst þú margar djúpar sprungur.
Græð þú sárin grænna hlíða,
græð þú sár, er hjörtum sviða,
góði meina græðarinn.

þú, sem jörðu harða hrærðir,
heljar-miklu björgin færðir,
hrært þú getur hjörtun veiku,
höfga létt af brjósti smeyku.
Hrærðu þannig hjörtu vor.

Virstu, guð, vor hjörtu' að hræra,
hjörtun bljúg þér lát oss færa,
trúa, vona, biðja' og bíða
betri kjara, sælli tíða.
Hræring slíka hjá oss vek.

Sólargangur sífellt lækkar,
sólin þinnar líknar hækkar;
kyrrist jörð og kippum fækkar,
kviknar vonin, trúin stækkar.
Lof sé þér, minn góði guð!

X.

„Heimskinginn segir í sínu hjarta: Það er enginn guð til.“
Sálm. 14, 1 (53, 1).

„Verið þar fyrir vakandi, því þér vitið ekki daginn né
stundina.“
Matt. 25, 13.

Í hjarta sínu heimskur maður segir:
„Ég held ei guð sé til, nei, það er frá.“
En drottins verk hann daglega þó eygir,
hans dýrðar-undur mörg og stór og há.
Þú heimtar teikn;—þau tala á hverjum degi,
hvort trúir þú þá, vesall maður, eigi?

Hver hefur myndað heiminn allan forðum,
þá hnatta mergð og ótal sólna fjöld?
Hver heldur öllum heiminum í skorðum
og hjóli tímans stýrir öld af öld?

Hver nema guð? það enginn annar getur;
hann öllu þessu lög og takmörk setur.

Hver skekur jörð og hristir hamratinda
og hendir þrumum út um víðan geim?
Hver reisir hafð, sendir voða-vinda,
og veltir öldum, leikur sér að þeim?
Það guði einum alt er fært að gera, —
og enginn guð er sagður til að vera!

Þú, fávís maður, varstu' ei var við drottin
í voða þeim, er yfir dundi hér?
Sást þú ei þar hans mikla veldisvottinn,
og var það ekki teikn, sem nægði þér?
Hví sagðir þú, — er brest þú heyrðir háan:
„Guð hjálpi mér!“ og trúir þó ei á hann?—

En hvað er þessi heljarmikli voði
mót heimsins slitum, sem var fyrr um spáð:
Mun þetta vera þeirra fyrirboði?
Nei, það er lítið sýnishorn í bráð,
ein lítil skúr mót hörðum þrumuhríðum,
einn hægur blær mót fellibyljum stríðum.

Sú kemur tíð, að dómsins lúður dynur,
í dauðans ótta skelfur haf og land.
Sú kemur tíð, að hrapar alt og hrynur,
og háar borgir falla niður í sand.
Þá verður eigi undan hægt að flýja
og eigi hægt að reisa bæi nýja.

Sú kemur tíð, að fósturlandið fríða,
er fyrr á öldum reis úr djúpum sjá,
í undirdjúpið aftur hverfur víða,
því alt fer þangað, sem það kemur frá.
Af eldi kviknað alt mun síðar brenna,
og öll mun jörð í glóðum sundur renna.

„En hvenær?“ spyr þú; það veit enginn, enginn,
ei utan guð, er dylur þess oss menn.
Það lokað er og lykillinn ei fenginn
að leyndardómi þeim er nokkrum enn.
En gætið yðar, ráð í tíma takið,
og teljið yðar daga, biðjið, vakið.

Þér kvartið um, að ei þér sofið getið
af ótta fyrir titringnum í jörð.
En það að vaka vel þó framar metið,
svo varbúnum ei mæti skelfing hörð.
Já, verið gætnir, vakið, skoðið hagin;
þér vitið ekki stundina né daginn.

XI.

„Sannlega segi ég yður, að hvað þér gjörðuð við einn af
þessum minstu bræðrum mínum, það hafið þér mér gjört.“
Matt. 25, 40.

„Hver sem tekur á móti þvílíku barni fyrir mína skuld,
hann tekur á móti mér.“ Matt. 18, 5 (Lúk. 9, 48).

„Þessi fátæka ekkja hefur meira lagt í fjárhirzluna en allir
hinir.“ Mark. 12, 43 (Lúk. 21, 3).

Svo ótal margt er orðið breytt:
ei að eins landið hér og hvar,
ei að eins hagur yfirleitt,
ei að eins bygðirnar.

Til skaða samt það alt ei er,
þess einnig gæta skyldum vér;
það hefur sumt til bóta breytst
og blessun margföld veitst.

Vér harðlæst ætlum hjörtun þrátt
og hyggjum fátt um kærleikann;
þau opin sjást nú upp á gátt
og ótæpt veitist hann.
Í myrkri bezt nú maður sér,

að margur góður drengur er.
Sá lykill fanst í landskjálftum,
sem lauk upp augunum.

Það drífa' að menn úr allri átt
og óspart leggja' á verkið hönd,
svo aftur rís upp bygðin brátt
og bætast meinin vönd.
Og klæðnað börnin fátæk fá
og fóstur jafnvel mörgum hjá.
Af barna-vögnum löng er lest,
slík lest ei fyrr hefur sést.

Frá öllum stéttum allt um land,
úr öllum sveitum „vítt og breitt“
að streymduhjálpi, að hefta grand,
af huga ljúfum veitt.
Og eyri sinn lét ekkjan snauð,
sem átti varla daglegt brauð.
Og barnið vildi vera með
að veita hjálparféð.

Og erlendis frá ótal manns
kom einnig hjálpin stór og smá.
Vor konungur síns kæra lands
af kærleik mintist þá.
Og landinn fyrir handan haf
af hluttekningu sízt ei gaf;
vér honum stöndum hjarta næst,
þótt hann oss búi fjærst.

Oss margt var byrjað beiskt og ramt;
vér biðjum guð að forða því.
Með gleði má þess minnast samt,
hvað mannástin var hlý.
Að guð á marga góða menn
vér getum séð af þessu enn,

En gleymum því þá ekki ört,
sem oss er vel til gjört.

Þótt gleymum vér, ei gleymir hann,
sem góðverk hvert er mikilsvert,
sem alt, er snertir aumstaddan,
sér álitur sé gert, —
sem blíður vitni bar um það,
að börn ef taka menn sér að,
þá sér þeir taki sjálfum mót
og sýni vinahót.

En blessuð einföld börnin smá,
þau biðja', að hræring komi' á ný,
í von um slíka vist að fá,
sem voru þau fyrr í.
Ei vita þau, hvers biðja ber, —
oss börnum eldri títt svo fer,
sem oft ei viljum þýðast það,
að þiggja betri stað.

Það oss er mjög til unaðar,
að úti' um gjörvöll kristin lönd
vér eigum bræður alstaðar
með örva líknar-hönd.
Í hjálparvon þó ei það er,
því ó að slíks ei þyrftum vér!
En oss það sýnir eina hjörð
og eitt guðs ríki' á jörð.

XII.

„Ég stóð upp og gekk niður í dalinn, og sjá, þar stóð dýrð-
in drottins.“
Esek. 8, 23.

„Ef þú byrgir þitt auglit, þá skelkast þær; ef þú tækur þinn
anda frá þeim, þá deyja þær og hverfa aftur í duftið. Þú
sendir þinn anda, þær skapast og þú endurnýjar mynd
þeirrar.“
Sálm. 104, 29, 30.

„Fjöllin færast úr stað og hálsarnir ríða, en mín miskunn-
semi við þig skal ekki úr stað færast og minn friðarsátt-
máli ekki raskast, segir drottinn, þinn miskunnari.“
Esaj. 54, 10.

Nú sól er upp runnin og sumar er bjart,
nú sigur er unninn, þótt stríð væri hart.
Nú dúr taka fjöllin af dansinum móð,
það dagaði' upp tröllin, sem ógnuðu þjóð.

Nú alkyrr er jörðin, hún orðin er stilt,
nú andar guðs hjörðin svo létt og svo milt;
það velt er af bjargi', er á brjósti' hennar lá,
og burtu velt fargi, sem hvíldi þar á.

Nú hlífarnar glóa svo hýrar á brá
og holsárin gróa þeim brjóstunum á;
nú grundirnar ljóma svo glaðar á ný
og grasið í blóma vex dölunum í.

Nú lindirnar sitra með ljúflegum klið,
ei lengur þær titra með skjálfandi nið.
Þær loft spegla tærar og lausar við gróm
og ljóma svo skærar sem náttöldögguð blóm.

Nú rústunum fækkar og rutt er þeim frá,
og risið, það hækkar nú býlunum á;

í hásumar-blænum þau brosa við sól
und brekkunum grænum, þar friðsælt er skjól.

Nú létt er af hryðjum og hagléljaskúr,
og harðsnúnum viðjum er fólkið leyst úr.
Burt hræðslan er flúin og farin á braut,
í fögnuð nú snúin er hörmung og þraut.

Nú grædd eru sárin, þótt enn séu ör,
og afþerruð tárin og við lifnað fjör.
Það greiðst hefur hagur og glæðst hefur trú,
því gleðinnar dagur hjá mörgum er nú.

Og til er nú friður þars fyrrum var stríð,
það fljótt lagðist niður á mæðunnar tíð.
Sem vinir þeir finnast, sem vildu' ekki sjást,
og varla þess minnast þeir nú fyrir ást.

Það margt er að vísu, sem amar að enn,
ei alsæla þríska má dauðlega menn;
en léttara finst það hjá fólkinu nú
og fljóttara vinst það með þolgæði' og trú.

Ef lýsingin fegri en ástandið er
og ununarlegri ég söguna ber,
þá er það af gleði' yfir unninni þraut,
því óttinn úr geði nú horfinn er braut. —

Vér göfgum þig, faðir, sem leystir þinn lýð,
og lofum þig glaðir á fagnaðartíð.
Þú jörðina kyrdir, sem titraði títt,
vor trúfasti hirðir, þitt auglit var blítt.

Ef auglit þitt felur þú, hræðist alt hold,
og hvað, sem ei elur þú, verður að mold.

Ef anda þinn sendir þú, yngist þín hjörð,
og óðara' en bendir þú, ný verður jörð.

Við fárrömu grandí, vor faðir, oss hlíf,
gef frið vöru landi, og geym þú vort líf.
En einnig vér felum þér annara lönd;
alt annast svo vel um þín miskunnarhönd.

Þótt háfjöllin riði, ei hreyfist þín náð,
það haggar ei friði, sem þú hefur skráð;
þín miskunn ei færir og flyst ei úr stað,
þinn friður ei bærir hið minnsta við það.

QUO VADIS?

FYRIRLESTUR

EFTIR

FRÍÐRIK J. BERGMANN.

I.

Gömul munnmælasaga úr fyrndinni segir, að postulinn Pétur hafi, skömmu áður en hann gjörði nafn drottins dýrðlegt með kvalafullum píslarvættisdaða í Rómaborg, þegar hann eitt sinn var á gangi fyrir utan borgina, séð svip nokkurn koma til móts við sig, sem hann í fyrstu ómögulega fékk skilið, hvað vera mundi. Svipurinn nálgast hann æ meir og meir, þangað til hann gengur úr skugga um, að þetta muni enginn annar vera en frelsarinn sjálfur, sein komi þarna til móts við hann. Hann á þá von á því, að frelsarinn muni ávarpa hann, en verður þess brátt var, að hann ætlar að ganga fram hjá honum, án þess að mæla nokkurt orð af munni. Hann kallar þá til hans og spyr: *Quo vadis, domine?* Hvert fer þú, herra? En þegar Pétur hefur ávarpað hann þannig, hverfur hann honum sýnum.

Ekki alls fyrir löngu kom út skáldsaga ein eftir pólskan höfund, *Henryk Sienkiewics*, sem hann kallar *Quo vadis?* Bókin er stórmerkileg og talin af bókvitrum mönnum sannur gimsteinn í bókmentalegu tilliti, enda er höfundur hennar nú orðinn heimsfrægur maður

fyrir bragðið og skipar nú öndvegi hjá aldarinnar stærstu höfundum. Þrátt fyrir mikla lengd og hátt verð hefur skáldsaga þessi verið meira keypt og meira lesin en nokkur önnur bók þessi síðustu ár. Og þessar vinsældir hefur hún unnið sér af því hún þykir sannari og betur af hendi leyst frá sjónarmiði listarinnar en flestar aðrar skáldsögur, sem lýsa einhverjum atriðum mannkynsögunnar.

Bókin lýsir ástandinu í heiminum um það leyti, er hinn alræmdi Neró keisari sat að völdum. En af því Rómaborg var þungamiðja alls heimsins þá og þar var allt ilt og gott saman komið, sem einkendi lífið um þessar mundir, dregur höfundurinn upp mynd af lífinu í þessari miklu höfuðborg hins rómverska alheimsríkis og bregður þeirri mynd upp sem annarri skuggsjá fyrir augu lesendanna, svo þeir fá séð inn í hjarta aldarinnar og lesið huldustu hugsanir hennar. Myndin, sem vér sjáum, er mynd af Rómaborg á dögum Neró keisara, en um leið meistaraleg mynd af mannfélagsástandinu öllu í heiminum. Hann sýnir oss Rómaborg, en um leið sjáum vér allt, sem liggur fyrir utan Rómaborg. Höfundurinn leiðir lesendunum sláandi fyrir sjónir andlega ástandið í hinum rúntaða heiðingja heimi, — munaðinn og nautna annarsvegar, þreytuna og fyrirlitninguna fyrir lífinu hins vegar. Hann leiðir greinilega í ljós öll þau margvíslegu öfi mannlegrar spillingar, sem urðu þess valdandi, að mannfélagsbyggingin og heimsdrotningin rómverska hrundi um sjálfa sig.

Að því leyti er myndin ákaflega myrk. Ég man ekki til, að nokkur bók hafi gjört myrkrið í mannlífinu eins þrungið af skelfing í mínum augum, — hið andlega svartnætti, sem lagt getur yfir jörðina og grúft yfir henni með svo miklum þunga eins og enginn dagur sé

nokkur tíma væntanlegur. Og ég man ekki til, að ég hafi nokkur tíma orðið eins hræddur við svipina, sem ferðast fram og aftur í þessu náttmyrkri, — mennirnir hafa aldrei orðið að öðrum eins ófreskjum í augum mínum, ég hef aldrei verið eins nærri því að trúa, að þeir geti orðið að reglulegum djöðum. Bókin getur gjört þann myrkfælinn, sem annars er það ekki, — myrkfælinn við hin djöfullegu öfl, sem til eru í mann-
eðlinu, og gagntekinn af skelfingu út af þeim bölþrungnu örlögum, sem legið geta fyrir mönnunum, hve nær sem hið illa verður algjörlega ofaná.

En til allrar hamingju lýsir bókin ekki einungis þessu. Engin nótt er svo myrk, að ekki sjáist einhver stjarna. Og stjarnan bendir á ljósheim hinum megin, sem að lokum muni vinna sigur. Höfundurinn bendir þá líka á þá stjörnu, sem blikaði á þessum svartnættis-
himni. Og af því honum hefur tekist að láta myrkrið verða svo óumræðilega svart, tekst honum þeim mun betur að láta dýrð þessarar einstöku stjörnu í þessum ó-
mælanlega og endalausum myrkurgeimi verða þeim mun guðdómlegri.

Þessi stjarna er trúin á frelsara heimsins og ljósið heunnar lífsafl kristindómsins, sem samkvæmt guðlegri kærleiksráðstöfun birtist á andaus himni, þegar nætur-
myrkrið var sem allra svartast.

Aðvirkilegasti þrællinn í húsum aðalsmannanna og auðkýfinganna, sem sofa á daginn, en velta sér í ofnautn á nóttunni, heyrir einhvern sér jafnauman nefna nafn mannkynsfrelsarans í einhverri hálfðimmri strætissmugu og segja frá því, hvernig hann lét líf sitt aumingjunum til hjálpræðis. Hann fer heim til sín með ljós svo hjart í hjarta sínu, að hann upp frá þeirri stund er langsæl-
astur allra þeirra, sem á heimilinu eru. Samþjónarnir

sjá það. Húsbændurnir veita því eftirtekt. Hér er kominn nýr maður, sem ekki fer með svik, segir ekki ósatt, hefur ekki ljótan munnsöfnuð. Það er gengið á hann, stundum með góðu, stundum með hörðu, að hann segi frá leyndarmáli sínu. En hann bíður hentugs tíma. Þá trúir hann einhverjum öðrum fyrir leyndarmáli hjarta síns. Svo berst það eins og birta ljóssins berst, úr sálum aumingja þrælanna, sem nú eru ekki þrælar lengur, til barnanna, til móðurinnar, ef til vill til lífsþreytta aðalsmannsins sjálfa, sem hatar lífið og er sannfærður um, að tilveran sé ill, — og það beygir hjarta hans og sveigir huga hans inn á betri leiðir.

Jafnvel innanum spillinguna og skelfingarnar í keisarahöllinni sjálfri, þar sem enginn var óhræddur um eigið líf sitt, átti frelsarinn fleiri játendur en nokkur rendi grun í. Þegar Páll postuli ritar söfnuðinum í Filippí úr fangelsinu í Rómaborg, segir hann eins og kunnugt er: „Yður heilsa allir heilagir, en einkum keisarans heimilismenn.“ Munu þá ekki Filippíborgarmenn hafa spurt sjálfa sig líkt og Pétur spurði, þegar hann sá frelsarann ganga inn í hina spiltu keisaraborg: „*Quo vadis, domine?*“ Hvert leggur drottinn leiðir sínar?“

Fjöldi af bókum hefur ritaður verið nú um margar aldir um sama efni. En að líkindum hefur aldrei neinum höfundur tekist eins vel og þeim, sem hér er um að ræða, að leiða öllum almenningi manna fyrir sjónir þetta mikilfenglega tímabil mannkynsögunnar og gjöra það ljóst og skiljanlegt. Það var eitt hið þarfasta verk, sem unt var af hendi að inna. Það er þá eigi unt að færa efunargjörunum og vantrúuðum nútíðarmönnum heim sanninn um hið ómótstæðilega afl kristindómsins, ef ekki með því að koma þeim í skilning um það, sem þá

skeði. Bókin er eitt af hinum gleðilegu teiknum tíma-
anna og viðtakan, sem hún hefur fengið, ekki síður.
Skilningur höfundarins á kristindóminum og þýðingu
hans er eins glöggur og best má verða og lotning hans
fyrir krafti trúarinnar óumræðilega djúp. Hér höfum
vér því fyrir oss eitt af hinum fagnaðarriku teiknum í
heimi nútíðarbókmentanna, sem bent var á í fyrirlestri,
sem haldinn var á kirkjuþingi ekki alls fyrir löngu.*)
Ásamt mörgum öðrum bókum, sem komið hafa fram á
markað heimsbókmentanna síðan, er hún ljós sönnun
þess, að það, sem þar var tekið fram, var ekki úr lausu
lofti gripið.

II.

Þessi spurning—*quo vadis?*—gengur annars gegn-
um alla mannkynssöguna. Hvar leggur drottinn leiðir
sínar? Ég fæ ekki betur séð en það sé hið eiginlega ætl-
unarverk hennar að svara þeirri spurningu. Hún segir
frá leiðum drottins í lífi mannanna, — hvernig hann
gengur út og inn, hvernig hann kemur og hvernig hann
fer, hvernig hann fæðist og hvernig hann lifir og hvern-
ig hann deyr í lífi þjóðanna og einstaklinganna.

Þér hafið eflaust veitt því eftirtekt, hve hátt hið
ílla hefur ætíð um sig í heiminum. Það ber oft og tíð-
um svo sem ekkert á öðru. Hugsíð um þetta tímabil
mannkynssögunnar. Hugsíð um ástandið andlega í
rómverska ríkinu á dögum Neró keisara, — veizlurnar,
brennurnar, blóðstéthellingarnar, pyndingarnar, — sá,
sem lifir í dag, veit ekki nema líf hans verði í höndum
böðulsins áður næsti dagur rennur. Aldrei hafa líf
mauna og eignir verið í öðrum eins hershöndum og þá.

*) Teikn tímaanna. Aldamót 1895.

Aldrei hefur verið meiri ástæða til að ætla, að hið illa væri gjörsamlega bóíð að fá yfirhönd en þá.

En einmitt þá, á þessari skelfingaröld, er afl hins góða að læsa sig úr einni mannsál og í aðra. Það hefur ekki hátt um sig, lætur eiginlega ekkert til sín heyra; aldarinnar spekingar vita ekkert um það; það auglýsir ekkert, hvert ferðum þess sé heitið, gengur þegjandi leið sína. Öll sterkustu öflin, sem vér þekkjum, eru þögul og hulin öð. Þyngdarlögmálið hefur ekki hátt um sig. Það gjörir ekki mikinn skarkala í heiminum. Þó heldur það himintunglunum í jafnvægi og spennir hinum sterku greipum sínum utanum ella hina líkamlegu tilveru. Eins rafurmagnið. Það gjörir ekki næsta mikið vart við sig. Þó gjörir það kraftaverk og á eftir að gjöra enn fleiri.

Á engu afli ber í rauninni jafnlitið og kristindóminum. Sannur kristindómur er aldrei hávær, og þó er hann stöðugt á ferðinni, sífellt starfandi, heldur aldrei kyrru fyrir. Alt lífið er á stöðugri rás. Og að því leyti fylgir hann hinu almenna lögmáli lífsins. Hann nemur aldrei staðar á midri leið, sest aldrei í helgan stein; það kostar hann lífið. Hann gengur þegjandi inn til borgarinnar, og áður en nokkurn varir er hún á hans valdi.

Þegar hann er á framrás í lífi þjóðanna, — ekkert fagnaðarefni er annaðeins til og að fylgja honum á þeirri þögulu sigurför. Hann gengur mann frá manni með boðskap sinn, skilur eftir nýjar hugsanir hjá honum eins og auðugur maður skilur eftir einn gullpeninginn á fætur öðrum, þar sem hann ferðast. Og þessar nýju hugsanir, sem hann skilur eftir, brjótast um í sálu mannsins og bylta öllu til, svo alt verður nýtt og hann þekkir naumast sjálfan sig. Alt hið göfugasta hjá honum rís upp og gengur í þjónustu þessara nýju hugsana. Það, sem heillaði huga hans mest áður, verður nú ljótt

og þýðingarlaust. Það, sem heillar huga hans nú, er hið góða sjálft, lávarður sannleikans sjálfur, hann, sem gekk í kring og gjörði gott. Hann er nú að kalla á þennan einstakling eins og hann kallaði á þá Pétur og Jóhannes forðum. Svona gekk það til, þegar kristindómurinn ruddi sér til rúms í rómverska ríkinu. Svona hefur það gengið hvervetna, þar sem hann hefur komist til valda í lífi einhverrar þjóðar.

Þá er það ekki síður fagnaðarefni að veita því eftirtækt, hverjir það eru meðal þjóðanna, sem trúin á frelsara heimsins festir beztar rætur hjá. Það eru starfsmennirnir, þeir sem mest hafa að gjöra og mest verða á sig að leggja, þeir sem ákafastir og áhugamestir eru um að koma einhverju til leiðar í lífinu, menn, sem hafa fastar, ákveðnar stöður, vinna baki brotnu til að standa vel í þeim, og finna mest til ábyrgðarinnar, sem á þeim hvílir. Það eru þeir menn nokkurnveginn undantekningarlaust, sem kristindómurinn hefur fest beztar rætur hjá. Það eru með öðrum orðum nýtustu mennirnir, þeir, sem bera framfaralíf þjóðar sinnar á herðum sér, þeir, sem finna, hvíllk ábyrgð á þeim hvílir þar sem um heill og velferð er að ræða, og ekki láta líf sitt lenda í hálf-sjúku, aðgjörðalausum grufi. Astur er hinum gjarnt til að láta hugann hneigjast frá kristindóminum, sem lítið hafa fyrir stafni, en horfa grufandi út í hláinn, enga ákveðna stöðu hafa og lítið finna til þeirrar ábyrgðar, sem lífinu er samfara. Það er eins og þeim gleppist sjón og tilgangur lífsins og þýðing verði þeim óskiljanleg ráðgáta.

Og enn er það stórt og mikið fagnaðarefni að veita því eftirtækt, hvíllkt starfsfjör og hvíllkan mátt til öflugra framkvæmda kristindómurinn hefur gefið þjóðunum. Það er ekki lítið fagnaðarefni að geta bent á þá ó-

tvíraðu staðhöfn, að þær þjóðirnar, sem bezt hafa orðið kristnar, hafa afkastað langmestu í mannkynssögunni. Heiðingjaheimurinn er nú sögulaus og aðgjörðalaus heimur og myndar einskonar dipt úthaf utanum hinn kristna heim, þar sem engin sigling á sér stað. Menning kristnu þjóðanna stendur í ákveðnu hlutfalli við kristindóm þeirra. Þær þjóðirnar, sem eignast hafa kristindóminn í sannastri mynd, eru líka langlengst komnar í menningarlegu tilliti. Þær þjóðirnar, sem minnsta rækt hafa lagt við kristindóminn, eru orðnar á eftir í siglingunni. Kristindómurinn hefur einhvern leyndardómsfullan mátt í sér fölginn til að gjöra mennina að dugandi mönnum. Heiðnin eða með öðrum orðum vantrúin lamar hið meðfædda starfsfjör mannsins og kennir honum smánsaman að hugsa sem svo: Til hvers er að þreytast og sveitast, þegar launin að lokum eru engin?

III.

Snúum nú huga vorum að voru eigin litlu þjóðlífi. Þegar kristnin var leidd í lög í landinu árið 1000, voru ekki nema örfáir menn kristnir, heiðingjarnir að minsta kosti margfalt fleiri, og kristindómur þeirra fáu, sem við honum höfðu tekið, mjög svo ófullkominn. Kristnið, sem rekið hafði verið í landinu, hafði verið svo aumt sem mest mátti verða. Að líkindum hefur Friðrik biskup frá Saxlandi verið st. af kristniðunum, sem bezt hefur skilið kristindóminn og lengst hefur verið kominn á leið í því að vera kristinn maður. En hann kunni ekki að mæla íslenska tungu og hefur því að mjög litlu leyti getað gjört sig skiljanlegan. Hinir vðrir, sem kristniðuðu á Íslandi, virðast mjög lítinn skilning hafa haft á kristinni trú, verið heiðnir í hjarta, þótt þeir fyrir rás viðburðanna hefðu látið skírast, af því sú sannfæring

hafði rutt sér til rúms, að heiðnin mundi vera komin á fallandi fót, en kristindómurinn verða framtíðarinnar trúarbrögð. Úrskurður Þorgeirs Ljósveitningagoða er ekkert annað en bráðabirgðar-tillaga hyggins manns um að fólkið í landinu skuli hér eftir bera kristið nafn. Íslendingar skuli hér eftir heita kristin þjóð,—ef hin nýja trú beri sannleikann í skauti sínu, muni hún á sínum tíma bera sigur úr býtum. Það var tilraun til að halda þjóðinni í skefjum, láta ekki deilurnar út af trúarbrögðunum verða að almennu borgarastríði í landinu. Vanalega vænta menn sér ekki góðs af öðru eins samkomulagi og þessu. Enda sýnir Sturlungaöldin, sem er baráttuöld hinna kristilegu og heiðinglegu hugmynda í landinu, á hve ótryggum grundvelli þetta samkomulag var byggt.

En þrátt fyrir svona óvænlega byrjun verður kristindómurinn á tiltölulega skömmum tíma algjörlega ofan á lífi þjóðarinnar og þjóð vor ekki öllu lakar kristin þjóð en aðrar þjóðir á þeim tímum. Og þennan mátt hefur kristindómurinn til að læsa sig inn í hjörtun og rýma heiðninni út, þrátt fyrir það, hve aumlega hann var fluttur þjóðinni og hve ónýtt það kristniboð virðist hafa verið, sem rekið var í landinu.

Ég fæ ekki betur séð, en að hin fyrsta kirkjusaga Íslands sýni hið sigursæla afl kristindómsins eins vel og nokkurt annað atriði kirkjusögunnar. Það var í sannleika eins mikið kraftaverk, að kristindómurinn skyldi geta beygt hina hrikalegu, en stórgáfuðu víkingslund og það, að honum tókst að sveigja anda Grikkja og Rómverja iun á snar leiðir. Það er ekkert síður eftirtektarvert, þegar Íslenzku söguritararnir bera kveðju frá Njáli Þorgeirssyni og Þorkeli Mína og Halli af Síðu, en þegar postulinn Páll skilar kveðju frá heimilismönnum keis-

arans. Þegar drottinn sjálfur kemur til móts við oss út við yzta heimskaut, höfum vér engu síður en Pétur á staðu til að spyrja með undrun og lotning: Quo vadis, domine? Leggur þú einnig hingað leiðir þínar, drottinn?

IV.

En svo verðum vér líka að muna eftir öðru. Saga kristindómsins er ekki saga tómra sigurvinninga. Vér mundum vist allir óska að svo væri. En vér megum aldrei gleyna því, að kirkjusagan er að miklu leyti harmasaga, — ein hin allra átakanlegasta harmasaga, sem mennirnir þekkja. Hún segir ekki einungis frá kristindóminum í framrás, heldur líka frá kristindóminum í afturför. Hún segir ekki einungis frá því, hvernig mennirnir falla honum í faðm, heldur einnig frá því, hvernig einstaklingar og þjóðfélög slíta sig úr faðmi hans, ýmist að hálfu leyti eða öllu. Kirkjusagan segir oss frá því, hvernig birtir til í löndunum við komu kristindómsins, og það er óumræðilega fagnaðarríkur kaffi. En hún segir oss líka frá því, hvernig smámsaman dimmir hér og þar í kristilegu tilliti, og það er óumræðilega harmþrunginn kaffi. Hvorttveggja hefur átt sér stað á undanförunum öldum. Hvorttveggja á sér stað svo að segja fyrir augum vorum þann dag í dag.

Látum huga vorn hvarfla til Litlu Asú, hinna blómlegu stöðva kristindómsins í fornöld, þar sem trúin á frelsara heimsins fyrst breiddist út, þar sem postulinn Páll sáði og gróðursetti, en Jóhannes vökvaði og varði, — lands hinna sjö gullnu ljósastikna, þar sem frelsarinn var sjálfur á meðal sinna og hélt hinum sjö stjörnum safnaðanna í hendi sér. Hvað er nú orðið af hinum sjö borgum, sem bréfin dýrðlegu í Jóhannesar Opinberunar-

bók eru stýluð til? Hvað er nú orðið af kirkjunum, sem með gnæfandi turnum bentu fólkinu til himins?

Hvað er nú orðið af hinni gömlu og nafnfrægu höfuðborg Íóníu við fljótið Kaystros. — Efesus —, þar sem Páll hafði prédikað og grátið um þriggja ára tíma, Akvílas og Priskilla þjónað söfnuði drottins, Tímóteus barist gegn ævintýrum og endalausum ættartölum, Jóhannes, hinn heilagi guðfræðingur, flutti kærleikans kenningu með eld af himni í orðum sínum, unz bein hans hnigu í jörðu um leið og sól hinnar fyrstu aldar seig í æginn? Árið 1307 er hún lögð í eyði af tryltum og blóðþyrstum herskörum Múhameðstrúarmanna. Nú stendur á þeim stöðvum aumt og fátæklegt þorp, sem *Ajasoluk* heitir, og kemur fróðum mönnum saman um, að það sé dregið af hinu gríska auknefni Jóhannesar guðspjallamanns: *hagios peologos*. Sé það svo, munu það vera nokkurnveginn einu leifarnar af kristindóminum, sem þar eru eftir. Það má svo heita, að nöfn þessara frægu borga, þar sem heimsmenningin eitt sinn hafði reist sín göfugustu musteri, séu afmáð úr sögunni, kirkjurnar kristnu fyrir löngu hrundar til grunna. Nú þylur fólk-ið á þessum stöðum í „kóraninum“ í stað þess að lesa guðspjallið dýrmæta, er sá lærisveinn, sem Jesús elskaði, skráði. Það nefnir nafn *Allo*, en ekki nafn Jesú Krists og myrkur grimmustu örlagatrúar hvílir yfir sálum þess.

Hvernig líður borginni, sem Konstantínus keisari hinn mikli bygði við Bosporus og gjörði að höfuðborg rómverska ríkisins, eftir að hann hafði með lögum ákveðið, að kristindómurinn skyldi vera hin opinberu trúarbrögð? Hvað er orðið af Sofíukirkjunni, þar sem Jóhannes Kryssostomos (gullmunnur), ef til vill hinn mælskasti maður, sem nokkru sinni hefur talað frá

kristnum prédikunarstól, flutti náðarboðskapinn með svo guðlegum hita, að neistar hrutu af orðum hans, og af svo mikilli einurð, að hann talaði um þá Heródías, sem aftur væri farin að dansa, meinandi með því enga aðra en hina völdugu keisarafrú sjálfa? Kirkjan stendur þar að sönnu enn þá. En þar er enginn Jóhannes, sem prédikar, enginn kristinn söfnuður, sem biðst þar fyrir. Þessi helgidómur drottins hefur ótal sinnum verið vanhelgaður og saurgaður og fótum troðinn. Hann hefur um margar aldir verið musteri Múhameðstrúarmanna, sem gjört hafa þessa blómlegu borg, þessa aðra höfuðborg kristinnar, að ræningjabæli,—að banvænni pestkveikju fyrir siðferði þjóðanna og líf.

Og Rómaborg, borgin eilífa við Tíberfjótið, sem allur heimurinn eitt sinn laut, ekki einungis á dögum hinnar heiðnu fornaldar, þegar hún hélt allri jarðarkringlunni í járngreipum með legiónum hermanna sinna, heldur miklu seinna, eftir að Gotar og Húnar og Vandalir höfðu traðkað á marmaranum hennar og brytjað niður hinar hraustu rómversku legíónir. Þá reis hún aftur úr rústum og gjörðist höfuðborg heimsins í annað sinn, — andleg höfuðborg. Og aldrei sýndist hún auðugri og óttalegri en þegar hún hélt þrettán hundruð ára afmæli kristindómsins og klerkarnir rökuðu gulli pílagrímma inn í fjárhirzlu hennar, án þess lengur að geta komið nokkurri tölú á þau óskaplegu auðæfi. Á meðan á því hátíðahaldi stóð kom páttinn, Bónifácíus áttundi, einn daginn fram fyrir manngrúann, er sami var kominn í borginni, í fullum páfaskrúða með hina þreföldu páfakrúnu á höfði og annan daginn í keisaraskikkju og með keisarakrúnu, táknandi þannig, að allt mannlegt fullveldi, bæði andlegt og veraldlegt, væri í höndum hans. En þegar sami páttinn þremur árum seinna var staddur í

Anagni, var hann tekinn fastur að ráðum Filippusar fríða og settur í fangelsi. Og um leið var Rómaborg lostin þeim kinnhesti fyrir andlegar og veraldlegar valdadröfur sínar, sem hún hefur aldrei síðan náð sér eftir.

Hugsíð um þessa miklu höfuðborg heimsins nú, hve hruun og hrörleg hún er orðin, hve máttur hennar er þorrinn, hve lítil áhrif hún hefur nú á örlög þjóðanna, hve afvana hún og páfádómurinn er orðinn, þegar þau leggja orð í belg. Valdið er runnið úr höndum hennar. Hún er ekki nem skuggi hjá því, sem hún-eitt'sinn var.

Éða hugsíð um Spán, sem nú er á hvers manns vörum. Það var eitt sinn, að Spánarveldi lyfti höfðinu hátt og bar ægishjálmi yfir öllum þjóðum heimsins. Karl 5. ætlaði sér að endurreisa hugmyndina um alheimskeisara-dæmi. Konungarnir á Spáni voru kallaðir „katólskir“ um fram aðra menn, sökum þess, hve páfanum þótti þjóðin rétttrúuð í heild sinni. Þess vegna náði líka rannsóknarrétturinn — hin hryllilegasta stofnun, sem nokkur tíma hefur komist á fót í kristninni — þar beztum blóma. Gull og silfur streymdi inn í landið í ógurlegum dyngjum og jafnvel akkeri herskipanna voru smíðuð úr silfri.

En þrátt fyrir allt þetta er veldi Spánverja þegar fyrir löngu brotið á bak aftur, ekki af neinu útlendu heirvaldi, heldur einungis af þeirri spillingu, sem upp kom meðal þjóðarinnar sjálfar. Nú sýnist hið spánska veldi vera að falla um sjálft sig, einungis vegna þess, að því hefur verið misbeitt til kúgunar og kvalar. Það hefur gjört hag þegnanna aumri, en ekki betri, gjört þá vansælli og verri, sem það átti að vernda og bæta.

V.

Hver hefur nú verið hin hulda undirrót til allrar þessarar hnignunar? Hvaða allsherjarlög má er það, sem birst hefur í öllum þessum byltingum sögunnar? Ekkert annað en höndin drottins, sama höndin, sem látið hefur kristindóminn sigra á öllum þessum stöðum, látið hann blómgast og verða til margfaldrar blessunar, látið hann verða að sönnu lífsins teikni í öllum þessum þjóðfélögum. En er þá hönd drottins mislynd orðin? Lætur hún blessun snúast í bölvun að orsakalaus? Nei, höndin drottins er hin sama í gær og í dag og að eilífu. Mannkynsagan er stöðugt áframhaldandi dómur réttlætisins yfir mönnum og þjóðum. Hún er óslítandi staðfesting þessarar setningar guðs orðs: Réttlætið upphefur fólkið, en syndin er þjóðanna skömm.

Á öllum þeim stöðvum sögunnar, þar sem vér höfum numið staðar, hafa hjörtu fólksins að meira og minna leyti snúið sér frá kristindóminum og horfið aftur til hins heiðinglega hugarfars og líferniss. Menn hafa að meira og minna leyti gleymt guði og farið að þjóna ástríðum sínum. Trúin á guð hefur orðið að guðlasti bæði í lífinu og á vörnum. Valdinu hefur verið beitt til að framkvæma ilt, en ekki gott. Menn hafa farið að keppast við að svíkja hver annan í kaupum og sölum, hætt að halda orð sín og eiða, traðkað á mannréttindum lítilmagnans, vírt helgi mannlegs lífs vettugi, gjört eignarréttinn ógildan, beitt lögunum til að fremja ólög og dómstólunum til að hnekkja rétti hins saklausa. Þeir, sem bestir hefðu átt að vera, hafa orðið verstir. Hreinleiki heimilanna hefur verið flekkaður og virðingin fyrir grandvöru líferni hefur horfið. Smámsaman hafa guðsþjónustan og trúarbrögðin aðeins orðið tælandi svika-

gylling utan uta þetta ormsmogna lif. Andlegum leiðtögum hefur smámsaman orðið sama um velferð og sáluhjálþ þjóðar sinnar. Þeir hafa með henni sokkið niður í hóg læti og munað og orðið tilfinningarlausir fyrir böli hennar og bágingum, sljóir og hugsunarlausir um alt nema eigin hagsmuni. Hugsað einungis um að leggja sem minst á sig og hafa sem minst fyrir lífinu. Breitt svo yfir og afsakað hneykslin til að baka sér engin óþægindi. Beðið þess svo rólegir, að dómisdagur kæmi og sópaði burt öllum þessum ósannindum og táli.

Það er ekkert unaðslegra umhugsunarefni til en máttur kristindómsins til að frelsa frá spilling og eyðilegging eins og hann hefur komið fram í lífi þjóðanna á öllum öldum hins kristna tímabils. En það er ekkert raunalegra til en að horfa á þennan mátt hörfandi til baka aftur á vissum svæðum og vissum tímabilum og sjá drottins blessandi náðarhönd dregna aftur. Átakanlegasti harmsöguleikurinn, sem til er eftir *Sófokles* eða *Shakespeare*, er í samanburði við það sama sem ekki neitt. Það er þó aðrei nema leikur, en þetta er hræðilegasta alvara. Og það er óttalegast ef til vill vegna þess, að þessir dómar drottins koma þegjandi. Ógæfan er lengi í undirbúningi og aðsigi. Þeir, sem opin augu hafa, ættu að geta séð hana og umflúið dag reiðinnar. En þeir loka oftast augum sínum, svo að sjáandi sjá þeir ekki og heyrandi heyra þeir ekki né skilja. Margfalt átakanlegt líka vegna þess, að hér eru það heilar þjóðir, sem hlut eiga að máli, og þúsundir manna, sem verða ógæfunni að bráð.

Hvergi hefur þetta komið jafnþreifanlega fram og í sögu Gyðingapjóðarinnar. Kærleikur drottins hefur sýnt sig þar dýrðlegastan. En hið hegndandi réttlæti drottins hefur líka komið þar óttalegast niður, af því

hún drygði sjálfsagt stærri synd gegn þeim kærleika en nokkur önnur þjóð.

En það, sem ég er að leitast við að koma inn í huga tilheyrenda minna í dag, og það, sem mig langar til að skilja eftir í meðvitund þeirra, þegar ég hef talað mitt síðasta orð, er þetta, að drottinn hafi í sögu hinna kristnu þjóða látið hið sama koma fram við þær á ýmsum tímabilum og hann lét koma fram við hina útvöldu þjóð sína, Gyðingalyð. Hann útskúfaði henni, af því hún herti hjarta sitt gegn hinni mildiríðu frelsisráðstöfun hans. Hið sama vofir yfir hverri kristinni þjóð, sem virðir vilja hans vettugi. Hann dregur blessun sína frá henni að sama skapi og hún dregur hjarta sitt frá honum. Hann hefur gjört það. Hann gjörir það í dag og hann gjörir það á morgun.

Það vofir yfir þjóð vorri á yfirstandandi tíð, ef hún snýr sér ekki til hans og auðmýkir sig fyrir honum.

VI.

Þegar vér litum kringum oss í heiminum á þessum síðustu árum 19. aldarinnar, fáum vér í sannleika rakið leiðir drottins í lífi þjóðanna nú eins og að undanfögnu og séð höndina hans, leiðandi sumar fram til sigurs, en aðrar til ósigurs, launandi sumum, en hegnandi öðrum, allt eftir því, hvort hið góða hefur orðið ofan á lífi þeirra eða hið illa.

Rennið huganum með mér til meginlandsins myrka, Afríku, og hugsið með mér um afkomendur Hams, sem forðum dró dár að föður sínum druknum og nöktum. Hafa þeir ekki ráfað naktir öld fram af öld, — lifað fremur lífi dýranna en mannanna og komist það hæst að verða þrælar annarra? Lítur nú ekki út fyrir, að landið þeirra verði frá þeim tekið af öðrum, sem betur

kunna með það að fara, eins og landið, sem vér nú byggjum var tekið af hinum upphaflegu eigendum þess, af því þeir létu það öldungis ónotað, — skógarnir ruddir, fenin ræst fram og þurkuð, banvænu loftslagi breytt í heilnæmt, og að nýr og göfugur þáttur mannkynssögunnar eigi eftir að fara fram á þessum sögulausu stöðvum? Hvað liggur nú fyrir hinum blökku bræðrum vorum, sem ekki hafa kunnað að færa sér lífið betur í nyt en þetta? — spyrjið þér. Eftir því, sem nú verður séð, liggur fyrir mörgum þeirra að snúast til kristinnar trúar og byrja lífið um leið, en fyrir fleirum að hafna henni og deyja með Indíönum og öðrum deyjandi kynflokum.

Og lítur ekki út fyrir, að hinar eldgömlu austurálfbjóðir eigi lík afdrif í vændum? Hið afar víðlenda og fornhelga kílóverska ríki virðist nú vera að þrotum komið, og bágð að segja, hver örlög kunna að liggja fyrir þeim 400 miljónum, sem þar búa og staðið hafa í stað frá ómuna tíð og látið sér fara aftur eins og alt, sem stendur í stað. Stórveldi norðurálfunnar eru nú að ná hvert í sinn skikann og væri víst skapi næst að skifta öllu með sér. Það lítur út fyrir, að þær þjóðirnar, sem ekki veita kristindóminum viðtöku, ætli að tynast úr tölunni, en hinar að dragast aftur úr, sem í kristilegu tilliti grafa pund sitt í jörðu. Það tekur nokkuð langan tíma alt saman eftir mannlegum reikningi. En því er stjórnað af honum, sem ekki telur ár og daga eins og vér; hjá honum eru þúsund ár sem einn dagur.

Vér sjáum þannig alt í kring um oss deyjandi þjóðir. Orsökina til dauðans liggur ætíð hjá sjálfum þeim. Þær hafa brotið svo oft og svo lengi á móti lögmáli drottins, að þær hafa glatað rétti sínum til lífsins. Þetta á sér ekki einungis stað um smá þjóðfélög, sem ervitt

hafa átt í baráttunni fyrir tilveru sinni, heldur einnig um hin stærstu og sterkustu, sem hvað best hafa staðið að vígi. En sé hinum miklu mannfélögum hættu búin, hve mjög mega þá smáþjóðirnar óttast fyrir framtíð sinni, þar sem hin máttugu öfl eyðileggingarinnar eru annarsvegar. Fáir þau þar yfirhönd, vinna þau það eyðileggingarinnar verk á fáum árum, sem þeim veitir ekki af mörgum öldum til, þar sem stórþjóðir eiga hlut að máli. En um alla, bæði smáa og stóra, gildir þetta guðlega orð: Hver sem þykist standa, gæti að sér, að hann ekki falli.

Mannlegar ástríður eru svo sterkar, að þær brjótast út úr búri sínu eins og ljónið og tígrisdýrið og verða öllu að bana, ef þær eru ekki tamdar og þeim kennt að beygja sig fyrir æðra og göfugra valdi.

Þegar ég nú hugsa um þetta, — hugsa um sögu mannkynsins og það, sem vér höfum lært af reynslu kynslóðanna, er á undan oss hafa lifað, finn ég ekkert afl, sem fært sé um að temja ljónið og tígrisdýrið í manneðlinu, nema afl trúarinnar og kristindómsins. Allir, sem á annað borð vilja sjá og skilja, ættu að mega til með að viðurkenna þann sannleika, að enn þá hefur ekkert afl birst í mannkynssögunni, er sé þess umkomið að varðveita mannfélögin frá rotnun, nema trúin á frelsara heimsins. Á meðan einhver þjóð varðveitir hana í hjarta sínu, þannig að guðs hugsanir og guðs vilji sé ofan á lif hennar, sé í raun og veru sterkasta aðið í þjóðlífinu, þótt önnur öfl kunni að hafa hærra um sig, gengur alt vel. Andlegar og líkamlegar framfarir blómgastr; þrótturinn til margvíslegra og nyt samra framkvæmda og fyrirtækja margfaldast; samtök og félagsandi breiðist út; tiltrúin eflist; afburðamönnum fjölga; dugandi leiðtogar koma fram; stjórnmálaflokkarnir fara

að skilja sjálfa sig og skilja hver annan; föðurlandsástin verður hrein og fölskvalaus í hjörtum beztu mannanna, og sannar manudygðir verða almennari og almennari.

En eftir því, sem kristindóminum fer hnignandi hjá einhverri þjóð, færast fleiri dauðamörk yfir hana. Henni hættir smámsaman að fara fram. Robinn fer úr kinnum hennar; lífið fer að verða eitthvað svo fölleitt. Menn fara að verða óánægðir með alt, — óánægðir seinast með sjálfa sig og eigin tilveru sína. Þrótturinn til framkvæmda bilar og fyrirtækin lenda í sífeldum fjárlæfraförum. Menn verða tregari og tregari til að bindast samtökum. Félagslyndinu fer aftur. Tortrygnin effist og útbreiddist; allir eru grunaðir um græsku. Óaldarflokkar rísa upp, er spilla velferð þjóðarinnar æ meir og meir. Afburðamönnunum fækkar. Enginn dugandi leiðtogi kemur að síðustu fram, en þeim mun fleiri óvandaðir þjóðmálaskúmar. Þjóðin hættir að skilja sjálfa sig; stjórnarbaráttan lendir í endalausum þrasi um engan skapaðan hlut; flokkarnir verða að lokum fleiri en hrepparnir, þangað til enginn að síðustu sér handa sinna skil. Föðurlandsástin verður að römmustu sérplægni og breytist í óvild og hatur um leið og eigi er unnt að hafa fósturjörðina að fépúfu og trúnaðarstörf hennar til fjádráttu. Helgi dómstólanna raskast; rétti hins saklausa hallað með svikum og falsi, þangað til réttlætið flytur úr landi. Dygðirnar dvína smámsaman og velferð þjóðarinnar er á förum.

Vilji einhver ganga úr skugga um þetta, þarf hann ekki annað en virða fyrir sér ástandið í latnesku löndunum eins og það er nú þann dag í dag og bera það saman við ástandið í germönsku löndunum. Í latnesku löndunum finnur hann kristindóm í afturför og þjóðir í afturför með öllum þeim einkennum, sem bent hefur

verið á. Í germönsku löndunum finnur hann, þrátt fyrir óteljandi galla, kristindóm í framför og þjóðir með vaxandi þroska. Hverjum manni með óheilluðum huga ætti við slíkan samanburð að geta orðið ljóst, hvílíka þýðing það hefur fyrir þjóðirnar að gjöra sáttmála við kristindóminn og halda þann sáttmála vel.

Ég fæ ekki betur séð en að mannkynssagan öll sé óslítandi og áframhaldandi sönnun þess, að þannig leggi drottinn leiðir sínar. Þetta *quo vadis* mannkynssögunnar þurfum vér, nútíðarinnar Íslendingar, að lesa, þangað til það gengur oss til hjarta, þangað til vér verðum gagnsteknir af ótta og skelfing út af ókomnum örlogum vorrar eigin þjóðar og biðjum drottin að veita þeim inn í betri farveg. Fáir kristindómurinn að deyjja út hjá einhverri þjóð, getur svo farið, að henni verði hrundið út af taflborði lífsins og hið auða rúm verði af öðrum skipað. Nú í nærri 30 ár eða heilan mannsaldur hefur kristindómi þjóðar vorrar, sem engan veginn var of blómlegur áður, farið síhniguandi.

VII.

Hvernig leggur nú drottinn leiðir sínar í lífi þjóðar vorrar á yfirstandandi tíð? Hún er að vísu svo lítil og fámenn, að það þarf hugrekki til að telja hana meðal þjóðanna. En vér huggum oss við, að fyrir augliti drottins er ekkert smátt og ekkert stórt. Hann hefur alt annan mælikvarða en vér. Og vissir erum vér um það, eins og þegar hefur verið bent á, að hann hefur virt oss þess að hafa afskifti af þjóðlífi voru ekki síður en þeirra þjóðanna, sem stærri eru.

Hann gaf oss kristindóminn í öndverðu ekki síður en öðrum. Hann mundi eftir þessu fiskiveri út við heimskauf eins og hann mundi eftir fiskimönnunum í Galf-

leu. Ef kristindómurinn hefði ekki komið til Íslands um það leyti sem hann kom, mundi hið litla þjóðfélag á skömmum tíma hafa liðið undir lok. Því hinn heiðinglegi hugsunarháttur ber í sér eyðileggingaröfl svo sterk, að þau hefðu orðið jafnfámennt þjóð að bana áður en margar aldir hefðu runnið. Þessi eyðileggingaröfl voru í þann veginn að komast í algleyming um það leyti, sem kristindómurinn að drottinlegri tilhlutun kom þjóð vorri til frelsis. Óttinn fyrir því, að líf þjóðarinnar mundi á skömmum tíma verða þessum eyðileggingaröflum að bráð, kemur heiðnum manni til að bjóða kristindóminn velkominn, af því hann af hyggindum sínum sá það fyrir, að það eitt mundi frelsa líf hinnar ungu þjóðar frá glötun. Vér megum vera vissir um, að skynsemin hans sagði honum satt. Ef fólkíð í landinu hefði haldið áfram að vera heiðið og hin heiðnu eyðileggingaröfl hefðu hindrunarlaust fengið að vinna sitt blóðuga starf, hefði þjóðin dáið út á tiltölulega skömmum tíma. Þá hefðu að líkindum engir Íslendingar verið til þann dag í dag, engin íslensk tunga og engar íslenskar bókmentir, hvorki fornar né nýjar. Fólkíð hefði borist á banaspjótum þangað til bygðir landsins hefðu eyðst og hinar litlu leifar brostið máttinn til að halda sér uppi í baráttunni fyrir tilverunni. Hin íslenska þjóð er að líkindum allra þjóða minnst. En hvergi er hinn frelsandi máttur kristindómsins eins augljós og í lífi þessa smálingja meðal þjóðanna. Tilvera hennar fram á þennan dag er eitt af hinum dásamlegu kraftaverkum mannkynssögunnar. En ekkert sögulegt afi skal geta hrósað sér af að hafa komið því kraftaverki til leiðar nema kristindómurinn einn. Eftir því skulum vér allir muna.

Kristindómurinn kom og forðaði hinu litla þjóðlífi frá þessari yfirvofandi hættu, — hreif það úr dauðans

greipum. Hann kom í niðurlæging. Kristnisaga Íslands leiðir oss ekki fyrir sjónir neina völduga trúboðshetju, er þrýst hafi innsigli anda síns á trúarlíf fólksins. Alt er í fátækt. En kristindómurinn finnur leiðina til hjartnanna samt. Hann breytir hugsunarhætti og lífi fólksins svo, að fullyrt hefur verið, að þjóð vor hafi ekki verið lakar kristin við lok 11. aldarinnar, þegar hún um eina öld hafði drukkist af lindum sagnaðarboðskaparins, en þær þjóðir, sem um margar aldir höfðu kristnar verið. Ef til vill er það nú orðum aukið. En hvað um það. Vér höfum komist svo langt. Þegar kristindómurinn hefur staðið með bestum blóma hjá oss, efast ég ekki um, að hann hafi verið jafn-sannur og að af börnum þjóðar vorrar hafi verið tiltölulega jafn-mörg guðs börn og hjá nokkurri annarri þjóð.

Fyrir siðaskiftin var kristindómi þjóðar vorrar aftur tekið að hnigna eins og hvervetna átti sér stað í hinum kristna heimi um þær mundir. Samt sem áður dregur eigi drottinn hönd sína að sér, heldur vekur fólkið upp til nýs lífs. Hve illa mundi hafa farið fyrir þjóð vorri, ef lifsað hinnar lútersku siðabótar hefði eigi tekið hana í faðin sér og látið hana sæðast á ný í kristilegu tilliti! Hve mjög mundi fáfræði og hjátrú hafa orðið einkenni vor þá og hve miklu lengra mundum vér hafa orðið aftur úr en vér erum, ef sá kristindómur hefði á annað borð getað haldið sér lifandi! En hvað um það, dauðinn vofði þá aftur yfir þjóðinni, sökum þess hve kristindómshugsjónir hennar voru orðnar ruglaðar og dauðar. En þá lætur drottinn nýtt hvítasunnuveður blása yfir ísinn. Ljós trúarinnar lýsir með skærari birtu í hjörtum þjóðar vorrar á hinum stærstu hörmungaárum hennar en nokkru sinni áður. Hinn brákaði reyrinn er réttur við, en ekki brotinn. Aldrei hefur máttur kristindómsins

verið meiri í þjóðlífi voru en einmitt þegar hin ytri lífskjör hennar voru águst.

Þeirri spurning hefur verið kastað fram ekki alls fyrir löngu af einum mikilsvirtum og skarpskygnum samtíðarmanni vorum: Eru ekki Íslendingar á yfirstandandi tíð fremur illa kristin þjóð? Spurningin kom fremur flatt upp á flesta í þessari mynd. Mörgum varð orðfátt; aðrir fóru að neita því, að svo væri og hafa sýnt fram á, að of mikið svartsýni væri í þeim efnum skaðlegt og ranglátt. Allir verða þó að viðurkenna, að mest er um vert að komast að hinu sanna og vita fyrir víst, hvert vér erum að stefna. Því enn þá skaðlegra er að ímynda sér, að alt sé í góðu lagi og ekkert að óttast, ef dauðinn skyldi standa fyrir dyrum.

Þegar vér tölum um þetta, skulum vér hafa alla þjóð vora jafnt í huga. Hún er ekki til tvískiftanna, hvort heldur er. Vér hugsum um hið kirkjulega ástand heima á fósturjörð vorri og hugsum um það af fólki voru, sem býr hér fyrir vestan Atlanz-hafs í dreifingunni. Það er eigi unt og væri heldur eigi rétt að slíta það sundur. Áhrifin að heiman og hingað og héðan og heim eru hverjum manni augljós. Vér lifum eiginlega allir í sama landinu í andlegum efnum, hvort sem vér erum austan hafs eða vestan. Afturför á öðrum staðnum er afturför fyrir oss alla. Og framför, ef hún væri nokkur, yrði um leið framför fyrir oss alla.

Vér tókum þá fyrir oss þessa spurning: Erum vér ekki fremur illa kristin þjóð? og svörum henni eftir þeim fönfum, sem eru fyrir hendi. Vér höfum jafnframt stöðugt í huga, hvernig ástandið gæti breyst og svarið orðið gagnstætt því, sem oss finst að nú hljóti það að verða.

1. Nýlega hefur eitt kirkjulega tímaritið, *Verði*

Ljós!, birt skýrslu úr ýmsum prestaköllum landsins yfir guðsþjónustur og altarisgöngur árið 1896 og eru þær skýrslur eins raunalegar og mest má verða. Þær bera með sér, að „í allt að því helmingi allra prestakalla landsins hefur ekki orðið embættað helming allra messudaga ársins“. Lögákveðnir messudagar í íslenskum kirkjunni eru 60. Hver íslenskur prestur ætti samkvæmt því að flytja 60 guðsþjónustur á ári og messa þó aldrei nema einu sinni á dag. En í stað þess hefur nærri helmingur íslenskra presta hvílt sig helminginn af þeim messudögum, en sumir margfalt oftar. Einn prestur hefur tekið sér 54 hvíldir, þegar hann átti að flytja guðsþjónustur í húsi drottins. Hann átti að gjöra það 60 sinnum á árinu, en það atvikaðist svo, að það varð einungis 6 sinnum. Tveir hafa hvílt sig í 51 skifti. Og ekki færri en 15 íslenskir prestar hafa hvílt sig frá 40—49 sinnum yfir árið. Það er býsna náðugt að vera prestur á Íslandi eftir þessu. Ekki er von, að þá hafi langað hingað vestur, íslenskum prestana, þar sem þeir mega eiga von á að stíga í stólinn ekki einungis 60 sinnum á ári, heldur ef til vill tvisvar 60.

Nú er að taka tillit til þess, að mörg af þessum messuföllum hafa sjálfsagt orðið af náttúrunnar völdum. Illviðri og vatnsföll og ófærir vegir verða eflaust að takast til greina, þegar um þetta er talað. Þeir, sem rækt hafa helgar tíðir á Íslandi, hafa sjálfsagt á öllum öldum kristinnar haft ýmsa örðugleika við að stríða, sem óvíska eru jafn-miklir og líklega hvergi meiri. En mér er spurn: Hví hafa þá ekki messuföllin verið jafntíð á undanfórnum tímabilum, ef þau að mestu eða öllu leyti skyldu sprottin af náttúrunnar völdum? Hafa illviðrin verið meiri á Íslandi nú þessi síðari árin en svo oft að undanförunu? Eða hafa vatnsföllin verið erfiðari

nú upp á síðkastið síðan farið var að brúa árnar, heldur en áður meðan ekki var brú á nokkurri sprænu? Hafa vegalengdirnar aukist til kirknanna síðan farið var víðast hvar að leggja miklu betri vegi en áður þektust? Eða er það ef til vill af hlífni við þessa ljómandi nýju vegi, sem ærnu fé hefur verið kostað til, að menn vilja helst sitja heima á helgum dögum eða prestarnir komast ekki á kirkjustaðina?

Engum heilvita manni kemur til hugar að svara spurningum þessum játandi. Ytri skilyrðin fyrir kirkjurækni eru að ýmsu leyti fleiri en þau hafa áður verið. Og þó hafa messuföllin ekki verið neitt líkt þessu fram að þessum allra-síðustu tímum. Hverjar eru þá orsakirnar? Þær eru vitaskuld bæði hjá prestunum og söfnuðunum. Orsökina mikla, sem allar aðrar yfirgnæfir, er auðvitað sú, að kristindómurinn er hættur að vera nokkurt áhugamál í þeim sóknum og söfnuðum, þar sem annað eins getur komið fyrir. Segjum nú til dæmis, að presturinn, sem flutti 6 guðsþjónustur á árinu, hafi þjónað þremur söfnuðum. Hann hefði þá mætt tvisvar í hverri kirkju, sem hann átti að þjóna; það fólk hefur fengið að heyra guðs orð einu sinni á hverju hálfu ári,—það er að segja það af því, sem þá hefur fundið hvöt hjá sér til að koma til kirkju. Hjá hinum tveimur, sem flutt hafa 9 guðsþjónustur á árinu, koma 3 á hvern söfnuð eftir sama hlutfalli. Og svo framvegis. Það má heita, að prédíkan guðs orðs sé þögnuð, þar sem ástandið er svona.

En hið raunalegasta í þessu sambandi er nú það, að það verða hvergi svona tíð messuföll, nema þar sem prestinn langar til að komast hjá að prédíka, ef hann mögulega getur, og verður dauðfeginn, þegar það hepnast. Söfnuðurinn kemst þá fljótlega að því og er ekki

að stríða prestinum á því að koma óþarflega oft. Það verður að einskonar þegjandi og sjálfkrafa samkomulagi, að óþarfi sé að ónaka sig nema sem allra sjaldnast til kirkju. Og með þessu móti geta guðspjónusturnar því nær algjörlega lagst niður á skömmum tíma.

Það gjörir allan murinn, hvernig hugsunarháttur prestsins er í þessu efni. Ef hann verður feginn, — þótt ekki sé nema hálf-feginn, í hvert skifti, er messufall verður hjá honum og hann kemst hjá að fara upp í prédikunarstólinn og flytja guðs orð, líður ekki á löngu áður en þau fara að verða nógu mörg. En ef presturinn álitur allan árangur stöðu sinnar undir því kominn, að honum takist að safna fólki saman í guðs hús á ákveðnum guðspjónustutímum, setur hann sér fyrir að láta ekki verða messufall nema í síðustu lög. Hann gjörir þá alt, sem í hans valdi stendur, til að koma í veg fyrir það, lætur aldrei tvo eða þrjá fara svobúna, reynir af alefli að prédika með eins miklu fjöri og kærleika og viðkvæmni fyrir hinum fáu og hinum mörgu, biður drottin seint og snemma að kalla söfnuðinn saman og opna hjörtun fyrir orðinu, — sýnir með allri framkomu sinni, að honum er ant um að prédika guðs orð eins vel og hann hefur af drotni þegið hæfileika til. Í langflestum tilfellum verður söfnuðurinn var við þennan áhuga prestsins og það verða ætíð einhverjir, sem meta hann að verðleikum.

Ef það er nokkuð, sem komast þarf inn í huga vorn, íslenzku prestanna, þá er það þetta: Löngun til að flytja guðs orð fyrir söfnuðinum af öllum þeim mætti, sem guð vill gefa oss. Sá maður, sem ekki hefur yndi og unun af að tala guðs orð, ætti hreint ekki að vera prestur. Hann á ekkert erindi upp í prédikunarstól; hvort heldur er 6 sinnum eða 60 sinnum á ári.

Þessi löngun myndast í hjarta prestsins og verður æ sterkari og sterkari, þegar hann trúir á frelsara sinn í hjarta sínu, á eitthvað af hans kærleika til mannssálnanna í brjósti sér og álitur stöðu sína í því fólgni að vera öllum alt, svo hann geti áunnið einhvern. Samvirkusamur prestur leitast við að búa sig svo vel undir hvern sunnudag, sem honum er frekast unt; hann hefur safnað fyrir svo mörgum hugsunum út af guðs orði handa söfnuðinum, að honum verður það til stórsorgar, ef hann fær ekki tækifæri til að bera þessar hugsanir fram. Prestur, sem slíka rækt leggði við stöðu sína, léti ekki verða messufall, nema hann mætti til. Fyrr talar hann fyrir aðeins tveimur eða þremur. — En sá, sem annaðhvort er mjög illa undirbúinn eða alls ekki, verður feginn að finna einhverja átyllu fyrir að láta verða messufall. Honum er ekki unun, heldur kvalræði, að koma fram fyrir söfnuðinn með galtómt höfuð og ískalt hjarta, og vill miklu heldur hverfa svobúinn heim. — Veðrið er ekki lakara nú en það hefur verið. Vegalengdirnar ekki meiri. Veginir ekki ósléttari. Vatnsföllin ekki fleiri né örðugri yfirferðar. En allar þessar torfærur hafa vaxið hið innra hjá oss. Veðrið hefur spilst, vegalengdirnar tvöfaldast, vegirnir hríðversnað, vatnsföllin orðið margfalt hættuleg í ímyndun vorri, að sama skapi sem kristindóminum hefur hnignað í hjörtum vorum. Það erum vér sjálfir, sem erum aumri, — trúin minni í hjörtum vorum, kærleikurinn til mannanna kaldari, ræktin minni við stöðu vora. Vér hvorki kunnum að prédika svo á því sé nokkur mynd, né fáum oss til þess, af því hjartað er tóm og viljann vantar.

Er það ekki öllum vitanlegt, hvílik tízka það hefur verið meðal íslenskra presta, að ná í gamlar ræður, svo

þeir þyrftu ekki að leggja það á sig að semja nýjar. Þegar gamall prestur hefur fallið frá, sem átt hefur nokkurra ára forða, hafa nærri því orðið áflog um ræðurnar meðal stéttarbræðranna. Og þegar sonurinn hefur erfitt álitlegan ræðubunka eftir föður sinn og ef til vill afa, hefur hann verið álitinn makalaust óskabarn hamingjunnar. Það hefur verið rýnt niður í eldgamlar skráður úr dökkleitum grána og kolmórauðu bleki, svo þótt skrifaðar, að orðið hefur að halda þeim fast upp að augunum, á prédikunarstólnum, og lesturinn samt sem áður gengið nauða-illa. Og þessa skrípamynd hafa menn verið svo djarfir að kalla prédikun! Er ekki óskaplegt til þess að hugsa? Ég veit vel, að frá þessu hafa stöðugt verið margar heiðarlegar undantekningar. En þessi syndsamlegi prédikunarmáti hefur verið nógu almennur til að varpa svörtum skugga á íslenzku prestastéttina. Saklausir hafa orðið að líða fyrir hina seku. Og þjóð vor hefur farið að láta sér leiðast allar prédikanir. Er það ekki vorkunn, þótt söfnuðina hætti að langa að koma til kirkju, þegar svona er farið að. Þegar um þetta er hugsað, getur manni sannarlega fundist það furða, að Íslendingar skuli ekki steinhættir að rækja helgar tíðir fyrir lifandi löngu. Svo dauð hefur prédikunin og guðsþjónustan verið á meðal vor um langan tíma.

Vel kristin þjóð er um leið kirkjurækin þjóð. Vér Íslendingar erum á leið til að hætta að rækja helgar tíðir. — Vel kristin þjóð á prestastétt, sem lætur það vera sitt fyrsta og helzta áhugamál að kenna fólkinu að dýrka guð sinn opinberlega á hverjum helgum degi. Vér Íslendingar eigum heilan hóp af prestum, sem dýrka guð með því að láta verða messuföll. — Vel kristin þjóð á prestastétt, sem hún ber lotning fyrir og elskar. Vér íslenzkir prestar erum orðnir að athlægi.

og komnir í fyrirliðning. — Vel kristin þjóð á presta-
stétt, sem skipuð er brennandi áhugamönnum, trúðum
mælskumönnum, bænæknum fyrirmyndarmönnum. Vér
Íslenzkir prestar erum kaldir, áhugalausir, lítt trúðir,
illa læsir, aumlega máli farnir, latir að biðja, öðrum til
ásteytingar.

Er það ekki von, að vor aumingja Íslenzka þjóð sé
orðin illa kristin þjóð? Vér, prestarnir hennar, erum
svo óheyrilega illa kristnir. Guð komi til!

En þarf það að vera svona? Er ekki hægt að biðja
guð að segja: Hingað og ekki lengra. Látum hvern
mann, sem á eitt mustarðskorn af trú í eigu sinni, standa
upp og segja: Hér er ég. Gjör mig að verkfæri í hendi
þinni, drottinn, svo að illa kristin þjóð, sem ég elska eins
og lífið í brjóstinu á mér, megi á sínum tíma verða vel
kristin þjóð og njóta þeirrar blessunar, sem því fylgir!

2. Í sambandi við þverrandi kirkjurækni stendur
sú afturför, sem svo átakanlega er að koma í ljós, að
því, er nautn kvöldmáltíðarinnar snertir. Það er ekki
að búast við, að þeir gangi til altaris, sem sjaldan eða
aldrei koma til kirkju. Samkvæmt skýrslum, sem
birtar hafa verið yfir þriggja ára tímabilið 1889—91,
höfðu að meðaltali 37.3 verið til altaris af hverjum
hundrað fermdum safnaðarlimum, 1892—94 aðeins 30
af hverju hundraði, en árið 1896 einungis 22 af hverju
hundraði. Ef þessi hnignun skyldi halda áfram að sama
hlutfalli í næstu 6 ár, yrðu nálega allir hættir að ganga
til drottins borðs á fösturjörð vorri að þeim tíma liðn-
um. Árið 1896 var líka alls „enginn maður til altaris í
12—tölf—prestaköllum á Íslandi“ og í 5 prestaköllum
frá einum til fimm, — 17 prestaköll alls, ekki 17 sókn-
ir, heldur 17 prestaköll. Sjálfir prestarnir eru hættir og
fermingarbörnin hætt. Það lítur alt annað en glæsilega

út fyrir kristindóminum meðal þjóðar vorrar. Mjög er það samt lofsvert, að farið er að birta skýrslur um þetta. Það má vissulega ekki liggja í þagnargildi. En aumt er að hugsa um þær ástæður, sem fram eru færðar, og hvað eftir annað teknar til greina þessu til afsökunar. Sumum þykir það vottur um meira kristilegt líf, að fólk sé nú að hætta að ganga til altaris. Það skilji þá svo vel, hvílfur ábyrgðarhluti það sé. Það er líklega minstur ábyrgðarhluti eftir því að kasta öllu frá sér og hverfa aftur til fullkominnar heiðni!

Enginn misskilji mig nú svo, að ég sé einungis að tala um ástandið á Íslandi eins og það er nú. Ég er einmitt fyrst og fremst að hugsa um kirkjufélagið vort hér fyrir vestan. Ég skammast mín svo oft, þegar verið er að hrósa því. Fyrst og fremst hugsa ég um hina mörgu af hingað fluttum Íslendingum, sem algjörlega hafa tapast í kirkjulegu tilliti. Ég tel víst, að það séu að minsta kosti tveir þriðju hlutar allra þeirra, sem hingað eru komnir. Flest af því fólki hefur lent í dreifingu svo mikilli, að ómögulegt hefði verið að halda því saman í kirkjulegu tilliti, hvernig sem farið hefði verið að. Það var að því leyti óumflýjanlegt, að það tapaðist úr kirkjunni Íslenzku. En ef það hefði átt ofurlítið meiri kristindóm í hjarta sínu, hefði það gengið inn í kristna söfnuði hérlanda á þeim stöðum, er það tók sér bólfestu innan um annað kristið fólk, og það víða lúterskrar trúar. Sárast er að vita til þess, að þeir eru svo sem engir, sem það hafa gjört. Þeir teljast því ekki lengur með í hópi kristinna manna, heldur fyrir utan þann hóp. Svo eru þeir, sem búa innan um söfnuði vora og brent hafa skip sín í trúarlegu tilliti og eru andvígir kirkjunni og kristindóminum á allar lundir.

En í kirkjufélaginu er ástandið langt frá því, sem

það ætti að vera. Kirkjuræknin er ekki nærri því eins mikil og hún ætti að vera. Altarisgestirnir ekki nærri því eins margir. Í lútersku kirkjunni ætti tala altarisgestanna að vera jöfn tölu fermdra. Það er ekki til mikils ætlast, þótt það væri alitin sjálfsgöð skylda hvers fernds safnaðarlims að ganga til altaris að minsta kosti einu sinni á ári. Og það þarf að vera sú hugsjón, sem fyrir hverjum kristnum söfnuði vakir og hverju kirkjufélagi. Altarisgöngum ætti að smáfjölga hjá oss á hverju ári og þessar tvær tölur að færast miklu nær hvor annarri en nú á sér stað. En sú framför hefur verið miklu minni en hún hefði átt að vera. Latum oss minnast þess um leið og vér gleðjumst yfir þeirri vaxandi viðurkenning, sem kirkjufélagið fær og sú stefna, sem það hefur haldið fram. Vér erum svo óumræðilega skamt á leið komnir, að þeir söfnuðirnir, sem lengst eru komnir á leið í kirkjufélaginu, standa að ýmsu leyti enn þá beztu söfnuðunum í Íslenzku þjóðkirkjunni töluvert á baki. Altarisgöngurnar eru ekki í neinum söfnuði kirkjufélagsins eins almennar og þar sem best er á Íslandi.

Vel kristin þjóð leggur hina mestu rækt við náðarmeðul drottins. Tala þeirra, er drottinlegrar kvöldmáltíðar neyta, fer með ári hverju sívaxandi. Vér Íslendingar virðum náðarmeðul drottins æ meira og meira vettugi. Tala þeirra, er til guðs borðs ganga, fer með hverju ári stórkostlega minnkandi.

3. Mjög margir munu hafa veitt | við eftirtækt, hversu kirkjunum á Íslandi fer stöðugt fækkandi. Hvað eftir annað koma fregnir um, að sú eða sú kirkjan eigi að leggjast niður og tvær sóknir sameinast. Það sýnist vera tíðka nú að leggja kirkjur niður, að fækka guðshúsum í landinu. Og ekki nóg með að kirkjur og sóknir séu sameinaðar, svo þar verði aðeins ein sem áður hafa

verið tvær, heldur eru heil prestaköll sameinuð, svo þar verður einungis eitt, sem áður hafa tvö verið. Hvað lengi menn hugsa sér að halda þessu áfram, veit ég ekki. En þegar sú stefna hefur eitt sinn verið tekin, er ekki gott að vita, hvar verður numið staðar. Á sumum svæðum landsins er þannig prestsþjónustan orðin margfalt minni nú en hún hefur áður verið.

Í öðrum kristnum löndum er stöðugt verið að fjölga kirkjum, prestum og prestaköllum. Kirkjan er þar stöðugt að færa verksvið sitt út, láta guðs orð og náðarmeðulín koma fólkinu nær, koma í veg fyrir örðugleikana, sem á því eru fyrir þá, sem lakast eru settir, að færa sér hvorttveggja í nyt.

Vel kristin þjóð lætur guðshúsin fjölga, svo náðarmeðul drottins verði þeim mun fleiri að notum. Vér Íslendingar látum kirkjunum fækka, svo guðs orð og sakramentin ná til æ færri og færri.

4. Það er nú orðið býsna alment viðurkent, hvernig skólunum Íslenzku lifur í kristilegu tilliti. Vér eigum einn einasta kristilegan skóla, — prestaskólann. Það er alment viðurkent, að hinar aðrar mentastofnanir séu í kristilegu tilliti þannig, að langflestir þeirra, sem koma þangað með kristindóm í hjarta sínu, fari þaðan kristindómslausir menn. Samt er víst að einhverju leyti kendur kristindómur á öllum þessum skólum. En árangurinn hefur nú hingað til orðið þessi. Sú mentun, sem vér Íslendingar höfum eignast, er því kristindómslaus mentun. Skólarnir, hinar almennu mentastofnanir, eru ekki vermireitir fyrir kristindóminn meðal þjóðarinnar, heldur fyrir vantrúna.

Hjá öðrum kristnum þjóðum er á allar lundir leitast við að koma í veg fyrir þetta. Á ríkisháskólunum hér í Ameríku, sem látnir eru afskiftalausir í kristilegu

tilliti af stjórnaðinnar hálfu, er sáð svo um, að nemendurnir verði dagsdaglega fyrir eins sterkum kristilegum áhrifum og á besta heimili. Hér kemur öllum kirkju-deildum saman um, að það væri hið óttalegasta óhapp, sem fyrir þjóðina gæti komið, ef ungir námsmenn segðu skilið við kristindóminn á námsárum sínum og þá um leið í langflestum tilfellum fyrir alla ævi. En það lítur ekki út fyrir, að vér Íslendingar óttumst þetta neitt. Vér vitum af því, höfum lengi vitað af því. En hvað gjörum vér til að afstýra því? Það er eins og annað opið sár, sem vér látum blæða úr frá ári, en hirðum ekki að binda um.

Vel kristin þjóð viðurkennir, að sönn mentun og sannur kristindómur verði að haldast í hendur og fylgjast að. Án kristindómsins verði mentunin bæði ósönn og óholl. Hún leitast því við að gefa sonum sínum og dætrum sannan kristindóm um leið og hún gefur þeim sanna mentun. En um þetta hirðum vér Íslendingar ekkert, — álitum miklu framar, að þeim mun fjarlægari sem mentunin sé kristindóminum, þeim mun sannari sé hún.

5. Afleiðingin af áhrifunum, sem skólarnir hafa haft á hjörtu nemendanna í kristilegu tilliti er sú, að nærri því allir mentaðir Íslendingar eru trúlausir menn, að prestunum undanskildum. Auðvitað eru frá þessu nokkrar undantekningar, sem allar sýna, hvílikur ómetanlegur ávinningur það væri fyrir þjóðlífið, ef þetta væri á annan veg. En allir vita, hve sárgrætilega fáar þessar undantekningar eru. Þær eru eins og grasblettir í eyðimörk. Skólunum fjölga. Hinna mentaði flokkur þjóðar vorrar verður stærri og stærri. En um leið verður kristindómsleysi hennar meira og meira.

Aðrar kristnar þjóðir telja það sem sitt mesta lán að

eiga kristinn embættismannalyð. Embættismennirnir eru að sjálfsgöðu leiðtogar. Lífsskoðun þeirra er stöðugt að streyma út í þjóðlíkamann. Alþýða manna er ætíð gjörn á að fylgja þeim einnig í trúarefnum, sem hún þarf að ljá fylgi sitt og lotning í öðrum efnum. — Embættismennirnir hafa líka mest áhrif á löggjöf landsins og stjórn. Það eru mennirnir, sem stjórna landinu. Kristnir embættismenn vinna ætíð hug og hjarta alþýðu. En það verður óánægja, úlfúð og kurr og að síðustu óhollar æsingar hjá þeirri þjóð, sem á ókristinn embættislyð. — Lífsskoðun allra þeirra, sem að einhverju leyti gefa sig við stjórnámálum, pólitisku manna, hefur hin stórkostlegustu áhrif bæði til láns og óláns, velferðar og ófarsældar fyrir hverja þjóð, sem er. Það er lán hverrar þjóðar að eiga stjórnámálamenn með kristilega lífsskoðun. því hún safnar þjóðinni saman utan um ákveðin velferðarspursmál. Kristindómurinn er hið langstærsta einingarafi, sem til er. Vantrúin, trúleysið, aftur hið stærsta sundrungarafi, sem til er. — Þjóðin, sem vel er kristin, kemur ætíð auga á velferðar- og framfaraspursmál sín og safnast utan um þau. Illa kristin þjóð sér þau ekki nema í þöku, lætur alt lenda í stöðugum misskilningi og aðgjörðalausni þrasi og kemst því ekkert áleiðis. — Það eru mentuðu mennirnir, sem eru blaðstjórar, rithöfundar og skáld þjóðar sinnar. Stöðugt eru þeir að prédika lífsskoðun sína inn í hjörtun. Skyldi það ekki hafa hina stórkostlegustu þýðing, hver sú lífsskoðun er, hvort hún safnar eða sundrar, hvort hún skilur eða misskilur, hvort hún slær á þann strenginn, sem dýpstur er og sameiginlegastur í manneðlinu, eða hún slítur hann sundur?

Kristindómurinn á örðugt uppdráttar þar sem sýslumaðurinn og læknirinn og skólakennarinn og blaðstjór-

inn og pólitiski forsprakkinn og rithöfundurinn og skáldið og mentaða fyrirfólkið er á móti og hefur öfuga lífsskoðun, jafnvel þótt presturinn liggi ekki á liði sínu. Hann er í stórkostlegri afturför hjá hverri þeirri þjóð, þar sem mentaðir leikmenn hafa snúið við honum bakinu.

Vel kristin þjóð á fjölda af sínum bestu mentuðum börnum í öllum lífsstöðum, en einkum í trúnaðarstöðum mannfélagsins, sem teljast í hópi sannkristinna manna og játa það bæði með orðum og eftirdæmi; í því er ein hin stærsta þjóðarvelferð fólgin. — Vér Íslendingar eigum því miður ekki því láni að fagna. Vér eigum hlutfallslega fleiri veraldlega embættismenn en nokkur önnur þjóð í heimi. En það er opinbert leyndarmál, að lífskoðun alls þorrans er kristindóminum gagnstæð.

6. Þau trúarbrögð, sem kend eru við frelsara heimsins, eru samfram alt líknarinnar trúarbrögð. Þau kenna einstaklingum og þjóðum að inna af hendi þá líknarskyldu, sem hann lagði öllum lærisveinum sínum á herðar. Hún er í því fólgin, að ganga ekki framhjá hinum mótlætta manni, sem liggur í sárum sínum við veginn, eins og hann komi manni ekkert við, heldur setja hann upp á sinn eigin eyk og láta sér hugarhaldið um hann. Hver þjóð á stóran hóp af mótlætum mönnum, munaðarlausum börnum, ósjálfbjarga gamalmönnum, fólki, sem lifur af ólæknandi sjúkdómum, vitskertum mönnum, eða öðrum, sem sæðst hafa í heiminn fatlaðir á einhvern hátt. Handa slíku bágstöddu fólki hafa kristnar þjóðir komið upp margvíslegum líknarstofnunum, langoftast með almennum frjálsum fjárframlögum, svo að hver, sem eitthvað lætur af hendi rakna, gjörir það í líknarinnar nafni og ber líknarinnar laun úr bytum. Ómetanleg er sú blessun, sem þannig streymir

inn í líf þjóðanna. Hann, sem ekki lætur einn svala-drykk ólaunaðan, man þegar eitthvað er gjört fyrir smælingjana hans. Þjóð vor hefur ekki tekið nærri sér til að koma slíkum líknarstofnunum á fót. Kirkjan íslenzka á nú vitanlega enga líknarstofnun, sem hún sjálf hafi komið upp, — hvorki austan hafs né vestan. Hún ber við fátæktinni. En ég er hræddur um, að hún sé svo fátæk sökum þess, að hún hefur lokað hjarta sínu fyrir þessum líknarþurfum, sem drottinn fékk henni til að annast og auðsýna miskunn. Það er ekki neinum af oss að þakka, þótt útlendingar komist við af holdsveikishættunni, sem vofir yfir heilli þjóð, af því hún líknaði ekki sínum holdsveiku aumingjum. Það er ekki oss að þakka, þótt kristindómurinn kenni þeim að gefa útlendri þjóð holdsveikra spítala eða leggja fram fé til sjúkrahúsa. Góðverkin þeirra eru ekki vorum kristindómi að þakka. Blessunin, sem streymir inn í líf þeirra fyrir þessi góðverk, verður líka margföld við þá blessun, sem vér hljótum. Sú þjóð, sem hefur alið þá, nýtur þeirra í margu líði. En sú þjóð, sem oss hefur alið, geldur vor, af því vér kunnum ekki að líkna. Fátæktin er tóm viðbára. Vér höfum efni á að sóa hundruðum þúsunda fyrir áfenga drykki. En vér erum of fátækir til að líkna, af því oss vantar hjartalagið eins og prestinn og levítann.

Vel kristin þjóð kemur upp mörgum líknarstofnunum handa bágstöddum aumingjum og einstaklingarnir eru stöðugt að halda þeim við með frjálsum fjárframlögum sjálfum sér og þjóðlífinu til ómetanlegrar blessunar. Vér Íslendingar eigum nú ekki neina slíka líknarstofnun, er vér höfum sjálfir komið á fót, nema — hreppinn.

7. Eitt af því, sem heldur kirkjulífinu betur vakandi en flest annað meðal kristinna þjóða, er kristniþóð-

an svala-
ört fyrir
næri sér
rkjan ís-
hún sjálf
n. Hún
ð hún sé
arta sínu
henni til
einum af
oldsveik-
n líknaði
ki oss að
útlandri
l sjúkra-
adómi að
rra fyrir
sun, sem
: þeirra í
ldur vor,
tóm við-
þúsunda
ir til að
stinn og

stofnun-
ingarnir
framlög-
essunar.
arstofn-
reppinn.
tur vak-
stniboð-

íð. Það er tvennskonar: kristniboð, sem rekið er í heið-
ingjalöndunum, og kristniboð, sem þjóðirnar reka innan
eigin takmarka á þeim svæðum þjóðlífsins, er þess virð-
ist mest þörf. Hvorttveggja heldur þjóðunum vakandi
í kristilegu tilliti. Meðan þær reka kristniboð geta þær
aldrei gjört sig ánægða með ástandið eins og það er,
aldrei lagt árar í bát í kristilegu tilliti, aldrei hætt að
leggja fram fé til útbreiðslu guðs ríkis. Kristniboðið,
bæði inn á við og út á við, er kirkjunnar vakandi sam-
vizka. Hver kristin þjóð verður að vera kristniboðs-
þjóð. Hún verður að álíta það sitt stærsta og fegursta
hlutverk að breiða guðs ríki út. Hvert kristið heimili
er um leið góðgjörðsheimili, það er ekki svo fátækt,
að það gjöri ekki einhverjum gott, miðli eigi einhverjum
enn fátækari af efnum sínum. Þau ganga ekki til þurð-
ar fyrir það. Sá, sem gefur fátækum, lánar drotni. Og
það er gott að setja fé sitt á vöxtu hjá honum. Hann
borgar hærri vexti en nokkur annar. Hver söfnuður
þarf á sama hátt að miðla einhverjum öðrum söfnuði
nokkru af efnum sínum. Það er kristileg skylda hans
að vera góðgjörðasamur í garð einhvers annars safnaðar,
sem verr standur að vígi í kirkjulegum efnum. Og það
er skylda hverrar kristinnar þjóðar, að hjálpa einhverri
annarri þjóð, sem minna hefur af kristindómi. Eftir
þessari kristniboðsskyldu bæði inn á við og út á við eru
nú þjóðirnar betur og betur að muna. Þær greiða stór-
fé ár hvert til þess að reka slíkt kristniboð. Enginn
lætur sér þá heimsku í hug koma, að þær séu fátækari
fyrir það. Þær verða þvert á móti margfalt auðugri.
Vér verðum ekki fátækari fyrir það, sem vér gefum, ef
hugarfarið er rétt. En vér verðum fátækir, af því vér
látum vera að gefa. Öll fjáruhlát í þarfar guðs ríkis verða
gefendunum til margfaldrar auðlegðar. Og svo er annað.

Það eru ekki aurarnir einir, sem fram eru lagðir. Það er minnst varið í þann höfuðstól. En það eru mennirnir, sem leggja líf sitt í sölurnar fyrir málefni drottins, fara inn á hin dimmu svæði og eyða lífi sínu og kröftum þar í myrkrinu til að geta gefið öðrum ljós og gjört hin dimmu svæðin björt. Engir menn gefa sig hugsjóninni eins á vald og þeir. Það þarf að vera lifandi kristindómur hjá þeirri þjóð, sem fætt getur slíka menn af sér. Þjóð með hálfdaudan kristindóm hefur engan mátt í sér til þess. En hún hættir um leið að hafa máttinn til að fæða af sér nokkra mikla menn til nokkurra afreksverka, — menn með hreina lund og sterkan vilja, sem fúsir leggja líf og krafta, í sölur fyrir velferð þjóðar sinnar. Ekki þarf eins mikið þreklyndi til neins og að vera kristniboð. En þegar til eru menn hjá einhverri þjóð, sem sýna það þreklyndi, verður dæmi þeirra herhvöt til annarra. Hver kristniboði kallar á ótal menn af sinni þjóð til að sýna eins mikinn áhuga og sjálfsafneitun í öllum velferðarmálum þjóðarinnar. En aðalatriðið er þó þetta: Kristniboðið heldur trúarlífi þjóðanna vakandi. Reynslan sýnist hvervetna vera þessi: Kristnibóslaus þjóð er um leið þjóð með kaldan, hrörnandi kristindóm. Þjóðirnar hafa í kristilegu tilliti risið upp frá dauðum og endurfæðst til nýs lífs um leið og þær fóru að leggja hug á kristniboðið. Eitt af sjálfsögðum meðulum til að vekja trúarlíf einhverrar þjóðar af dvala er að kenna henni að taka þátt í kristniboðinu, bæði inn á við og út á við.

Vel kristin þjóð er um leið kristniboðsþjóð. Það er ekki langt frá, að kristniboðið sé oss Íslendingum hneyksli. Er nokkur kristin þjóð til, sem engan þátt tekur í kristniboðinu, nema vér Íslendingar?

VIII.

Með þessa sjöföldu rökstuðning í huga spyr ég nú aftur: *Quo vadis?* Erum vér á lífsins eða dauðans leið? Væri ég ekki svívirðilegur hræsnari, ef ég færi að neita því, að vér Íslendingar værum fremur illa kristin þjóð? Vitaskuld, engin þjóð er sannarlega vel kristin í orðsins strangasta skilningi. Engin þjóð hefur enn náð takmarkinu, það er langt frá því. En á ófullkomnu máli mannanna tölum vér um vel kristna eða illa kristna þjóð eftir því, hvar hún er á leiðinni, hvort heldur framarlega eða aftarlega. Vér Íslendingar erum nú á yfirstandandi tíð að fjarlægjast takmarkið. Kristindómur þjóðar vorrar er í afturför. Það er ekki til neins að neita því. Og honum þarf ekki annað en fara aftur nógu lengi til þess hann deyi út. Það mundi fleira deyja út með honum. Með honum mundi vor íslenzka þjóð missa lífið sjálft. Það yrðu örlög vor nú, sem sjálfsagt hefðu orðið örlög vor í fornöld, ef kristindómurinn hefði ekki orðið oss til lífs. Sundrungar- og eyðileggingaröflin, sem heiðninni eru samfara, myndu smámsaman ráða íslenzku þjóðlífi bana. Þess öfl eru vissulega orðin nógu öflug og afkastamikil meðal vor til þess að þeim sé veitt eftirtekt.

Hugsíð um hina pólitísku baráttu þjóðar vorrar. Stjórnarbót hefur nú um langan aldur verið eina umhugsunarefnið, eina opinbera umræðuefnið,—stjórnarbót, eillíf, endalaus stjórnarbót. Alt, sem til hefur verið af gáfum og gjörvileik meðal vor, hefur þyrpt utan um þessa einu hugmynd. Hún á að vera sá töfrasproti, sem öllu má til leiðar koma,—sá Aladdíns lampi, sem ekki þarf nema að núna, til að fá allar óskir sínar uppfyltar. Ekki ætti skilningur þjóðarinnar að vera jafn-

þroskaður í neinu og í þeim efnum. En aldrei virðist skilningur hennar að hafa verið minni en nú. Aldrei hefur hún verið fjær því að vita, hvað hún vildi, en einmitt nú. Pólitisku flokkarnir eru orðnir nokkurnveginns eins margir og hrepparnir. Allir, sem eitthvað þykjast hafa að segja, vilja vera forsprakkar. Þess vegna er enginn flokkur til og enginn flokksforingi. Hver höndin rifur niður fyrir annarri. Allir eru grundaðir um græsku. Ált lendir í einum endalausum ragnarökurs-bardaga. Þótt þjóð vor eigi nú ýmsa ágætismenn, sem hafa miklu gleggri sjón í þessum efnum en fjöldinn og láta stjórna af einlægri föðurlandsást, eru þeir úthrópaðir sem örgustu landráðamenn og fósturjarðarfændur. Þeir eru skoðaðir sem vargar í véum og öll viðleitni þeirra að koma stjórnámálum þjóðarinnar í heppilegra horf sem Efialtesar-brögð.

Hvernig stendur nú á þessu? Það stendur í beinu sambandi við kristindómsleysi þjóðarinnar. Um leið og kristindómurinn bilar og trúin kólnar, lamast og hverfur hinn siðferðislegi þróttur. Þjóð, sem hættir að beygja sig fyrir guði almáttugum, hættir um leið að beygja sig fyrir pólitískum leiðtogum. Um þá þjóð má segja eins og sagt var forðum: Sjáandi sjá þeir ekki, og heyrandi heyra þeir ekki né skilja. Þegar kærleikurinn til guðs hverfur úr hjörtunum, er föðurlandsástin líka á förum. Þá er ekkert eftir nema sjálfselskan og sérþóttinn. Félagslífið fellur í mola. Ált lendir í flokkadráttum, einræningsskap og sérvizku.

Þess vegna mega allir íslenzkir stjórnámálamenn vita það, að viðreisn þjóðar vorrar er öldungis ómöguleg í veraldlegum efnum, nema því að eins að kristindómurinn risi aftur við í hjarta hennar. Hún þarf andlega að endurfæðast, til að geta fengið þann siðferð-

íslega þrótt, er hana nú öldungis skortir, til að veita framfaraspursmálum sínum heppilega úrlausn. Þegar svo og svo margir af pólitisku leiðtogunum beita fylgi sínu til að smáeyðileggja þann kristindóm, sem til er, leggja þeir í blindni sinni bezta bandamann sinn að velli. Það verður köld og dauðleg framfaraöld, sem íslenzkt þjóðerni á fyrir hendi, þegar kristindómurinn er fluttur úr landi. Þegar úti er um hann, er úti um sjálfstæða íslenzka þjóð.

Þess vegna vil ég hrópa til allra íslenzkra framfaravina — og þeir eru nú eins og allir vita nokkuð margir —, hrópa eins hátt og mér er unt og eins lengi og ég framast má: Yðar framfaraglingur er tómur hégómi, yðar stjórnarþótarbrask verður heimskara og heimskara, nema því að eins, að kristindómurinn risi aftur við og blási nýjum einingaranda í hjörtu þjóðarinnar.

Gamli Esóp var ekki Íslendingur eins og allir vita. Hann var sonur gamla Grikklands. En það var býsna margt líkt með Grikkjum og Íslendingum. Enda eiga sumar af dæmisögnum hans ljómandi vel við oss Íslendinga. Líking hans um föðurinn, sem á deyjanda degi kallaði þrætugjarna syni sína fyrir sig og fékk þeim stórt knippi af samanbundnum stöfum og bauð þeim að brjóta, kemur ósjálfrátt í hugann. Þeir reyndu allir, en þeim var það ekki unt. Þá bauð hann þeim að leysa stafina sundur, og þá brutu þeir þá alla eins og ekkert væri. Svona fer fyrir ykkur, sagði hann við þá. Ef þið látið band einingarinnar tengja ykkur saman, fær ekkert mannlegt að bugað ykkur. En ef bandið brestur og hver höndin verður upp á móti annarri, brotnar líf ykkar eins og stafirnir og verður ónýtt.

„Einingarband kristindómsins hefur losnað utan af miklum hluta þjóðar vorrar og sundrunargöfín eru að

brjóta sundurlausu stafina við hné sér daglega. Og þó eru stafirnir svo fáir og knippið svo lítið, þó það fengi að vera heilt. Ef þetta fær að halda áfram, eigum vér bráðum ekkert knippi, heldur hrúgu af brotnum stöfum, sem kveikt verður í og látin brenna.

Ætlunarverk íslenzku kirkjunnar er nú það, að tengja saman aftur eins marga af hinum lausu stöfum þjóðlífs vors og unt er, áður en þeir verða brotnir. Það er hún, sem á að sjá um, að knippið sé vel bundið.

Og vér látum það vera mjög fjarri oss að hugsa, að það geti ekki tekizt. Á bak við það, sem ég nú hefi verið að segja, stendur ekki neitt svartsýni eða nokkur örvænting, heldur þvert á móti hið mesta bjartsýni og hin öflugasta von. Ég er eigi svo bölbundur maður, að ég eigi viti, að hjant og fagurt veður getur orðið að morgni, þótt útlitið sé ískyggilegt í dag. Ég hefi talið upp hin dimmu teikn, sem ég sé á lofti, svo vér allir mættum sjá þau og sannfærast um þau. Dimm teikn fyrir framan oss hafa oft orðið til þess, að heitar bænir hafa stigið upp að háseti hins almáttuga kærleika um breyting á slíkum teiknum til hins betra. Og hann hefur heyrt þær bænir og notað mennina sjálfa til að breyta dimmum og ægilegum teiknum í önnur hjört og blessuð.

Ég endurtek það, sein ég sagði áður. Látum hvern mann á meðal vor, sem á eitt mustarðskorn af trú í eigu sinni, — íslenzka presta og íslenzka leikmenn, — biðja og segja: Gjör mig að verkfæri í hendi þinni, drottinn, svo að illa kristin þjóð, sem ég elska eins og lífið í brjóstinu á mér, megi á sínum tíma verða vel kristin þjóð og njóta þeirrar blessunar, sem því fylgir!

IX.

Eitt þurfum vér að varast eins og heitan eldinn, en

það eru ólukku afsakanirnar, sem nú eru tíðar. Hvað sem um er talað og að er fundið, þótt sannleikur þess ætti að vera hverjum manni með heilbrigða skynsemi: deginum ljósari, — ætíð skulu ótal afsakanir vera á reiðum höndum og allar vélar röklistarinnar settar í gang, til að sannfæra sjálfa sig og aðra um, að þetta geti nú ómögulega öðruvísi verið en það er. Mikið dæmalaust eru slíkar afsakanir fyrirrlitlegar og óhafandi. Fyrirlitlegastar verða þær þó, þar sem um kirkjuleg vankvæði er að ræða, þegar þær koma frá prestum og kirkjulegum leiðtogum. Þegar þeir fara að hefja rödd sína í hvert skifti, sem eitthvert vekjandi orð er talað og sýnt fram á hið bága kirkjulega ástand eins og það er, þá er skörin vissulega komin upp í bekkinn. Því það er svo ráð fyrir gjört, að í hverri ræðu, sem flutt er, sé sýnt meira og minna fram á hið ófuga og ranga í siðferðislegu lífi mannanna og augu tilheyrendanna opnuð fyrir brestum og löstum og siðferðislegum göllum, er alstaðar eiga sér stað í öllum mannfélögum. Og þegar söfnuðirnir taka slíkum áminningum með stöðugum afsökunum og segja: Vér erum nú allir breyskir, freistingarnar á allar hliðar og ótal ástæður, sem gjöra það býsna ervitt að yfirbuga þær, svo það er þýðingarlítið að vera að tala um þetta og gjöra það svona ljótt og skelfing syndsamlegt; vér verðum nú líklega allir eins og vér höfum verið, hvað sem sagt er, — þegar svona er talað í söfnuðinum, finst hverjum alvarlega hugsandi presti, að slíkt tal beri vott um sofandi samvizku, siðferðislegt hirðuleysi og andlegan dauða. Og það er von. En ber það þá ekki vott um nákvæmlega þetta sama, þegar það kemur frá prestunum sjálfum? Erum þeir þá ekki að hafa það fyrir öðrum, sem þeim þykir mjög vítavert í fari þeirra. Engir menn ættu að vera fljótari til að kannast við hin kirkjulegu

mein en prestarnir. Fyrst og fremst ætti samvizka þeirra að vera svo langt um betur vakandi en annarra. Og þar næst ættu þeir manna bezt að vita, hve hættulegt það er og syndsamlegt um leið, að breiða ofan á það, sem samvizkan segir manni satt að vera.

Ég byrjaði með kristilegri munnmælasögu og nú ætla ég að enda með annarri.

Abgarus, konungur í Edessa við Evfratfljótið, lá veikur og var þungt haldinn. Þá bárust honum fregnir af kraftaverkum Jesú og gjörði hann jafnskjótt sendimenn á fund hans og bað hann að koma sem skjótast til Edessa og gefa sér heilsu sína aftur eins og hann hefði gefið svo mörgum öðrum; virðist konungurinn hafa gjört sér beztu vonir um, að þessi bæn hans yrði heyrð. En frelsarinn sagði hinum útlanda sendimanni, að konungurinn yrði að biða, þangað til verk hans væri fullkomnað hér á jörðunni og líf hans á enda. Þá skyldi hann senda einn af lærisveinum sínum til að lækna líkama hans og frelsa sálu hans. En Abgarus sendi aftur á fund hans og bað hann að gefa sér mynd sína. En engum málara tókst að ná hinum guðdómlegu andlitsdráttum, ekki einu sinni hinum heilaga Lúkasi. Þá þrýsti Jesús sjálfur mynd sinni á dúk og sendi til Edessa. Og þar sem nú borgin Edessa átti þessa nákvæmu og dásamlegu mynd af frelsaranum, var hún oftir þetta öldungis ósigrandi. Jafnvel hinn völdugi Persakonungur fékk eigi unnið svig á borginni, af því hún átti þennan verndarengil, þar sem mynd frelsarans var.

Hið ytra er munnmæli, hið innra sannleikur. Sú borg, sem á mynd frelsarans, gefst aldrei upp fyrir óvinum sínum; hún er ósigrandi. Sú þjóð, sem sendir til

frelsarans í mótlæti sínu, fær myndina hans þrýsta á svitadúkinn sinn eins og konungurinn í Edessa. Og svitadúkur einnar þjóðar er þjóðlífsstarfið alt, hið kirkjulega og borgaralega, sem hún vefur öll sín tár og hjartaslög inní. Ef hún leyfir frelsaranum að þrýsta mynd sinni á þann dúk og geymir hana þar, hefur hún ekkert að óttast, hversu lítil og fámenn sem hún er. Hún vinnur þá sigur í baráttunni gegn óvinum sínum. En hve nær sem myndin hverfur og máist af, verður hún heillum horfin og þess er þá ekki langt að bíða, að hún falli í hendur Persanna.

Þér, íslenzkir prestar og íslenzkir leikmenn, sem trúðið á nafn mannkynsfrelsarans! Hann kallar til vor allra og segir: Rísið upp og þrýstið mynd minni í hjarta þjóðarinnar og á svitadúkinn hennar, svo hún fái að lifa og verða ósigrandi.

Þegar Pétur forðum spurði svip frelsarans, sem hann mætti fyrir utan borgina: *Quo vadis, domine?* — hvert fer þú, herra? — fékk hann ekkert svar. En hann sá svipinu halda áfram og inn í borgina. Og þegar ég lít upp til hans í dag og segi með Pétri: *Quo vadis, domine?* — ert þú að yfirgefa oss, herra? — fæ ég heldur ekkert svar. En ég sé í anda segl í fjarlægð úti á hafinu og undir seglinu snekkju á innsigling og í stafni snekkjunnar sjálfan hann.

Og þá sýn læt ég mér nægja.



Ræðan hennar móður hans.

Þýdd saga eftir IAN MACLAREN.

Hann var göfuglyndur piltur og reynslulausa einfeldnir frá prestaskólanum enn þá ósnortin. Hann kom á mánudaginn var á prestssetrið í frikirkjusöfnuðinum með fjögur vagnhlöss af húsmunum og móðursystur sína, sem var aldraður kvenmaður, er aldrei hafði gífst. Í þrjá daga ráfaði hann úr einu herbergi í annað í heilabrotum út af búskapnum og gaf ýmsar bendingar, sem tekið var við með gletnisfullri fyrirleitning; svo lokaði hann sig inni í lestrarherberginu sínu, til að semja stórkostlegu ræðuna sína, og móðursystir hans gekk á tánum. Við máltíðirnar á föstudaginn gaf hann í skyn, að fyrir sitt leyti hefði sig helzt langað til að flytja sem óbrotnasta ræðu, og það mundi hann líka hafa gjört, ef hann hefði verið privatmaður, en af því hann hefði fengið verðlaun af opinberu fé, ætti þjóðin von á stórkostlegri ræðu. Hann ætlaði að vera gættinn og hreint ekki framur, en sjálfs sín vegna gæti hann ekki annað en lýst ástandinu í heimi guðfræðislegra hugsana og hann mætti til með að koma með eina eða tvær tilvitnanir úr Ewald.

Móðursystir hans var guðhrædd kona; hún hafði þessi traustu tók á sannleikanum og þessa viðkvæmu, en

dulu trú, er tilsamans gjöra skoðka guðsóttann svo fagran. Það kom vandræðasvipur á hana. Meðan presturinn var að tala, svona unglingslega ánægður með sjálfan sig, hvarflaði hugur hennar inn í herbergi, þar sem þau höfðu bæði staðið fyrir fimm árum við dánarbeið móður hans.

Hann var frá sér af harmi þann dag og rúmið skalf af ekkannum hans, því hann var einkasonur móður sinnar og föðurlaus og móðir hans var nú að kveðja hann, hugrökk og trúföst fram í andlátíð.

„Gráttu ekki svona, Jón, og láttu ekki hjartað þitt springa, því það er guðs vilji, og hann er ætíð bestur.“

„Hérna er úrið mitt og keðjan“, og hún lagði það við hlið sonar síns, en hann gat ekki snert það og vildi ekki lyfta upp höfðinu; — „þegar þú finnur keðjuna um hálsinn á þér, minnst þú mig á faðminn hennar móður þinnar.“

„Þú ætlar ekki að gleyma mér, Jón, ég veit það vel, og ég skal aldrei gleyma þér. Ég hef elskað þig hér og ég skal elska þig hinum megin. Það skal engin stund líða, án þess ég biðji fyrir þér, og þá veit ég betur, um hvað ég á að biðja, en meðan ég var hér, svo þú mátt ekki vera svona skelfing sorgbitinn.“

Þá fálmaði hún eftir höfðinu á honum og strauk hendinni yfir það einu sinni enn, en hann gat hvorki litið upp né mælt orð af munni.

„Gáttu í fótspor frelsarans, og ef hann vill leggja krossinn sinn á herðar þér, mátt þú ekki færast undan, því hann ber ætíð þyngri endann sjálfur. Hann hefur leitt móður þína öll þessi ár, og verið mitt eitt og alt, síðan hann faðir þinn dó, og hann mun styðja mig fram í andlátíð. Hann verður með þér líka, Jón, og ég verð ætíð að hugsa um þig. Þú bregst mér ekki,“ og aum-

ingja kalda höndin hennar, sem hafði hjúkrað honum alla ævi hans, varð þyngri á höfðinu á honum.

En hann gat ekkert sagt og það dró snögglega af röddinni hennar.

„Ég get ekki séð þig núna, Jón, en ég veit, að þú ert þarna og ég á einungis eina ósk eftir. Ef guð skyldi kalla þig til að verða prestur, mátt þú ekki neita því, og fyrsta daginn, sem þú prédikar í þinni eigin kirkju, talaðu þá gott orð fyrir frelsara þinn, og ég heyri til þín daginn þann, Jón, þó þú sjáir mig ekki, og þá skal ég verða ánægð.“

Einu augnabliki seinna hvíslaði hún: „Bið þú nú fyrir mér,“ og hann hljóðaði upp: „Móðir mín, móðir mín!“

Það var fullkomín bæn og ekki hægt að biðja son Maríu betur.

„Jón,“ sagði móðursystir hans, „móðir þín er nú hjá guði,“ og hann sá dauðann í fyrsta sinni, en hann var fagur og fullur þess friðar, sem æðri er öllum skilningi.

Fimm ár voru liðin, full af hugsunum og striti, og móðursystir hans var að hugsa um, hvort hann myndi þessa síðustu bæn, eða hvort hún hefði farið fram hjá honum í sorginni.

„Hvað ert þú að hugsa um, móðursystir mín? Ertu hrædd við guðfræðina mína?“

„Ónei, Jón. Það er ekki það, drengur, því ég veit, að þú munt tala samkvæmt trú þinni, án þess að óttast nokkurn mann,“ — og hún efaði sig.

„Láttu það koma, móðursystir; þú ert eina móðirin mín núna, eins og þú veizt,“ og presturinn vafði handleggnum utan um hana, „og um leið sú bezta, fallegasta og inndælasta móðursystir, sem nokkur maður hefur átt.“

Fyrir innan sjálfssálit unga námsmannsins var góður drengur með heilbrignt hjarta.

„Fyrirverður þú þig ekki, Jón, að gjöra gys að gömlu kerlingarskari? — En það er ekki til neins að skjalla mig. Ég þekki þig of vel;“ og þegar hún gáði að, hverjum hann var líkur, fylltust augun alt í einu.

„Hvað gengur að þér, móðursystir? Ætlar þú ekki að segja mér það?“

„Þú mátt ekki reiðast mér, Jón; en ég er að hugsa um sunnudaginn; því ég hef einlægt síðan þú varst kallaður til *Drumtochty* verið að biðja, að það yrði heilladagur og ég fengi að sjá drenginn minn koma til fólksins síns með fegurð drottins yfir sér, eins og stendur í gamla spádóminum: „Hversu fagrir eru fætur þess sendiboða á fjöllumunum, sem fagnaðartíðindin flytur, sem friðinn kunngjörir,“ og svo hætti hún aftur.

„Haltu áfram, móðursystir, haltu áfram,“ hvíslaði hann; „segðu alt, sem þér er í huga.“

„Það er ekki fyrir mig, einfalda gamla konu, sem enga þekking hef fyrir utan biblíuna og barnalærdóminn, að ætla að kenna þér, og það er ekki fyrir það, að ég sé hrædd við nýju skoðanirnar þínar eða um trúna þína, því ég man ætíð eftir því, að það eru margir hlutir, sem guðs andi á eftir að kenna, og ég veit það vel, að sá maður, sem fylgir frelsara sínum, villist aldrei í neinum skógi. En það er fólkið, sem ég er hrædd um, Jón, sauðahópurinn, sem drottinn hefur fengið þér til að gefa fótur í sinn stað.“

Hún gat ekki séð framan í hann, en hún fann, að hann þrýsti ofur hægt utan um höndina hennar og hún fékk meiri kjark.

„Þú verður að muna það, drengurinn minn, að það er hvorki gáfað né lært fólk eins og þú ert, heldur bara

blátt áfram bændafólk, hver með sína freisting, og sárlega þjáð af áhyggjum þessa heima. Það þarf ljóslega hugsuð orð til að hugga hjörtu þess og til að sýna því leið eilífs lífs. Þú segir það, sem rétt er, ég efast ekkert um það, og allir verða ánægðir með þig; en, góði drengurinn minn, vertu viss um, að þú komir með gott orð fyrir frelsara þinn.“

Presturinn varð náfödur og höndin hné niður. Hann stóð snögglega á fætur og gekk fram að dyrunum, en um leið og hann gekk út, gaf hann móðursystur sinni þetta talandi augnatillit, sem einungis þeim fer á milli, er staðið hafa saman í sorg. Sonurinn hafði ekki gleymt bæn móður sinnar.

Garðinum kring um prestssetrið hallar til vesturs; og þegar presturinn var að ganga fram og aftur á þessum litla ferhyrnda bala, sem furutrén stóðu á verði í kring um, var sólin að síga bak við hnjúkana. Dökkleitum skýjabólstrum tók að hlaða saman undir kvöldið, og hótuðu þeir að skyggja á sólsetrið, sem var fegursta sjónin, er nokkurn tíma bar fyrir augu fólksins í Drumtochty og sannarlegt náðarmeðal fyrir hvert hjarta í dalnum með ofur litla tilfinning. En sólin hafði hrundið skýjunum til beggja hliða og helti dýrð sinni gegnum þau og hlóð ljósbylgjunum kring um sig um leið og hún gekk þessa skínandi braut gegn um hlið vestursins. Presturinn nám staðar fyrir þessari sýn, andlit hans laugaðist gullestri dýrð, og svo rann gullsliturinn fyrir augum hans yfir í logandi rautt og hið rauða faldaðist lifrauðu og grænu. Slíkri náttúrudýrð getur ekki hönd neins málara náð, né neitt mannlegt myndunarafi. Honum fanst einhver dýrðlingur hafa sigrihrósandi haldið innreið sína gegn um hliðið inn í borgina himnesku, fagaður blóði lambsins, og kvöldroðinn frá æfi móður

hans lagðist hátíðlega yfir sálu hans. Síðasti votturinn um sólsetrið var horfinn af hnjúkunum, þegar presturinn gekk inn, og andlit hans var eins og þess, sem séð hefur sýn. Hann bað móðursystur sýna að hafa kvöldbænirnar um hönd með vinnukonunni, því hann vildi fá að vera einn í lestrarherberginu sínu.

Það var ánægjulegt herbergi á daginn með glugga til suðurs, og gegn um hann gat presturinn séð rósirnar laggjast upp að rúðunum og snáapalda með fram gangstígnum í garðinum; það var líka gluggi til vesturs, svo hann gat horft á hvern dag deyja. Það var þægilegt herbergi núna, þegar búið var að draga gluggatjöldin fyrir og ljósið frá lampanum lagði á bækurnar, sem hann unni hugástum og sögðu hann ávalt velkominn. Hann hafði raðað þessum dýrkeyptu fjársjóðum frá námsárunum í dálitinn bókaskáp og hafði nú hugsað gott til þeirrar óviðjafnanlegu ánægju, að eyða kvöldinu með því að lesa hitt og þetta. En bækurnar hurfu honum úr huga, þegar honum varð litið á ræðuna, er lá þar sem birtan frá lampanum var sterkust og beið síns dóms. Hann hafði lokið við síðustu blaðsíðuna himinglaður og flutt hana út við suðurgluggann og hepnast það svo vel, að hann undraðist yfir sjálfum sér. Hann vonaði samt, að hann yrði aldrei drambsamur, og yrði ekki kallaður til Edinborgar fyrstu tvö árin að minsta kosti. Og nú tók hann blöðin upp óttasleginn. Þessa skáldlegu byrjun með dæmum úr mannkynssögunni, þetta yfirlit yfir nýja heimspeki með sláandi tilvitnunum, þessa skorinorðu ádeilu á gamaldags skoðanir fann hann að honum var ómögulegt að flytja. Því tilheyrndurnir voru horfnir og að einn hann eftir með þreytulegt, en síungt andlit og angurblið augu, sem mændu óþreyjufull á hann. Tvisvar vöðlaði hann ræðunni sam-

an í hendi sér og sneri sér að eldinum, sem móðursystir hans hafði kynt, og tvisvar iðraðist hann og slétti úr henni. Hvað annað gat hann haft að bjóða fólki nú? En þá heyrði hann gegn um kyrðina í herberginu rödd: „Tala þú gott orð fyrir frelsara þinn!“

Næsta augnablik kraup hann fyrir framan eldstæðið og rak mikla verkið sitt, sem koma átti Drumtochty sókn til að skjálfa, inní miðjan rauða logann; hálfbro- andi og hálfgrátandi horfði hann á áhrifamiklu orðin: „gyðinglegar umbúðir“ engjast saman og hverfa. Þegar seinasta svarta flygsan hvarf honum, mændi sama andlitið á hann aftur, en í þetta sinn voru yndislegu mórauðu augun full af friði.

Það var ekkert snildarverk, heldur viðvaningssam- setningur eftir ungling, sem lítið var að sér og lítið þekkti heiminn. Að líkindum hefði ræðan gjört hvorki ilt né gott, en hann hafði gjört sitt bezta, og hann bar það fram sem aðra kærleiksfórn, og ég ímynda mér, að ekkert í mannlegu lífi sé guði eins dýrmætt, hvorki fögur orð né fræg verk, og fórnir kærleikans.

Tungsljósið streymdi inn í svefnherbergið hans með silfurtærri birtu og honum fanst, að móðir hans væri hjá honum. Rúmið hans var tjaldað hvítum refum og stóð þarna eins og vofa; hann mundi, að móðir hans hafði kropsið við hlið þess á hverju kvöldi og beðið fyrir hon- um. Hann er nú drengur aftur og biður „faðir vor“; svo kallar hann aftur: „móðir mín, móðir mín!“ og óumræðileg vellíðun gagntekur hjarta hans.

Bænin hans morgunian eftir var mjög stutt, en á eftir stóð hann við gluggann dálitla stund, og þegar hann sneri sér við, sagði móðursystir hans:

„Þú verður búinn með ræðuna þína, og hún verður þess verð, að eftir henni sé tekið.“

„Hvernig veiztu það?“

En hún að eins brosti. „Ég heyrði, að þú varst á bæn.“

Þegar hann lokaði lestrarherberginu sínu að sér þennan laugardagsmorgun, gekk móðursystir hans inn í herbergið sitt uppi á loftinu, og hann vissi, að hún fór þangað til að biðja fyrir honum.

Stundu seinna var hann á gangi fram og aftur í garðinum í svo æstum hugsunum, að hann marði með fætinum rós, sem lá á stígnum, og þá sá hún andlit hans alt í einu verða hjartara; hann flýtti sér inn í húsið, en tindi fyrst nokkur eilífðarblóm. Um kvöldið fann hún þau ofaná ræðunni hans.

Tveim stundum seinna — því enn þá var hún á bæn og verði, jafn-trúföst við móður og son — sá hún hann koma út og ráfa í garðinum í glöðu skapi. Mörðu rósina tók hann upp og stakk henni í frakkann sinn; hann losaði um síðrildi, sem fast hafði orðið í vef, og grúfði sig niður í blómstrandi ilmvið. Þá skildi hún, að hjarta hans var fult af kærleika, og var þess fullviss, að alt mundi ganga vel að morgni.

Þegar klukkan tók að hringja, reis presturinn upp af knjám sér og gekk inn í herbergi móðursystur sinnar til að láta hana skryða sig, því það var samningur á milli þeirra.

Hempan hans lá þar breidd út, úr svörtu ljómandi silki, en hann settist ráðalaus niður.

„Móðursystir mín, hvað eigum við til bragðs að taka? Ég hef gleymt spöðunum.“

„En ég hef ekki gleymt þeim, Jón, og hér eru sex þör, búin til með mínum eigin höndum, og sittu nú kyrr meðan ég bind um hálsinn á drengnum mínum.“

Þegar hún var búin að hagræða þeim og hann var til að fara, urðu þau alt í einu undur alvarleg.

„Kystu mig, móðursystir!“

„Fyrir hana móður þína, og hennar guð sé með þér.“

Og svo gekk hann gegnum garðinn fram hjá ilmviðnum og inn í kirkjuna; þar beið alt kirkjufólkið í Drumtochty, sem komist gat úr rúminu, og helmingurinn af ríkiskirkjusöfnuðinum með öndina í hálsinum.

Ég sat hjá móðursystur hans í prestskonusætinu og ég mun ætíð verða þakklátur fyrir, að ég var við þá guðsþjónustu. Þegar vetrarríkið spennir dalinn greipum, legg ég á stað í ferðalög og um mína daga hef ég veitt mörgum guðræknisathöfnum eftirtekt. Ég hef verið í Tjaldbúðinni hans Spurgeons og séð fólk eitt augnablikið grátandi, en annað hlējandi; ég hef heyrt til prestsins Liddon í Sankti Páls kirkjunni, og ómurinn af hans háu, hreinu rödd hljómar mér enn í eyrum: „Vakna þú, vakna þú; íklæð þig styrk þínum, Síonsborg!“ Ég hef verið við hámessu í Sankti Péturs kirkjunni og staðið í hálfrökkkrinu í dómkirkjunni í Flórens, þar sem faðir Agostínó með þrumurödd afhjúpaði spillingu nútímans. En aldrei hef ég skilið ósýnilega heiminn eins vel og þennan dag í frikkirkjunni í Drumtochty.

Það er ekki unt að gjöra sér grein fyrir andlegum áhrifum; þau eru að mestu leyti eins og loftið. En hér hjálpuðu ýms atvik til. Manni fór undir eins að þykja vænt um þennan unga prest, þegar hann við fyrstu guðsþjónustuna sína lét syngja annan sálminn, því það sýndi, að hjarta hans var fult sonarlegri lotningu, og fjöldi viðstaddra tók þegar að blessa hann í hjarta sínu. Enginn skoðkur maður getur nokkurn tíma sungið

„Guð vorra fedra, vertu æ

guð vor, sem þeirra erum börn“

með óhræðu hjarta. Ég var þess þegar fullviss, að presturinn geymdi göfugar tilfinningar í brjósti, er hann

huldi andlit sitt og þagði, eftir að hafa hert sig upp og reynt að taka undir. Hann varð ekki minni maður í álitinu voru, þó dálftill óstyrkur væri á honum, og tveir eða þrír gamlir menn, sem höfðu grunað prestinn um sjálfbirgisskap, gáfu honum hjórtu sín, þegar honum tipaðist í faðir-vori og hann gleymdi tveimur bænunum. En vér vissum, að það var enginn óstyrkur, sem kom honum til að þagna í tíu sekúndur, þegar hann hafði beðið fyrir ekkjum og munaðarleysingjum, og í þögninni, sem þannig féll á, var andi drottins yfir oss. Æskan var honum meðmæli, af því hann var látlaus, því allar mæðurnar höfðu komið með orðlausa bæn um, að auningja piltinum mætti farast vel fyrsta sunnudaginn, af því hann væri að eins tuttugu og fjöggra. Ræðutexta get ég aldrei munað og orð úr ræðum ekki heldur; en efnið var Jesús Kristur. Og áður en hann hafði talað í fimm mínútur var ég, sem stend fyrir utan kreddur og kirkjur, sannfærður um, að Jesús Kristur væri nálægur. Presturinn hvarf oss sjónum, en það reis upp myndin af honum frá Nazaret, sem heitast elskar hverja mannlega sál, og auglit hans var fult angurbliðri þolinmæði, eins og á myndinni af meistaranum eftir Sartó í Boðunarkirkjunni; og hann rétti út hendur sínar til gamla fólksins og litlu barnanna eins og hann gjörði í Galílen fyrir dauða sinn. Rödd hans hefði getað heyrst á hverju augnabliki, eins og ég hef smyndað mér hana á einveru- stundum mínum við vetrareldinn eða þegar ég hef verið einmana á fjöllum uppi, — mild, lág og laðandi, ómandi eins og hljóðfærsláttur í instu fylgsnum hjartans: „Komið til mín. . . . og ég mun gefa yður hvíld.“

Um leið og þögn kom fyrir í ræðunni leit ég fram eftir kirkjunni og sá, að hitt fólk var ekki síður heillað. Donald Menzies hafði fyrir löngu verið fríðinn upp í

þriðja himin og heyrt orð, sem ekki er leyflegt að tala. Campbell, sem sat í gæzlumannssætinu aftast, hafði lokað augum sínum og var að biðjast fyrir. Konurnar táföldu í kyrrþey og hárðneskjan í andlitum karlmanna var orðin mildari og blíðari, eins og þegar geislar kvöldsólarinnar leika um fjallsgnúpu.

En það, sem mig lengst mun reka minni til, var að sjá Margrétu Howe. Andlit hennar var hvítt eins og dauðinn og fallegu gráu augun hennar skinu gegnum táraskýin, svo ég varð var við glampann, þar sem ég sat í prestskonusætinu. Hún var að hugsa um Gunnlaug og hún var nú búin að gefa prestinum hjarta sitt.

Öldungarnir réttu prestinum höndina hver á fætur öðrum í skrúðhúsinu; og þeir voru guðhræddustu mennirnir í dalnum, þó þeir væru óbrotnir bændur og fremur ófríðir; enginn talaði orð nema Búrnbrae.

„Ég varð nærri því af með jörðina mína fyrir frí-kirkjuna, og ég mundi hafa unnið það til að vera hér í kirkjunni í dag, að verða af með tíu.“

Donald gekk heim með mér, en sagði einungis:

„Maður nokkur var sendur af guði; hann hét Jóhannes.“*) Heima við bæinn bætti hann við: „Vinur brúðgumans gleðst mjög við rödd brúðgumans.“

Undir ilmviðnum fyrir innan hliðið beið kona ein.

„Ég heiti Margrét Howe og er konan hans Vilhjálms Howe í Whinnie Knowe. Einkasonur minn ætlaði að verða prestur, en guð kallaði hann til sín fyrir nærri ári síðan. Þegar þér fluttuð fagnaðarboðskapinn um Jesúm í dag, heyrði ég röddina hans og ég fékk ást á yður. Ég hef heyrt, að þér eigið enga móður á jörðunni og ég á engan son; og mig langaði til að segja við yður,

*) Á ensku er Jóhannes og Jón sama nafnið.

að ef yður langaði nokkurn tíma til að tala við nokkra konu eins og það væri hún móðir yðar, skylduð þér koma til Whinnie Knowe, og það skal verða mér ein af huggunarstundum drottins.

Móðursystir hans gat hvergi fundið hann nema í lestrarherberginu, og þegar hann leit á hana, skalf vörin hans, því hjartað var stungið af sárri hugarkvöl.

„Móðursystir, ó, að hún hefði ekki þurft að sjá þennan dag og bænir hennar hefðu verið heyrðar!“

En móðursystir hans fleygði sér um hálsinn á honum.

„Vertu ekki hugsjúkur, drengurinn minn, og ekki trúarlítill. Móðir þín hefur heyrt hvert orð og er ánægð, því þú gjörðir þetta í hennar minningu, og þetta var ræðan hennar móður þinnar.“

Ambátt drottins.

Eftir MATTHÍAS JOCHUMSSON.

„Sjá, ég em ambátt drottins!“ Lúk. 1, 38.

Í eyrum heyrir óminn hið unga, hreina sprund,
er engils heyrði hljómiun, og hugsar langa stund;
af gleði hlaut að gráta af gæzku skaparans,
og jafnan sama játa: „Sjá, ég er ambátt hans.“

Hvað merkja mun sú kvefja, ó, mildi drottinn hár?
Vill guð mig svo mjög glefja? eða geymir þetta tár?
Ei skipan guðs má skilja, svo skamt er auga manns;
en víst ég hef þann vilja, að vera þerna hans.

Í honum hlýt ég hvíla, er hefur mig svo kætt,
og efast ei né vila, þótt eitthvað mót sé stætt;
ég tek í böli' og blíðu við boði guðs til manns,
sem hæfir þeli þýðu og þernu skaparans.

Og sæi' ég sendiboða þá sömu koma braut,
og dýrri' en dagsins roða hann djásn mér legði' í skaut:
ég mundi höfuð hneigja, því herrans skil ei veg,
og bljúg og hrærð mig beygja, því barnkind guðs er ég.

Og sjái' ég sorgarboða í sal minn ganga inn,
sem birti ból og voða, svo brynni tár á kinn;

ég skyldi þiggja' og þegja hinn þunga raunaveg,
og eins og áður segja, því ambátt drottins er.

Og líði væna vorið, en vetur komi' í garð,
og sjái' ég burtu borið mitt bú og sumararð,
og veröld verði að gleyma, hvar vist ég telji m
ég á þar ávalt heima sem ambátt drottins er.






Ef öðlingsrettir ginna og aðalsblóð í mér,
María skal mig minna, að mjúklynd sé sem ber.
Hvað stoðar djásnið dýra og demantsteina hér,
ef skruðann vantar skíra, sem skaparans þernu ber?

Og þó ég hljóti' að þreyja, sem þerna sitja lágt,
og þiggja margt og þegja og þola' og eiga lágt:
í allri eynd og hættum þann innri vott ég ber:
af háum em ég settum, því ambátt guðs ég er.

Svo lengi lífs sem dvel ég og lifir fjör í æð,
mig forsjón þinni fel ég, minn faðir, guð í hæð!
En líf þá lyktað hefur, mér leið sé minning sú:
„Í guði sætan sefur hans signuð þerna trú.“



IMAGE EVALUATION TEST TARGET (MT-3)



APPLIED IMAGE Inc
1653 East Main Street
Rochester, NY 14609 USA
Phone: 716/482-0300
Fax: 716/288-5989

© 1993, Applied Image, Inc., All Rights Reserved

0
E E E E E
28
32
36
22
20
18

10
E E E E E
28
32
36
22
20
18

Bindindi.

Eftir JÓN BJARNASON.

Frédikan flutt í Fyrstu lútersku kirkju í Winnipeg á fyrsta
sunnudag í aðventu (28. Nóv.) 1897.

(Guðspjall dagsins: Matt. 21, 1—9, og pistill dagsins:
Róm. 13, 11—14.)

Inn á ársþing kirkjufélags vors, það er haldið var
síðastliðið sumar, kom nokkurskonar áskoran eða
beiðni frá hinu alkunna og vítt útbreidda „kristilega
kvenfélagi til stuðnings bindindi“ (*Women's Christian
Temperance Union*) um það, að kirkjupingið mælti
með því, að prestar safnaða vorra veki athygli al-
mennings á bindindismálinu í prédikunum sínum á
þessum degi, fjórða sunnudegi í Nóvembermánuði.
Kirkjupingið samþykkti, að þessi áskoran skyldi tekin
til greina. Og samkvæmt þeirri ályktan hef ég í þetta
skifti ásett mér að tala um þetta sérstaka efni, bind-
indismálið, í ljósi kristindómsopinberunarinnar.

En það er til í kirkju vorri önnur ályktan, miklu
miklu eldri, um það, hvað vera skuli aðalefnið í præ-
dikunum þeim, sem kennimenn safnaðanna flytja fólki
á þessum degi. Því dagurinn í dag er kirkjulegur
merkisdagur, sem stendur að nokkru leyti alveg einn í
sinni röð á meðal allra drottinsdaganna á árinu. Í

dag er fyrsti sunnudagur í aðventu, og með þeim sunnudegi byrjar kirkjuárið. Vér erum þannig nú í tímanum staddir á nýársdegi, hinum kirkjulega nýársdegi. „Sjá, konungur þinn kemur til þín hógvær“ — segir í guðspjalli þessa dags. Konungur kristinnar, drottinn vor Jesús Kristur, kemur hógvær, svo yfirlætislaust og lítilmótlega, að fólk veitir honum iðulega enga eftirtekt. Og hinn kirkjulegi nýársdagur, sem tilsettur hefur verið til endurminningar um drottin til vor komanda eða um komu guðs ríkis hingað inn í syndugan og sorgum hlaðinn mannheiminn, — hann kemur einn árshringinn eftir annan með sömu hógvæðar- eða auðmýktar-einkennunum. Menn veita honum svo undur litla eftirtekt. Menn muna yfirhöfuð að tala ekki eftir honum fyrr en hann er kominn og þeir við guðspjónusturnar í kirkjunum eru á það mintir, að nýtt kirkjuár sé þá að ganga í garð. Og þegar þessi samþykkt var gjörð á kirkjuþingi voru í sumar, sem leið, að prédikað skyldi þennan dag, seinasta sunnudaginn í Nóvember, út af bindindismálinu, þá mundi að líkindum enginn af oss kirkjuþingsmönnum um eftir því, að aðventan og kirkjuárið byrjar einmitt þennan sama sunnudag. Þegar ég fyrst gætti að þessu, hafði ég sterka tilhneiging til, að því er sjálfan mig snerti, að leiða kirkjuþingsályktanina fram hjá mér á þessum degi, en minnst heldur bindindismálsins í prédikan einhvern annan sunnudag. En er ég fór að virða fyrir mér hinar gömlu fastákveðnu bibluflexur dagsins, pistilinn og guðspjallið fyrir fyrsta aðventusunnudaginn, þá sá ég, að í báðum þeim guðs orðs köflum er boðskapur, sem mjög er náskyldur bindindishugmyndinni í kristilegum skilningi, og að það gæti

því að engu leyti komið í bága við hið gamla fastá-kveðna prógramm fyrir þennan kirkjulega merkisdag, þó að þetta sérstaka efni, bindindismálið, væri nú dregið fram í prédikaninni.

Ég ætla fyrst að leiða athygli yðar allra, tilheyr-endur mínir, að nokkru, sem stendur í guðspjallinu. Um leið og frelsarinn býður hinum tveim lærisveinum að fara til þorpsins Betfage og sækja þangað hin tvö dýr, sem hann þurfti á að halda til innreiðarinnar í Jerúsalem, þá tekur hann þetta fram: „En segi ein-hver nokkuð til yðar, þá segið, að herra ykkar þurð þeirra við, og þá mun hann jafnsnart láta þau laus.“ Hin konunglega, en jafnframt hógværa og lítilmótlega innreið Jesú til Jerúsalemsborgar forðum fám dögum áður en hann kastaði sér út í píslirnar og krossfesting-dauðann jarteiknar æfinlega fyrir kristnum lýð hina andlegu komu hans til kristins safnaðar, eða, sem er hið sama, uppfylling þessara bænarorða í faðir-vorinu: „Til komi þitt ríki!“ Æfinlega, þegar hann kemur, æfinlega, þegar boðskapurinn guðlegi útgengur til syr-ugra manna um það, að hann sé á ferðinni, til þess komandi með sína náð, frelsanina og sáluhjálpinu, fylgir þeirri komu eða þeim boðskap heilög, guðleg krafa til allra um það, að þeir verði að láta svo og svo mikið laust við hann, sleppa því, slíta það frá sér, kasta því burt. Því að öðrum kosti fái þeir ekki notið komu hans, ekki þegið þá frelsan, sem hann hefur meðferðis, ekki glaðst af náðinni hans og fagnaðar-boðskapnum hans, ekki í neinni alvöru þakkað fyrir þá blessan, sem hann komandi réttir að ósjálfbjarga syndugum mönnum hér á jörðinni. Frelsarinn gekk út frá því eins og nokkru sjálfsögðu, að ósnunni og

ösnufolanum myndi af eigendunum verða slept við hina tvo útsendu lærisveina óðar en þeir fengi að vita, að hann, herrann þeirra og meistari, þyrfti þeirra við. Og hann gekk út frá því sem sjálfsögðu fyrir þá sök, alveg vafalaust, að hann vissi, að líka þeir, eigendur dýranna, trúðu á hann, höfðu líka í hjartans alvöru gjörst hans lærisveinar. Allir slíkir eru æfinlega við því búnir, að verða að láta alt það laust við hann, sem honum þóknast af þeim að heimta. Það, sem við þetta sérstaka tækifæri var heimtað í hans nafni sem hjálparmeðal við innreiðina í Jerúsalem, er vitanlega reglulegasta smáræði. En þetta smáræði verður að stóratrúði, þegar þess er gætt, að það jarteiknar sérhvað eina, bæði stórt og smátt, sem drottinn heimtar af oss mönnunum að látið sé við hann laust sem skilyrði fyrir því, að ríkið hans fái til vor komið eða vér út af komu þess fáum notið hinnar frelsandi náðar hans. En sérstaklega verður smáræðið að stóratrúði, þegar um það er hugsað, að sumir gjöra svo stórt númer úr jafnvel hinum smæstu sjálfsafneitunarkröfum, sem til þeirra koma úr kristindómsins átt, að þeir út af þeim einum láta til æfiloka fyrirberast fyrir utan dyrnar á guðs ríki, eða láta þær kröfur, þótt þeir einu sinni hafi átt þar heima, verða til þess að gjöra vist sína þar ómögulega og koma sér til þess að leita þaðan útgöngu.

Þegar þú, maður, neitar drotni þínum um að láta laust við hann eitthvert smáræði, sem hann af þér heimtar, fórna einhverri smáfórni, sem þú ert beðinn um í hans nafni, þá er það æfinlega hið alvarlegasta stóratrúði; því það getur hvenær sem vill þýtt það, að þú sért að útiloka þig úr guðs ríki, eða hindra útbreiðslu þess með hinni frelsandi náð guðs og sálhjálp-

inni til annarra manna. Vér lesum um lærisveina drottins til forna í sögunni um hinn mikla yfirnáttúrlega fiskidrátt: „þeir yfirgáfu alt og fylgdu honum“ (Lúk. 5, 11). Það var stóratríði. En vér lesum líka um forherðinguna, sem kom fram í sinni ægilegu fylling hjá höfðingjum Gyðinga og meginþorra Jerúsalemsbúa eftir að Jesús hafði lokið innreið sinni til hinnar helgu borgar. Og um þá forherðing og þá hræðilegu eyðilegging fyrir land og lýð, sem þar með fylgdi, spáir Jesús grátandi við þessa sömu innreið. Það alt er sýnilega stóratríði, svo hryggilegt stóratríði, sem unt er að hugsa sér. En það hryggilega stóratríði átti sína dýpstu rót í því, að enginn af þessum forherta, dæmda lýð hafði fengist til þess að láta það laust við Jesúm, sinn eigin fyrirheitna Messías, sem hann af einskærum kærleika heimtaði að þeir slepti út úr hjörtum sínum og lífi.

Vinir mínir, alt, sem frelsarinn heimtar að sé lát-ið laust, nú eins og forðum á hans holdsvistardögum, í gær og í dag og að eilífu, allar fórnirnar, sem hann biður um, öll sjálfsafneitanin, sem kristindómsorðið heldur að mönnum sem skilyrði fyrir því, að guðs ríki geti til þeirra komið eða hjá þeim haldizt, — það er bindindi, bindindi í kristilegum skilningi. Að því, er til vor mannanna kemur, er hálfur kristindómurinn bindindi, sjálfsafneitan, fórn, syndflýjandi, guðelskandi kærleiksfórn. Og að því, er til guðs kemur, er allur kristindómurinn bindindi, sjálfsafneitan, fórn. „Svo elsaði guð heiminn, að hann gaf sinn eingetinn son, til þess að hver, sem á hann trúir, ekki glatist, heldur hafi eilíft líf.“ Guð leggur sitt eigið hjarta í sölurnar syndugra manna vegna. Guðs sonur sleppir

hinni himnesku dýrð og sælu til þess að lifa heilögu fórnarlífi og deyja kvaladauða krossfestingarinnar. heilögum friðþægingardauða, hér niðri á jörðinni, svo hin synduga kynslóð mannanna fái frelsast. Það er kærleikur, sjálfsafneitan, bindindi. Vér trúum á bindindi hjá guði. Og vér trúum á bindindi hjá öllum lærisveinum frelsarans eins og sjálfsagðan ávöxt af bindindinu hans, fórnargjörðinni hans.

Á hið fyrra erum vér mintir með sögunni allri um innreið Jesú til Jerúsalemsborgar, haldandi því föstu, að með þeirri innreið kastaði hann sér fyrir fult og alt út í ofsóknirnar, píslirnar og dauðann. Og á hið síðara erum vér mintir með þessum orðum úr sömu sögunni: „og þá mun hann jafnsnart láta þau laus.“ Guðspjallið á fyrsta sunnudag í aðventu er þá í sannleika bindindisguðspjall. En þó snertir pistill dagsins, hin lexían, sem útvalin hefur verið af kirkjunni endur fyrir löngu fyrir fyrsta dag kirkjuársins, úr 13. kap. Rómverjabréfsins, enn þá meir beinlínis bindindismálið. Því um leið og postulinn þar með heilögum anda yfir sér minnst þess, að nóttin sé umliðin og dagurinn í nánd, heiðindómsnóttin langa, ömurlega að þoka fyrir dagsbirtu kristindómsopinberunarinnar, kemur hann fram með ýmsar hátíðlegar éskoranir til allra lesenda og heyrenda bréfs síns eins og nokkuð alveg sjálfsagt í sambandi við þau andlegu tímamót: „Leggjum því af verk myrkursins og íklæðumst herklæðum ljóssins. Framgöngum sómasamlega eins og á degi, ekki í ofáti eða ofdrykkju, ekki í sáurlífnaði né munaðarlífi, ekki í þrætu né öfund; heldur íklæðizt drotni Jesú Kristi, og alið ekki önn fyrir holdinu til að æsa girndir.“ Það geta allir heyrt, að þetta er

þessinn bindindisprédikan. Allar þessar postullegu áskoranir til kristinna manna beinar bindindisáskoranir. Og þær allar frambornar af þeim manni, sem játar um sjálfan sig, að þó að hann sé engum manni háður, hafi hann samt gjört sjálfan sig að hvers manns þjóni, á meðal Gyðinga sem Gyðingur, hjá lögmáls-mönnunum eins og undir lögmálinu, hjá hinum lögmálslausu sem lögmálslaus, meðal hinna óstyrku sem óstyrkur, — maður, sem eftir að hann hafði gengið frelsaranum á hönd kappkostaði að vera og í sannleika var öllum alt, svo hann með þeirri þjónustu og þeirri sjálfsafneitan fengi hjálpað sem flestum inn í guðs ríki til frelsarans, — með öðrum orðum: maður, sem öllum mönnum betur, þeirra, er að eins hafa verið menn, kunni að prédika heiminum bindindi — kristilegt bindindi — með lífi sínu.

Og hugsum svo aftur um það, út af hverju hann í pistli dagsins aðallega leiðir allar þessar bindindisáskoranir. Hann leiðir þær út af þeim andlegu tíma-skiftum, sem þá eru nýkomin fyrir í mannkynssögunni, deginum, sem þá var að fæðast í heiminum út af fagnaðarerindinu um Jesúm Krist, nóttinni, sem á sama tíma og af sömu orsök var að dvína og deyja út. Hann veit, að nýtt ár, náðarár guðs, frelsisár manna, hið margumspáða, fyrirheitna júbílár trúðra er upprunnið, einmitt þá að uppreнна, í heiminum. Hann hugsar um sólina andlegu, sem stýrir þessu ári: hinn krossfesta og upprisna Jesúm Krist. Í hans nafni skyldi öll sú sjálfsafneitan, öll sú fórnargjörð, sem heimta þyrfti af mönnunum, geta orðið þeim ljúf og létt. Í hans nafni var óhætt að prédika öllum bindindi. Í hans nafni var postulinn sjálfur genginn í hið

fullkomnasta bindindi, sem unt er að hugsa sér. Og slíkt bindindi var óhætt að prédika öðrum, sjálsagt að prédika öllum mönnum um leið og hann kallaði þá inn í guðs ríki og boðaði þeim komu hins nýja náðarárs.

En ég er enn þá ekki kominn að því, sem í daglegu tali manna nú á tímum er kallað bindindi; því svo sem yður öllum er kunnugt er vanalega með því orði nú að eins átt við það, að halda sér frá einni sérstakri líkamlegri nautn, nautn víns eða áfengra drykkja. Bindindi er, eins og ég skal bráðum nákvæmar gjöra grein fyrir, biblsulegt, kristilegt orð, en í hinum gamla skilningi, hinum upphaflega skilningi, hefur það miklu miklu víðtækari merking en nú alment er í það lögð í daglegu tali almennings. Orðið er nú í meðvitund manna, líka kristinna manna, sem trúa á boðskap biblunnar eins og guðs orð og játa, að hann sé eina áreiðanlega reglan fyrir líf manna, búið að fá miklu þrengri merking en áður, svo þrönga, að það nær að eins til eins einasta bindindisatriðis. Og svo fer því víst ekki mjög fjarri, að sumir, til þess ekki að segja margir, svo kallaðir bindindismenn — í hinum nýja skilningi orðsins — sé búnir að gleyma því, að kristnir menn sé af guðs orði skyldaðir til að vera að nokkru öðru leyti í bindindi en að því, er snertir nautn áfengra drykkja. Og þeir hinir sömu menn hafa þá líka augsnílegu sterka freisting til að telja sig hafa rækt aðal-skyldu kristindómsins, að því, er til lífvernisins kemur, ef þeir að eins fást til þess að vera í vínbindindi. Þetta er nú meir en lítið slæmt, hin háskalegasta villa, sem þá og þegar getur leitt til þess, að menn óafvitandi missi frá sér kristindóminn, detti út úr guðs ríki. En á hinn bóginn liggja eðlileg söguleg rök að því, að hið

kristilega orð bindindi fór í almenningsmeðvitundinni og þar af leiðanda í hinu daglega tali manna víðsvegar um lönd að fá þessa sérstöku þröngu merking, þá merking, sem í því liggur, að neita sér um vín og aðra áfenga drykki.

Til var í fornöld bæði á gamla testamentis tíðinni og eins síðar á þeim tíma, er kristindómurinn brauzt fram með hið nýja fullkomna frelsisljós á sjónarsviði heimsins, syndsamleg ofnautn víns meðal Gyðinga og þó einkanlega á meðal heiðingja. Enda heyrum vér postulann í pistli dagsins beinlínis nefna ofdrykkjuna á nafn, svo sem eitt atriði í óhæfu þeirri, er kristnir menn endilega verði að slíta sig frá. Og til var samskonar ofnautn alla fornöldina út og á öllum miðöldunum. Og að sjálfsgöðu var öll sú ofnautn háskaleg bæði fyrir hið líkamlega líf og hið andlega líf manna, sem gjörðu sig seka í þeim ósóma, og samkvæmt guðs orði fordæmanleg. En alla þá ofnautn allra þeirra alda er þó að eins sem smáræði að telja í samanburði við ofdrykkjuna, sem hófst í heiminum, og það einmitt hinum kristnu mentalöndum heimsins, eftir að komið var fram á 17. og 18. öld, eftir að menn höfðu lært þá sprótt, þá háskalegu sprótt, að leiða fram úr ríki náttúrunnar þann árstraum áfengra drykkja, sem síðan hefur flotið út yfir borgir og byggðir landanna. Áður gátu tiltölulega fáir beinlínis lagst í drykkjuskap. En eftir að þessar uppfundningar voru gjörðar gátu svo að segja allir orðið drykkjumenn. Hinir áfengu drykkir voru orðnir svo ódýrir. Og allir eða svo að segja allir gátu til þeirra náð. Nú gátu bláfátækir menn alt að því eins hæglega og ríkismennirnir notið lífsins, eins og það einatt er kallað, með því að hýrga sig með

áflengum drykkjum. Það var komin ný eða svo gott sem ný, hræðilega aukin, freisting inn í mannfélög landanna fyrir fólk til þess að hníga niður í syndir og svívirðingar ofdrykkjunnar. Og þá um leið nýtt hræðilegt afl komið inn í mannkynssöguna, eða gamalt afl miklu sterkara og hræðilegra en áður, afl, sem myrkrarskið flestu öðru betur gat notað til þess að lama kristindóminn hjá þjóðum og einstaklingum, svifta menn blessan hans, setja Jesúm Krist — ekki opinberlega, heldur í kyrrþey, öllum þorra fólks nærri því ómerkjanlega — af sem hinn æðsta yfirhera í sjálfri kirkjunni.

Menn taka yfir höfuð ekki upp á því að drekka í neinum illum tilgangi. Menn drekka til þess að fá léttu lund og glaða stund. Og ef þar gæti staðar numið, þá væri öllum óhætt. Enda er beinlínis gengið út frá því í guðs orði, að vínið sé í upphafi af guði sjálfum gefið mönnum, þeim til saklauss fagnaðarauka. „Vín, sem gleður mannsins hjarta“ stendur í einum hinna guðinnblásnu Davíðs sálma (104, 15); og þar er vínið nefnt við hliðina á brauðinu, sem hin kærleiksríka forsjón guðs leggur á borið mannanna; hvortveggja jafn-góð og þakkarverð gjöf frá drotni sjálfum. Allir muna eftir kraftaverkinu, sem frelsarinn framkvæmdi í brúðkaupinu í Kana. Hann breytti vatninu í vín. Og það var meira að segja fyrsta yfirnáttúrulega teiknið, sem hann lét framkoma, til þess að opinbera sína guðlegu dýrð. Þar er sýnt, að vínið er í sjálfu sér enginn vondur, vanheilagur hlutur, og um leið, að það er einmitt af frelsaranum sjálfum ætlað mönnum til fagnaðarauka. Og í þriðja lagi er að minnast kvöldmáltíðarinnar, eins og það blessað

sakrament var innsett af Jesú Kristi. „Þetta er minn líkami“ — segir hann um leið og hann réttir brauðið að lærisveinum sínum. Og „Þetta er mitt blóð“ eða „kaleikur hins nýja sáttmála í mínu blóði“ — um leið og hann gefur þeim hverjum fyrir sig að drekka af vínbikarnum. Svo það, sem helgast er af öllu í hinni kristnu trú vorri, er einmitt af drotni sjálfum knýtt við þann líkamlega, jarðneska hlut, sem heitir vín. En sjáið nú, vinir mínir, enn þá einu sinni, hvað mjótt er mundangshófið. Sjáið, hve varlega þarf að fara hér í syndugum heimi. Sjáið, hve nærgöngull freistarinn er lærisveinunum lausnarans, hvernig hann getur notað sumt hið bezta af því, er drottinn hefur lagt miðnum upp í hendurnar, til þess að tæla þá út í synd, ógæfu og eynd, svo framarlega sem þeir ekki vaka biðjandi yfir sjálfum sér. Freistarinn birtist eins og ljóssins engill, þegar hann er að byrja sitt eyðileggj-ingarverk í lífi mannanna. Og sérstaklega gjörir hann það, þegar maðurinn í upphafi er að leiðast inn í löst-öldrykkjunnar. Það er þá að eins hugsað um það að verða glaður. En áður en nokkur veit af eru einatt takmörk gleðinnar, hinnar saklausu gleði, yfirstigin. Og syndin og sorgin, ánaúðin og eymdin, ný synd, ný sorg, ný ánaúð, ný eynd, koma í staðinn fyrir gleðina. Það er til önnur mynd freistarans. Hann gengur um kring sem öskrandi ljón, leitandi að þeim, sem hann fái gleyp. Og aldrei kemur þessi mynd hans eins greinilega út eins og þegar menn eru lengst komnir út á hina ömurlegu braut ofdrykkjunnar.

Ég leiði algjörlega hjá mér að lýsa eymdarástandi ofdrykkjumannsins. En þar á móti vil ég minna á það, að þar sem um ofdrykkjuna er að ræða, þá er þar

sú synd, sem vafalaust öllum öðrum syndum fremur er líkleg til þess að leiða manninn út í djúp spillingarinnar, gjöra út af við manninn í öllum skilningi, og um leið að kollvarpa gæfu annarra, allra þeirra, sem nánast eru tengdir lífi drykkjumannsins, varpa dimnum skugga, örvæntingarinnar skugga, yfir heimilin, byggðirnar og löndin. Skiljanlegt, að slíkir skuggar verði til út af ofdrykkjunni, þar sem þessi löstur tekur frá mönnum bæði vitið og frjálsræðið, og að minsta kosti lamar hvorttveggja stórkostlega æfinlega. — Menn sáu þessa skugga óðum fjölga og fara sívaxandi, þegar það ráð var tekið af nokkrum vitrum mannvinum nú fyrir svo sem níutíu árum að stofna hin svo kölluðu bindindisfélag. Það sýndist eina ráðið, og það var vafalaust eina skynsamlega og kristilega ráðið til þess að stemma stigu fyrir þennan ófögnuð, ófögnuð ofdrykkjunnar, sem í öllum áttum hins mentaða heims var að eyðileggja lýði landanna í bjargræðislegu tilliti, — á undan öllu öðru fátæklingana og verkamannalýðinn, og þá líka um leið að byrgja fyrir mönnum innan sjálfrar kirkjunnar frelsisljós kristindómsins. Og guði sé lof fyrir það, að þetta ráð var uppfundið og kristin kirkja tók það í sína þjónustu. Guði sé lof fyrir það, að bindindisstarfsemin er nú fyrir löngu orðin stórveldi í heiminum, stórveldi til blessunar óteljandi mönnum fyrir líkamslífi þeirra, og stórveldi engu síður til blessunar fyrir hið andlega lífi óteljandi manna. Og sérstaklega guði lof frá oss Íslendingum fyrir það, að þessi starfsemi hefur komist inn í vort þjóðlíf og borið þar sama blessunaríska ávöxtinn eins og hjá öllum öðrum þjóðum.

En þó að skylt sé með þakklæti til drottins að minnast þess stórveldis í heiminum, sem bindindis-

starfsemin nú er orðin, þá er jafnframt nauðsynlegt að hafa það hugfast; að það má líka fara illa og syndsamlega með þetta góða mál, bindindismálið, og það með, að vitanlega er á yfirstandandi tíð býsna mikið af óheilsusamlegum, rammskökkum og ókristilegum kenningum því máli viðvskjandi, kenningaöfgum, sem í staðinn fyrir að styðja að því, að frelsarinn fái innreið haldið til hinnar andlegu borgar sinnar hér á jörðu, kristilegrar kirkju, beinlínis hefta komu hans, eða, sem er hið sama, útiloka menn frá hinni frelsandi náð hans. Það má einatt heyra þá staðhæfing til nútíðarinnar bindindisprédikara, að vinnnaut sé í sjálfu sér, og þess vegna æfinlega, syndsamleg, og vinnbindindi þar af leiðandi óhjákvæmileg, æfinleg skylda allra kristinna manna. Það er reynt til að styðja þessa kenning með biblunni á þann hátt að telja mönnum trú um, að vinn það, er frelsarinn hafði við innsetning kvöldmáltíðarsakramentisins, og sömuleiðis það vinn, er hann framleiddi á yfirnáttúrlegan hátt í brúðkaupssamkvæminu í Kana, hafi verið áfengislaust vinn, vinn, sem því alls ekki hafi neitt átt skylt við hina áfengu drykki, er menn bæði á fyrri og síðari tímum hafa neytt í óhófi sjálfum sér og öðrum til skammar og skaða. En þetta er alveg tekið úr lausu lofti, jafn-ósatt eins og bindindiskenningin, sem út af því er leidd. Með ósannindum má aldrei styðja bindindismálið, hvorki þessum ósannindum né neinum öðrum. Tilgangurinn helgar ekki meðalið. Sannleikurinn er sá, að Jesús Kristur sjálfur, þó að hann væri hinn heilagi guðmaður sjálfsafneitunarinnar, var ekki bindindismaður í þeim skilningi, sem nú er oftast nær í það orð lagður, og varð einmitt sökum þess hjá hinum hræsnisfullu mönnum með farísea-réttlætinu fyrir því

brigzli að vera kallaður „vínsvelgurinn“ (Matt. 11, 19). Og lærisveinarnir hans, þeir, er hann sendi út í heiminn til þess að grundvalla ríki sitt, voru ekki heldur bindindismenn í nútíðarinnar vanalega skilningi. Hann skuldbatt þá ekki til þess og hann lét þá ekki flytja neitt þvílíkt alment skylduboð til þeirra, er fyrr eða síðar í sögu heimsins myndi trú á hann fyrir þeirra orð. Og samt sem áður er bindindishugmyndin, sú bindindishugmynd, sem sannarlega blessan hefur í för með sér, algjörlega kristin að eðli og uppruna. Aðal-undirstaða þeirrar hugmyndar er, eins og þegar er sagt, hið kærleikstulla fórnarlíf, hið heilaga sjálfsafneitunarlíf guðmannsins sjálfs, drottins vors Jesú Krists. Og þegar Páll postuli í pistli dagsins skorar á alla kristna menn að íklæðast drottni Jesú Kristi, og varar þá við, að ala önn fyrir holdinu til að æsa girndir, þá getur það gefið öllum kristilega hvöt til þess bæði með tilliti til vinnnautnar og allrar annarrar líkamlegrar nautnar, þótt í sjálfu sér geti leyfileg verið, að ganga í algjört bindindi.

En hvergi kemur þó bindindishugmyndin kristilega eins skýrt fram í heilagri ritning eins og í þessum orðum hins sama postula í fyrra bréfinu til Korintumanna (8, 13): „Ef ég með nautninni hneyksla bróður minn — það er að segja: leiði hann í hættu og synd —, skal ég aldrei að eilífu kjöt eta, svo ég ekki hneyksli hann.“ Postulinn nefnir þar eina sérstaka matarnautn, nautn algengrar fæðutegundar, sem alment er talin alveg ómissandi fyrir líkamslíf manna. Og liggur þá í augum uppi, hve heilög skylda það getur orðið frá sama sjónarmiði, sjónarmiði kristinnar trúar, fyrir kristinn mann, að vera í vínbindindi þar

allsstaðar, sem nokkrar minstu líkur eru fyrir því, að menn með sinni vinnautn verði öðrum að fótakefli, þeim til falls og eyðileggingar. Frá þessu sjónarmiði er æfinlega sjálfsagt að prédika bindindi, — ekki eigingirnnar og verkaréttlætisins bindindi, heldur það bindindi, sem byggt er á frelsinu í Jesú Kristi, bindindi kristinnar auðmýktar og kristilegs kærleika. Og alla þá bindindisstarfsemi er heilög skylda kristins safnaðar að styðja af fremsta mætti.

En munið í guðs bænum allir eftir því, að þegar í nýja testamentinu orðið *bindindi* er nefnt á nafn, þá hefir það æfinlega miklu vísitækari merking en það að halda sér frá nautn áfengra drykkja. Og merkingin er þessi: að hafa stjórn á sjálfum sér, að halda girndunum í skefjum, að hafa taum á öllum sínum náttúrlegu tilhneigingum, líka andspænis þeim hlutum, sem í sjálfu sér geta verið og eru algjörlega saklausir. Ég skal benda á aðalstaðina í nýja testamentinu, þar sem þetta orð — *bindindi* — kemur fyrir: Í Gjörðabók postulanna (24, 25) segir svo: „En er Páll kom á tal um réttlæti, bindindi og hinn tilvonanda dóm, skelfdist Felix og mælti: „Far burt að sinni, en þegar ég fæ tóm, mun ég láta kalla þig aftur.“ Hann fékk aldrei það tóm, eða hann tók sér það aldrei. Hann vildi ekki heyra meira af bindindiskenningunni postulans — sjálfsafneitunarkröfum kristindómsins. Í Galatabréfinu (5, 20) stendur þetta: „En ávöxtur andans er kærleiki, gleði, friðsemi, langlundargeð, góðlyndi, góðvild, trúmenska, hógværð, bindindi.“ Og í öðru bréfi Péturs (1, 6) kemur svo látandi áminning frá þeim postula: „Auðsýnið í trú yðvarri dygðina, en í dygðinni þekkinguna, en í þekkingunni bindindið, en í bind-

indinu þolinmæðina, en í þolinmæðinni guðræknina, en í guðrækninni bróðurelskuna, en í bróðurelskunni elskuna til allra. — Kærir tilheyrendur, styðjið bindindi í nútíðarinnar vanalega skilningi, en umfram alt verið bindindismenn í hinum víðtæka nýja testamentis skilningi. Hafið allir stjórn á sjálfum yður. Látið ekki hinar náttúrlegu tilhneigingar gjöra yður að ánaðugum syndaþrælum. Vakið við ljós guðs orðs yfir yður, svo þér ekki fallið í freistni, svo að nautn hinna jarðnesku hluta, sem í sjálfu sér eru saklausir, ekki verði yður til syndar, eyðileggingar og fordæmingar. „Alið ekki önn fyrir holdinu til að æsa girndir.“ Og hugsíð ekki hver út af fyrir sig eingöngu um sjálfa yður. Og hugsíð jafnvel ekki fyrst og fremst um sjálfa yður. Hugsíð um þá, sem drottinn hefur gefið yður til þess að elska. Verið kærleikans menn, ekki að eins í orði kveðnu, heldur í verki og sannleika. Verið sjálfsafneitunarinnar menn, ekki að eins yðar eigin velferðar vegna, heldur líka, og það jafnvel umfram alt, vegna samferðamanna yðar bæði hinna yngri og eldri. Hjálpið með dæmi yðar öðrum til þess að stjórna sjálfum sér. Þér, sem kallast getið sterkir, hugsíð í guðs bænum um þá, sem eru veikir. Gjörist í Jesú nafni með þeim veikir, eða eins og þér væruð veikir. Lærið allir að verða fúsir til að sleppa því öllu frá yður, sem drottinn heimtar að slept sé, frelsismálefninu hans til stuðnings, rskinu hans til útbreiðslu.

Vér biðjum ávalt, þegar vér höfum faðir-vorið yfir opinberlega eða í einrúmi: „Tilkomi þitt ríki!“ Og vér erum sérstaklega kvaddir til að biðja um það nú í kirkjuársbyrjan með guðspjallið um innreið Jesú til Jerúsalem fyrir oss. Vinir mínir, látið þá bæn ekki

vera hræsni. Látið líf yðar — hið daglega líf — fylgjast að með bæninni. Slíkið alt það frá yður með hjálp heilágs anda, sem sýnilega er því til fyrirstöðu, að ríki drottins komi til yðar og annarra, að kærleikskonungurinn Jesús nái að hafa hjá oss yfirráðin.

Látið lífið yðar í Jesú nafni vera kærleiksríkt, sjálfsafneitanda, kristilegt bindindi.

fylgj-
hjálp
ð ríki
nung-
sríkt,

Tíðareglur kirkju vorrar.

Það er nú orðin tízka að lítilsvirða alt, sem form kallast. Menn velja því oft og tíðum ýms háðungar-nöfn, kalla það dauðan bókstaf, kreddur og hégiljur, sem skynsömum mönnum sé minnir að hafa um hönd. Einkum eru það þó hin kristilegu form, sem mönnum er orðið illa við. Margir kalla nú skírn og kvöldmáltíð eintóm form, ekki einungis þeir, sem sagt hafa skilið við kirkjuna og kristindóminn, heldur jafn-vel ýmsir, sem teljast í hópi trúðra manna. Hin sameiginlega guðsdýrkun kristinna manna í kirkjunum á helgum dögum er þá líka af mörgum álitin tóm form og þarflaus kredda; menn geti verið alt eins vel kristn-ir fyrir því, þótt þeir sjaldan eða aldrei ræki helgar tíðir.

En nú er það svo, að allir hlutir verða að hafa eitthvert form og engin mannleg athöfn má án þess vera, er vér svo köllum. Því formið er hin ytri lögun eða mynd hlutanna, bínungurinn, sem vér klæðum hugsanir vorar og athafnir í. Efnið verður ætíð að taka sér einhverja mynd; hugsanir vorar og athafnir mega eigi framar án bínungsins vera en sálin án líkam-ans. Allir leggja kapp á að vanda mál sitt. Ekkert koma nútíðarinnar Íslendingar sér eins vel saman um

og það, hve árfðandi það sé fyrir oss alla að rita vand-
að mál. En málið er ekkert annað en form, búningur
hugsana vorra, skikkjan, sem andi vor varpar yfir sig,
þegar hann kemur til dyranna. Formið er eftir því
fegra og fullkomnara, sem því tekst betur að láta hugs-
unina eða athöfnina ná rétti sínum, verða ljósa og
skiljanlega.

Úr því nú allir hlutir verða að hafa eitthvert forni,
hlýtur líka sú athöfn, sem er hátfölegri og helgari en
hver önnur, að hafa sérstakan og ákveðinn búning.
Guðsdýrkun mannanna er hin hátfölegasta og alvarleg-
asta athöfn, sem unt er að hugsa sér. Frá alda öðli
hafa menn því leitast við að gefa henni eins sannan,
fagran og göfugan búning og þeim hefur frekast verið
unt. Frá alda öðli hefur kirkjan viðurkent, að sjálfst
guðspjónu. Formið hefur stórmikla þýðing fyrir guðs-
dýrkun kristinna manna.

Íslenzka kirkjan átti eitt sinn miklu fegra og full-
komnara form fyrir guðspjónustu sinni en það, er hún
nú hefur. Það er grallarasöngurinn gamli. En Ís-
lenzka kirkjan gáði þess ekki að láta hann fylgja tím-
anum; málið breyttist og batnaði. En málið var látið
óbreytt á þessari helztu guðræknisbók Ísl. alþýðu,
grallaranum. Svo varð hún smámsaman leið á henni
og hélt, að allt í henni væri orðið úrelt og á eftir tím-
anum. En það var misskilningur. Kjarninn var eins
góður og göfugur, hve margar aldir sem liðu. Ef
málið og skáldskapurinn hefði hvorttveggja verið fág-
að og fullkomnað eftir smekk og þekking hverrar kyn-
slóðar, hefði allt farið vel. Íslenzka kirkjan hefði þá
þann dag í dag átt meira af því guðspjónustuformi,
sem fegurst er og göfugast í kristinni. Það, sem hún

nú á eftir, er einungis beinagrindin. En þótt svona færi, var það meiri vorkunn en margt annað. Syona fór um öll norðurlönd.

Eins og kunnugt er fylgdi Lúter og samverkamenn hans þeirri reglu, að geyma og varðveita allt það af arfleifðinni frá katólsku kirkjunni, sem ekki væri guðs orði gagnstætt, né kæmi í bága við evangeliska kenning. Til þess nú að koma þessu heim, varð auðvitað ýmsu að breyta við guðspjónustuna í kirkjunum. Prédikun guðs orðs var aftur gjörð að einu af aðalatriðum guðspjónustunnar eins og verið hafði í fyrstu kristni. Ýms atriði voru numin úr gildi, eins og t. d. ýmislegt, sem stóð í sambandi við nautn kvöldmáltíðarinnar. En í öllum aðalatriðum fylgdi lúterska kirkjan því guðspjónustuformi, sem unnið hafði margra alda hefið í kirkjunni og er í sjálfu sér eitt af meistara-
verkum mannsandans. Eins og fagnaðarboðskpur sá, er lúterska kirkjan flutti út um löndin, var sá hinn sami, sem fluttur var af Kristi og postulum hans, en ekki neitt nýtt af mannlegum toga spunnið, eins var líka það guðspjónustuform, sem lúterska kirkjan tók upp, ekki neinn nýgjörvingur, heldur hinn gamli og göfugi búningur, sem skapast hafði í fornkirkjunni, meðan hjörtun voru heit af þeirri trú, sem þá var að leggja heiminn að fótum sér. En svo breyttust tímarnir í lútersku kirkjunni. Átjándi öldin kom og með henni trúarlegur kuldi og margvíslegur misskilningur. Þá var farið að gjöra svo lítið úr kraftaverkunum, að guðdómur frelsarans varð að engu. Þá misskildu menn einnig hið gullfagra guðspjónustuform, sem tekið hafði verið í arf frá feðrunum. Þá var farið að líma það í sundur; eitt atriði var felt úr á fætur öðru, þangað til

ekkert var sumstaðar eftir nema sálmar og prédikun. Á norðurlöndum létu menn sér nægja með kollektur, pistla og guðspjöll, auk sálmanna og prédikunarinnar.

Nú um nokkurn undanfarinn tíma hefur töluverð hreyfing átt sér stað hvervetna í lútersku kirkjunni í þá átt að leiða aftur til öndvegis hið gamla og göfuga guðspjónustuforn, sem hún átti á gullöld sinni og nasagreind átjándu aldarinnar afbakaði. Sú hreyfing hófst á Þýskalandi og gekk þaðan til Ameríku og norðurlanda. Í Norvegi og Svíþjóð hefur um langan undanfarinn tíma verið að því starfað af ýmsum vitrustu mönnum kirkjunnar, að endurbót gæti komist á, að því er tíðareglurnar snertir. Hefur þetta lofsverða starf borið þann ávöxt, að þjóðkirkjur beggja landanna hafa eignast nýtt guðspjónustuforn, þar sem helztu atriðunum, er úr höfðu verið feld, er aftur bætt við og tíðareglurnar þannig færðar miklu nær hinu upprunalega. Í Danmörku átti töluvert sterk hreyfing í sömu áttina sér stað, en því miður strandaði hún þar fyrir einum tólf árum síðan, en rís sjálfsagt upp aftur þá og þegar. Hið blómlega kirkjulíf, sem þar á sér stað á yfirstandandi tíð, hlýtur áður en mjög mörg ár líða að ummynda hið fátæklega guðspjónustuforn dönsku kirkjunnar og búa það aftur í forna dýrð, þótt hin kirkjulega flokkaskifting, sem er þar í landi, verði þess ef til vill valdandi, að það dragist eitthvað.

Ég get eigi annað en skoðað það sem anga af þessari sömu hreyfing, að á Íslandi hefur um nokkur undanfarin ár töluvert verið hugsað um breyting á handbók presta. Nefnd nokkurra helztu guðfræðinga landsins hefur verið starfandi um nokkur ár að þessari endurbót og héraðsfundirnir hafa verið að samþykka

meira og minna ringlaðar breytingartillögur. Í fyrra sumari var lagt fram á synóðus í Reykjavík „frumvarp til endurskoðabrár handbókar fyrir presta og til breytinga á kirkjuráttálinu“. Var það árangurinn af starfi nefndarinnar fram að þeim tíma. Svo var tveimur mönnum bætt við í nefndina, er sýndi, að þessari endurskoðun var ætlað að halda áfram.

Nefndin ræður til, að tvennir guðspjallatextar séu teknir upp í viðbót við hina gömlu. Liggur í augum uppi, að þetta er stór og þýðingarmikil endurbót og sýndist vera sjálfsögð þegar fyrir nokkru síðan, þar sem hún var komin á í dönsku kirkjunni. Það er margt, sem mælir með því. Söfnuðurinn fær miklu meiri kynning af guðspjöllum, presturinn meiri æfing í að skýra fleiri kafla ræðs orðs, og hlýtur það að verða til blessunar bæði fyrir prest og söfnuð. En ekki skil ég, hvers vegna ekki voru valdir tvennir pistlatextar um leið. Með því er bréfum, postulanna og hinum öðrum bókum biblíunnar, er lestur hafa verið teknar úr, óverðskuldaður vanheildur sýndur. Eða hvernig er því annars varið? Er aldrei prédikað út af þessum pistlum, sem vér nú höfum, í íslenskri kirkjunni? Er það komið úr móti að leggja út af þeim? Það væri fróðlegt að vita, hvernig þessu er varið, og hvort menn hugsa sér að slá þeirri reglu fastri, að nú skuli hér eftir ekki talað út af öðru guðs orði en þessum guðspjallatextum í ísl. kirkjunni. — Annars skal ég ekki frekar fara út í þetta textaval. Sfra Jón Bjarnason hefur gjört það svo rækilega í *Sameiningunni*, og er ég öllu því að flestu leyti alveg samdóma.

Kollekturnar eiga framvegis að vera þær sömu og nú eftir tillögum nefndarinnar. En það eru bænir,

sem presturinn flytur fyrir altari, og er ein slík bæn fyrirskipuð á undan pistli, sérstök fyrir hvern helgidag. Kollektu þýðir: sameiginleg bæn, af því hún á að vera borin fram fyrir guð af prestinum og söfnuðinum í sameining. Kollekturnar, sem vér höfum, eru ekki gamlar í Íslenzku kirkjunni. Þær eru að eins jafn-gamlar endurskoðun Péturs biskups Péturssonar á handbókinni (1869 og 1879) og eldri ekki. Til þess tíma höfðum vér einlægt haft hinar gömlu kollektur katólsku kirkjunnar, sem þýddar höfðu verið á vora tungu á siðbót-aröldinni, — fáeinar að eins feldar úr, sem eitthvað voru athugaverðar frá evangelísku sjónarmiði. Frá því Ísland varð kristið og fram yfir miðja þessa öld höfðu þessar bænir verið fluttar í kirkjunum á Íslandi. Þessar bænir eru sameiginleg eign allrar kristinnar. Þær eru nú fyrst og fremst hvervetna viðhafðar í katólsku kirkjunni um alla heim. Auk þess tók enska kirkjan þær upp í sína *Book of Common Prayer* og flytur þær við hverja guðsþjónustu. Í lútersku kirkjunni eru þær nú viðhafðar víðast á þýskalandi, í Svíþjóð og hér í Ameríku. Þar sem nú þessar kollektur höfðu varðveitst í Ísl. kirkjunni fram á vora daga, áttum vér Íslendingar dýrmætt einingarinnar teikn, er tengdi oss við hina almennu kristilegu kirkju. Meðal kristinna manna er eigi of margt af slíkum teiknum, heldur mikils til of fátt. Og þegar forsjóninni hefur þóknast að láta eitthvert slíkt teikn varðveitast svo lengi í kirkju einhverrar þjóðar, jafnvel þó aðrir vitrari og völdugri hafi tapað því, er mjög raunalegt, þegar því þá er varpað fyrir borð öldungis að ástæðulausu, án þess nokkurt tilefni sé til þess. Íslenzka kirkjan misti einn af fjársjóðum sínum, þegar hún hætti við gömlu kollekturnar

sígar, sem hún svo lengi var búin að geyma, þrátt fyrir það þó danska kirkjan hefði þegar 1564 orðið af með þær. Í Danmörku voru gömlu latnesku kollekturnar þýddar á dönsku eftir að siðabótin var leidd í lög í landinu og í flestum kirkjum fluttar við hverja guðsþjónustu nokkuð lengi framan af. En þegar *Palladius* biskup gaf út handbók (Alterbog) sína 1555, lét hann hana hafa meðferðis tvennar kollektur, tvær fyrir hverri sunnudag, og ætlaðist til, að hver prestur gæti valið um, hvora þeirra hann flytti, því ekki skyldi nema önnur borin fram sama sunnudag. Annar bænaflokkurinn var sá, sem hingað til hafði frá katólskri tíð notaður verið með örfáum undantekningum, en hinn var nýr. Hafði *Palladius* biskup tekið hann úr þýzkri postillu, sem þá var í miklu afhaldi, eftir *Vitus Dietrich*, prest í Nurnberg. Stóðu þær þær sem bænir á eftir prédikun, og hefúr því höfundinum ekki til hugar komið, að bænir þessar gætu verið kollektur á undan pistli og guðspjalli. Þær eru allar miklu lengri, taka fram mörg sérstök atriði og draga bæði að efni og orðfæri mjög mikinn dóm af tímanum, sem þær urðu til á. Aftur hafa gömlu kollekturnar það til síns ágætis, að þær eru stuttar, kjarnmiklar, hákristilegar og eiga jafnt við alla tíma. Þær geta því aldrei orðið úreltar. Nú sýnast dönsku prestarnir, eftir að þeir höfðu fengið þessa nýju handbók, af misskilningi hafa flutt báðar kollekturnar við sömu guðsþjónustu, aðra á undan pistli, en hina á eftir prédikun, gagnstætt tilgangi biskupsins. Það verður tilefnið til þess, að eftirmaður *Palladiusar*, *Hans Albertsen*, rýmir gömlu kollektunum út, þegar hann gaf út handbókina á ný 1564, og þannig varð danska kirkjan og um leið sú norska af með þær

fyrir misskilning og fékk aftur aðrar, sem ekki eiga nætti því eins vel við alla tíma og fullar eru af orðatil-tækjum, sem nú láta fremur illa í eyrum. En þrátt fyrir þessa tilþreyting í Danmörk fær íslenska kirkjan leyfi til að halda áfram með gömlu kollektúrnar, sem Ólafur Hjaltason biskup (1552—1569) að líkindum hefur þýtt, þangað til þeim var rýmt út eftir miðja þessa öld, öldungis tilefnislaust.

Hvaðan eru þá kollektúrnar, sem nú standa í ísl. handbókinni? Þær eru flestar smíðaðar upp úr kollekt-um dönsku kirkjunnar, eftir því sem ég best get fundið. Þær eru þeim að sönnu svo ólíkar, að fyrst sýnast manni þær öldungis aðrar vera, en við mjög nákvæm-an samanburð kemst maður að þeirri niðurstöðu, að það sé ofur lítið brot af hinum dönsku. Pétur biskup hefur fundið, að orðrétt þýðing mundi láta illa í eyrum Íslendinga, og er ég honum samdóma í því, hvort sem nú kollektunum eða eyrunum er þar um að kenna. Þess vegna hefur biskupinn tekið eitt eða tvö atriði úr hverri kollektu, eins og þegar rífið var tekið úr síðu mannsins forðum, og myndað af því nýja. En náumast verður sagt, að honum hafi tekist eins vel, því aflið og andagiftin í dönsku kollektunum hefur horfið; þær eru að eins skuggar af því, sem þær eitt sinn voru, hvorki heilar né hálfar; eru eigi samdar eftir þeim reglum, sem fornkirkjan setti; hafa hvorki á sér hinn klassíka blá fornaldarinnar, né hinn einkennilega blá, sem heyrir siðbótaröldinni til.

Þær kollektur, sem vér nú höfum, erum vér því eiginleg-ir um. Það er ekki hægt að segja, að vér tökum um það minnst neinum öðrum, þótt vér höfum þær yfir. Því er það að rekja ættirni þeirra við ná-

kvæman samanhurð, er eigi unt að kannast við þær sem hinar sönu og dönsku kollekturnar, þegar þær eru hafðar um hönd í kirkjunni. Mér er því ómögulegt að sjá, hvers vegna vér ættum að halda áfram með þær, úr því á annað borð er verið að eiga við nokkra endurskoðun á handbókinni. Þær hafa ekkert til síns ágætis, ekki aldurinn, ekki það að vera sameiginleg eign kristninnar, ekki það, að hafa orðið til á einhverju sögulegu tímabili, heldur eru þær til orðnar á fremur ógöfugan hátt, eins og þegar hefur verið sýnt fram á.

Aftur hafa gömlu kollekturnar alt þetta og margt annað til síns ágætis, og þess vegna finst mér sjálf sagt, að þær séu nú teknar upp aftur. Eftir því, sem næst verður komist, eru 4 þeirra eftir *Leó mikla* (440—461), líklega samdar um það leyti, sem hin kristna höfuðborg heimsins skalf af ótta fyrir *Attila*, — 21 eftir *Gelasius* (492—496) og 27 eftir *Gregor mikla* (590—604). Vér eigum þær sameiginlega með hinni katólsku kristni, biskupakirkjunni á Englandi, miklum hluta lút. kirkjunnar á Þýskalandi og í Amerísku og sænsku þjóðkirkjunni. Það ætti að lagfæra íslenzku þýðinguna eftir latneska frumtextanum, því hún er víða fremur ófullkomin, og gjöra það með tilfinning fyrir segurð hins kirkjulega bænamáls, svo vér ættum þær á eins hreinni og kjarngóðri íslenzku og unt er. Og svo ætti alveg að sjálfsgöðu að taka þær upp aftur, en sleppa hinum, sem engan rétt hafa á sér og enga kirkjulega heit né helgi hafa öðlast. Vona ég, að ekki verði hætt við þessa handbókarendurskoðun fyrr en þetta hefur verið gjört.

Þar næst kemur *hið almennu guðsþjónustuform* til athugunar. Um það er lítið að segja, því breyt-

ingarnar eru svo óverulegar og þýðingarlausar, að þær gjöra hvorki frá né til. Bænirnar á undan og eftir prédikun hafa verið ofurlítið auknar, og kann það að sýnast fremur til bóta. En álitamál er, hvort rétt er að vera að þess háttar breytingum, hvort það er heppilegt, hvort vér eigum eiginlega með það. Þessar bænir eru annars einkennilegar að eins fyrir dönsku og norsku kirkjuna. Í Svíþjóð eru þær ekki hafðar. Fyrst eftir siðaskiftin var guðsþjónustan í Danmörk byrjuð eins og títt hafði verið í katólskum sið með *introitus* eða messuupphafi, sem var eitt eða fleiri vers úr biblíunni, helst Davíðs sálmum, er sungið var með sérstöku lagi af söfnuðinum meðan presturinn baðst fyrir í kyrrþey; var sérstakt messuupphaf fyrir hvern helgan dag, og töluvert af hinum guðdómlegu ljóðum Ísraels þannig fléttað inn í guðsþjónustuna. En árið 1640 nam Kríстіján konungur IV. allan latneskan kirkjusöng úr gildi, í stað þess að láta þýða hann á danska tungu, sem verið hefði hið eina rétta. Voru þá í staðinn fyrir þessi messuupphöf settar þessar tvær bænir fyrir og eftir messugjörðina, og skyldi djákni eða meðhjálpari flytja þær í kórðyrum. Eru bænir þessar ekki frumsamdar af neinum dönskum manni, en teknar upp úr þýzkum handbókum; þar sem þær standa eins og aðrar kóllektur, og hefur höfundum þeirra alls ekki til hugar komið, að þær yrðu hafðar á þessum stað í guðsþjónustunni, því þannig mun messugjörð hvorki byrjuð né enduð neinstaðar á þýzkalandi. Það var nýung, sem hvergi var innleidd nema í löndum Dana, Danmörk, Nórvegi og Íslandi. Það er eitt, sem mælir með þeim, og það er, að djákninn eða meðhjálparinn les þær upp eins og nokkurskonar fulltrúi safnaðarins. Safnaðar-

fólkið tekur á þann hátt ofur lístinn þátt í guðspjónustunni. En sá þáttur er svo lítt og óverulegur, að hann mætti gjarnan falla burt. Í flestum söfnuðum flytur ekki meðhjálparinn bænir þessar á þann hátt, að það sé til að auka guðræknistilfinning safnaðarins, heldur verður það miklu oftast til hins gagnstæða, fremur til að fæla menn frá guðspjónustunni, en til að láða menn að henni, fremur til að vekja hálf-gjört hneyksli í hjarta manns en til að kenna manni að biðjast fyrir. Reynslan er þessi hvervetna, þar sem ég þekki til, og það kannast víst flestir við. Vér Íslendingar erum í þessu efri engin undantekning. Af þessari ástæðu ættum vér helst að hætta við þessar bænir og láta guðspjónustuna byrja og enda hjá oss eins og í fornöld. Því að presturinn lesi þessar bænir sjálfur, eins og títt er í ísl. kirkjunni hér í Ameríku, hefur ýmsa annmarka og frá tífagjörðarlegu (líftúrgisku) sjónarmiði er það óheppilegt. Vér fjarlægjumst með því móti ofur lítið dönsku kirkjuna, en nálgumst þeim mun meir hina almennu kristnu kirkju.

Þegar presturinn að lokinni prédíkun á að biðja, stendur í frumvarpinu: „þú les hann þessa bæn.“ Mikið dæmalaust er þetta les hann óhafandi; en það er komið svo inn í huga vorn Íslendinga, að vér álstum það gott og gilt. Það heitir ekki lengur að flytja bæn eða bera fram bæn eða biðja bæn, heldur að eins að lesa bæn. Alveg eins, þegar presturinn ber fram bæn frá eigin brjósti og les öldungis ekki, þá heitir það líka að lesa bæn. Svona er sagt frá því í mörgum kirkjulegum fundargjörningi: „presturinn las bæn,“ þegar hann bað frá eigin brjósti. Íslenzkir prestar eru svo lengi búnir að lesa bænir, að það er komið út úr höfð-

inu á heilli þjóð, að þeir eigi að flytja bænir, biðja, tala út úr hjarta sínu, hvort sem þeir hafa nú bókina fyrir sér eða ekki. Látum ekki handbókina hjálpa til að halda þessu óheppilega orðatiltæki við. Hún ætti heldur að hjálpa til að afnema það og minna prestana á að hafa bænirnar um hönd sem bænir.

Svo kemur bænin sjálf. Það er hin svo hefnda *almenna kirkjubæn*. Á þá bæn hefur verið lögð sérstök áherzla í öllum kristnum kirkjudeildum og hún þess vegna látin vera lang-lengst og fullkomnust allra hinna fastákveðnu bæna. Um þessa almennu bæn kirkju vórrar er það að segja, að hún er allra slíkra bæna lang-fátæklegust, sem ég þekki, og hef ég þó verið að kynna mér þetta eftir föngum. Allar almennar kirkjubænir hafa samdar verið eftir föstum reglum:

1. bæn fyrir allri kristninni og kirkjunni.
2. bæn um rétta meðferð náðarméðalanna, um frið og kyrrlát líf í guðsótta og siðsemi.
3. bæn fyrir andlegum og veraldlegum yfirvöldum, sjúkum og sorgmæddum.
4. bæn fyrir öllum stéttum, kristilegu heimilisklífi, daglegu starfi til lands og sjávar, sigling og verzlum o. s. frv.

Í íslenzku bæninni er að eins tekið tillit til 1. og 3. liðs, en ekkert til 2. og 4. Kirkja vor átti þó eitt sinn miklu fullkomnari bæn en þetta, eins og sjá má á gömlu handbókunum, þar sem vér eigum hina almennu bæn dönsku kirkjunnar í íslenzkri þýðing. Hún er að vísu óþarflega löng og orðmörg, en víða ljómandi fall-eg og einstaklega viðkvæm. „Þú, mikli faðir ljósanna, burtflyt aldrei þinn ljósastjaka frá oss. Lát oss aldrei finnast í tölu þeirra, sem elska meir myrkrið en ljósið, heldur hjálpa, að vér mættum jafnan með andakt nálgast þitt hús, heyra þitt dýrmæta orð og brúka þau

af þét innstiftuðu háverðugu sakramenta! Gef þú kennendur eftir þínu eigin hjarta, sem kunni að fæða þinn söfnuð með þekking og forstandi, líka uppbyggi bæði með lifnaði og lærdómi. “ Svona biðjum vér eigi Íslendingar, nú á dögum. Oss þykir það víst nokkuð mikill óþarfi. Vér minnumst ekki á náðarmeðulin, guðs orð og sakramentin, ekki heldur á kennendur eftir drottins hjarta, sem séu söfnuði Krists til uppbyggingar bæði með lífverni sínu og lærdómi! Vér höfum enga tilfinning fyrir því, að vér þurfum þess með. Vér munum hvorki eftir heiðingjum né Gyðingum. En hvað hjartað er orðið þröngt og tilfinningin sljó! Ekki er að furða, þótt vér hugsum lítið um að útbreiða guðs ríki, bæði út á við og inn á við. — Þá er þessi kafi ekki síður fagur og hjartnæmur: „Miskunna þig yfir allan þinn kristindóm! Blessa þú sérdeilis þessi ríki og lönd, hvern stað í ríkjunum, hvert hús í stöðunum, hverja sál í húsunum! Reiðstu oss ekki, að vér, þín óverðugu börn, biðjum þig um svo mikið. En hvert skulum vér, stórsyndarar sem vér erum, flýja utan til svo hjartanlegs meðaumkvara sem þú ert! Ó, þú, faðir allra miskunnsemda! Vertu oss aukum syndurum náðugur. Hrösum vér, þá styð þú oss, svo vér ekki föllum. Ef vér föllum, þá reis þú oss á fætur aftur, að vér ekki liggjum fallnir. Vér höfum syndgast og vér syndgum daglega; en sakir þíns syndlausa sonar, þá gleym þú vorum syndum, en gleym aldrei að vera oss náðugur. “

Almennu bænin, sem vér höfum nú í handbókinni og þessi nefnd ræður til að halda alveg óbreyttri, er kirkju vorri hreint að segja til minkunar. Vér megum til með hið allra fyrsta að fá aðra almenna bæn eftir

prédikun. Það hefur stórmikla þýðing fyrir vort kirkju-
lega líf og kristilega meðvitund. Þá bæn eigum vér
ekki að semja sjálfir. Vér erum ekki nógu miklir
bænarinnar menn til þess. En vér eigum að þýða ein-
hverja af hinum gömlu bænum, sem notaðar hafa verið
í kirkjunni öld fram af öld, þar sem hún hefur verið
vakandi og biðjandi. Og sú bæn ætti að vera fram-
borin í öllum kirkjum þjóðar vorrar, en aldrei flutt af
eigin geðþótta neins prests. Það er aðalbæn safnaðar-
ins. Og það er eitt aðalerindi kristinna manna í guðs
hús að gjöra þar bæn sína. En til þess, að allir geti
tekið þátt í sömu bæninni, er nauðsynlegt, að sú bæn,
sem fram er flutt, sé öllum kunn, svo öllum sé unt að
gjöra orð hennar að sínum orðum um leið og þau eru
töluð.

Í frumvarpinu er farið fram á þá breyting, að í
stað blessunar þeirrar af prédikunarstól, sem kend er
við Aron, skuli koma hin postullega blessun. Sú
breyting var til bóta og færir aftur í hið forna lag eitt
af því, sem aflagast hefur. En nú hefur nefndin tek-
ið þessa breytingu aftur eftir ósk einhverra, sem ekkert
vit hafa haft á þessu, en farið að eins eftir óljósri til-
finning, sem gamall vani hefur skapað. Þegar tvisvar
er lýst blessun yfir söfnuðinum; fer æði-mikið betur, að
það sé ekki gjört með sömu orðunum í bæði skiftin,
heldur séu blessunarorð gamla testamentisins viðhöfð
í annað skiftið, en blessunarorð nýja testamentisins í
hitt skiftið, enda er það hið upphaflega og alstaðar
gjört, þar sem kirkjan hefur varðveitt tíðareglur sínar
óafbakaðar; hitt er ekkert annað en afbökun, er vér
ættum sem allra fyrst að laga.

Þá leggur nefndin fram form fyrir-skemmri guðs-

þjónustu: Bæn fyrir og eftir, sálmur á undan og eftir
 prédikun, ræða prestsins, bæn og blessun. Þar sem
 eins er ástatt og á Íslandi er sjálfsagt að hafa slíka
 stutta guðsþjónustu í viðlögum. Þótt lúterska kirkjan
 hafi ætíð lagt áherzlu á að eiga fagurt og fullkomið
 form fyrir tíðagjörð sinni, hefur hún aldrei gleymt að
 koma því inn í meðvitund safnaðanna, að þetta form
 er engan veginn neitt sáluhjálparatriði og engin synd
 drýgð með því að fella bæði eitt og annað úr, þegar
 það fer betur eða sérstakar ástæður eru til. Fyrir
 mörgum Íslendingum er það form, sem kirkja vor hef-
 ur fylgt um langan aldur aðalatriði. Ef eitthvað svo
 lítið er frá því vikið, verður öll athöfnin að ætlun þeirra
 ónýtt og tilbreytingin, hversu saklaus sem hún í sjálfu
 sér hefur verið, vekur hneyksli. Sá hugsunarháttur
 er algjörlega ólúterskur og ekkert annað en heimsku-
 legur og skaðlegur bókstafsþrældómur, sem hvergi ætti
 að eiga sér stað í kristnum söfnuði. Það er dýrmætt
 að eiga fagurt og fullkomið form fyrir guðsdýrkun
 safnaðarins, sem ekki hefur verið fundið upp í gær,
 heldur form, sem fengið hefur sögulega hefð og helgi.
 En það þarf að geta lagað sig eftir öllum atvikum og
 kringumstæðum og eiga jafn-vel við hina fjölmennustu
 guðsþjónustu og hina fámennustu. Eftir þessu hefur
 lúterska kirkjan ætíð munað og gefið fullkomið frelsi
 til að viðhafa einungis hin allra einföldustu og sjálf-
 sögðustu atriði, þegar kringumstæðurnar heimta það.
 Þar sem eins er ástatt og á Íslandi er sjálfsagt að hafa
 sem allra einfaldastar guðsþjónustur í viðlögum. Aldrei
 ætti að verða messufall, þegar presturinn getur komist
 til kirkju; tvo eða þrjá getur hann ætíð fengið með sér.
 Þótt ekki sé hægt að koma við nokkrum söng, ætti

ekki heldur að verða messufall fyrir það. Látum prestinn þó biðjast fyrir með þeim, sem komnir eru, og tala guðs orð fyrir þeim. Það er sú regla, sem hver prestur ætti að temja sér. Hún er skilyrði fyrir því, að kirkjurækni safnaðanna geti aftur komist í viðunanlegt horf.

Nýtt form fyrir hátíðaguðsþjónustu hefur nefndin settið, sem ætlast er til að viðhaft verði á jólum, nýári, páskum og hvítasunnu. Sú hugmynd er ágæt og vona ég, að það sé mjór vísir til annars meira, — þess, að ísl. kirkjan fái aftur guðsþjónustuform lútersku kirkjunnar í upprunalegri mynd í nálægri framtíð. Reyndar finst mér að ganga hefði mátt fæti lengra og binda ekki þetta fullkomnara form við hátíðirnar einar, taka ekkert til um það, láta hvern söfnuð hafa fult frelsi til að viðhafa það, hve nær sem honum sýndist. Mundi það hafa orðið til þess, að söfnuðirnir í bæjunum, ekki sízt í höfuðstaðnum, þar sem ágætir söngkraftar eru fyrir hendi, hefðu smámsaman tekið upp það formið og vakið kærleik til þess og aðdáun fyrir því í hjörtum kristinna manna víðsvegar um landið. Þannig hafa Norðmenn gjört, og hefur sú aðferð gefist einkar vel. Með því hefði engu verið spilt, engum gjört neitt að skyldu, ekkert valdboð átt sér stað, en upphvatning gefin safnaðarlífinu og áhuganum fyrir guðsþjónustunni.

Hátíðaform þetta er fólgið í víxlsöng milli prests og safnaðar, *introitus* (messuupphaf) og *gloria* fyrir prédikun, en *præfatio* og *sanctus* eftir. Eru það mest biblufustaðir. Sumir eru teknir úr grallárasöngnum gamla. En sumir eru nýsamdir, og var það alveg óþarfi, því til eru fastir víxlsöngvar fyrir allar þessar

hátíðir, sem viðhafðir hafa verið í kirkjunni öld fram áf öld, fastákveðnir eins og pistlar og guðspjöll, og var sjálfsagt að taka þá, en fara ekki að semja nýja. Þegar vér viljum fara að endurbæta það guðspjónustuforn, sem nú tíðkast, ættum vér að hafa það að stöðugri reglu að taka það eitt upp, sem áður hefur tíðkast og enn er varðveitt í kirkju vorri, en ekki eitthvað, sem vér tilðrum upp sjálfir. Margur alvarlega hugsandi kristinn maður kann að segja, að vér ættum öldungis ekkert að eiga við að endurbæta tíðareglur kirkju vorrar, meðan dauðinn í henni er ekki rekinn á dýr og ekki fyrr en alt er orðið nýtt. Þetta er satt að því leyti, að aldrei ætti mönnum til hugar að koma að semja sjálfir nein ný kirkjuleg forn, þar sem svo er ástatt. Það má ganga út frá því sem vísu, að úr því verði handaskól. En hitt má gjöra, að láta hið gamla og góða í tíðagjörð fyrri alda rísa aftur upp frá dauðum. Og það hef ég fyrir satt, að hvervetna, þar sem heilbrigð uppvakning til nýs kirkjulegs lífs hefur átt sér stað, hafa menn um leið farið að kalla upp úr grófum gleymiskunnar hin göfugri guðspjónustuforn guðhræddra feðra og látið þau verða að nýju verkfæri til að efla og styrkja kristilega safnaðarmeðvitund. Ég vona fastlega, að það verði einnig svo hjá oss. — Víxlöngurinn, sem ætlast er til að fari fram eftir-prédikun samkvæmt þessu hátíðsformi (*praefatio* og *sanctus*), á eiginlega að eins við á undan altarisgöngu, þótt hann sé í grallaranum sem hátíðasöngur; en það mun koma af því, að þá var reglan sú, að altarisganga færi fram á öllum stórhátíðum, og ætti sú regla auðvitað að verða tekin upp aftur.

Einungis tvo heilgudagavöld er gjört nú fyrir að

fari fram aftansöngur eða kvöldmessa í íslenskum kirkjum. Skyldi þá þurfa að sækja um konungsleyfi, ef messa ætti einhverstaðar að kvöldi endrarnær? Er hörmulegt til þess að vita, að einn þá skuli engin rödd heyrast í þá átt, að kvöldmessur skuli teknar upp í kaupstöðunum á Íslandi, ekki einu sinni í sjálfri höfuðborginni. Það verður aldrei neitt úr kirkjulegri uppvakning meðal vor, nema fjölgað verði guðsþjónustunum eins mikið og mögulegt er og íslensk alþýða fari að komast að raun um, að prestunum hennar er ant um að messa eins oft og unt er að safna fólki saman, en ekki eins sjaldan og hægt er minst að komast af með til að gjöra sig ekki sekan um embættisafglöp. Það þarf að byrja með þetta í bæjunum, og þaðan á kirkjulegur áhugi að breiðast út í stað þess, sem nú berst þaðan út opinber afneitun og fyrirlitning fyrir helgum tíðum.

Af því ég hef hér að ofan svo oft talað um hið fullkomna guðsþjónustuform lút. kirkjunnar, vil ég nú gefa þeim hugmynd um það, sem ekki þekkja það, eins og það er í fegurstri og upprunalegastri mynd.

(Þegar hringt hefur verið í síðasta sinni og söfnuðurinn allur er kominn saman í kirkjunni, byrjar presturinn guðsþjónustuna, standandi fyrir altari, með því að segja:)

1. Í nafni guðs föður, sonar og heilags anda.

Söfnuðurinn: Amen.

2. (Syndajátning.)

Presturinn: Elskanlegir! Látum oss nálgast drottin með einlægu hjarta og játa syndir vorar fyrir guði, vorum föður, og grátbæna hann í nafni

drottins vors Jesú Krists, að hann veiti oss fyrir-
gefning.

(Versiculus.)

Pr.: Vor hjálp er nafn drottins,

Söfn.: hans, sem gjörði himin og jörð.

(Sálm 124, 8).

Pr.: Ég sagði: ég skal játa mínar yfirtroðslur,

Söfn.: og þá gafstu mér upp mína syndasekt.

(Sálm. 82, 5).

Pr.: Almáttugi guð, skapari vor og endurlausn-
ari, vér aumir syndarar játum fyrir þér, að vér
erum að eðlisfari syndugir og óhreinir og að vér
höfum syndgað móti þér í hugsunum, orðum og
gjörðum. Þess vegna leitum vér hælis hjá þér,
sökum óendanlegrar miskunnar þinnar, og grát-
bænum þig um þína náð, fyrir sakir drottins vors
Jesú Krists.

(Þá má söfn. taka undir með prestinum:)

Miskunnsami guð, sem látið hefur eingetinn son
þinn deyja vor vegna, miskunnaðu þig yfir oss og
veit oss hans vegna fyrirgefning allra synda vorra.
Auk þú hjá oss þekkinguna á þér og þínum vilja
og gef oss sanna hlýðni við þitt orð fyrir heilagan
anda þinn, svo að vér fyrir náð þína fáum eignast
eilíft líf fyrir Jesúm Krist, drottin vörn.

Söfn.: Amen.

8.

(Aflausn.)

Pr.: Almáttugur guð, vor himneski faðir, hefur
miskunnað sig yfir oss og látið eingetinn son sinn
deyja vor vegna, og fyrir hans sakir fyrirgefur
hann oss allar syndir vorar. Þeim, sem trúá á
nafnið hans, veitir hann einnig máttinn til að
verða guðs börn og gefur þeim heilagan anda sinn.

Hver, sem tróir og er skíður, mun hólpinn verða.
Ó, drottinn, veit oss þetta öllum.

Söfn.: Amen.

4. (*Introitus,* messuupphaf.*)

Pr.: Barn er oss fætt, sonur er oss gefinn.

Söfn.: Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla.

Pr.: Hann skal heita hinn undrunarlegi, ráðgjafi, hinn máttugi, sterki guð,

Söfn.: faðir eilífðarinnar, friðarhöfðingi.

(Es. 9, 5.)

(*Psalma.**)

Pr.: Syngið drotni nýjan söng.

Söfn.: Því dásamlega hluti hefur hann gjört.

(Sálm. 98, 1.)

(*Gloria patri.*)

Söfn.: Dýrð sé guði föður, syni og heilögum anda svo sem var frá upphafi, er enn og verða mun til eilífðar. Amen.

(Í staðinn fyrir *introitus* má koma sálmur.)

5.

(*Kyrie.*)

Pr.: Drottinn, miskunna þú oss!

Söfn.: Drottinn, miskunna þú oss!

Pr.: Kristur, miskunna þú oss!

Söfn.: Kristur, miskunna þú oss!

Pr.: Drottinn, miskunna þú oss!

Söfn.: Drottinn, miskunna þú oss!

6.

(*Gloria in excelsis.*)

Pr.: Dýrð sé guði í upphæðum!

Söfn.: Dýrð sé guði í upphæðum, friður á jörðu

*) Þessi *introitus* og *psalma* er sætlaður jólonum. Annars hefur hver helgidagur kirkjuársins sérstakar ritningargreislur, sem þannig kallast.

og velþóknun yfir mönnunum. Vér lofum þig, vér
göfgum þig, vér dýrkum þig, vér tignum þig.
þakkir gjörum vér þér sakir mikillar dýrðar þinn-
ar, drottinn guð, himneski konungur, almáttugi
faðir! Ó, drottinn Jesús Kristur, þú eingetni
sonur, ó, drottinn guð, lamb guðs, sonur föðurs-
ins, þú, sem burtu ber heimsins synd, miskunna
þú oss! þú, sem burtu ber heimsins synd,
þigg þú bæn vora! þú, sem situr til hægri
handar guði föður, miskunna þú oss! Því
þú einn ert heilagur, þú einn ert drottinn, þú einn,
ó, Kristur, með heilögum anda ert hæst í dýrð
guðs föður. Amen.

7. (Salutatio og kollektan.)

Pr.: Drottinn sé með yður!

Söfn.: Og með þínum anda!

Pr.: Látum oss biðja!

(Presturinn flytur kollektu dagsins.)

Söfn.: Amen.

8. (Pistillinn.)

Pr.: Pistillinn á 1. sunnudag í aðventu er rit-
aður o. s. frv.

(Pistillinn lesinn eða tónaður.)

9. *Söfn.:* Hallelúja!

(Um föstutímann er því slept. Í stað hins einfalda halle-
lúja má syngja vers úr Davíðs sálum (*sententia*), valið
eftir kirkjuárinu, eða heilan sálm, eða part úr sálmi
(*canticulum*). Vanalegan sálm má syngja á eftir hallelúja.)

10. (Guðspjallið)

Pr.: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn o.
s. frv.

Söfn.: Dýrð sé þér, drottinn!

(Guðspjallið lesið eða tónað.)

Söfn: Þús og heiður sé þér, Kristur! Eða:
Guði sé lof og dýrð fyrir hans gleðilegan boðskap.

11. (Trúarjátning, *Credo*.)

Annaðhvort postullega trúarjátningin eða sú, sem kend er við *Nícaea* skal lesin eða sungin.)

12. Sálmur.

13. Prédikun.

14. (Hin postullega blessun.

Að endaðri prédikun stendur söfnuðurinn á fætur og presturinn lýsir hinni postullegu blessun:)

Pr.: Náðin drottins vors Jesú Krists o. s. frv.
(2. Kor. 13, 13.)

Eða:

Friður guðs, sem æðri er öllum skilningi, haldi hjörtum yðar og hugsunum stöðuglega við Jesúm Krist.
(Fil. 4, 7.)

15. (*Offertorium*. Allir syngja:)

Sundurkráminn andi er guði þægileg fórn. Harmþrungið og sundurmarið hjarta munt þú, ó, guð, ekki fyrirlíta. Gjör þú vel við Són eftir þinni velþóknun. Uppbygg þú Jerúsalems múrveggi. Þá munt þú gleðjast af guðrækilegum fórnum.

16. (Hin almenna kirkjubæn.

Á meðan *offertorium* er sungið af söfnuðinum gengur presturinn fyrir altarið og þar flytur hann hina almennu bæn og bætir inn í hana þeim sérstökum fyrirbænum, sem ástæða kann að vera til. Að henni endaðri er öll bæna-gjörðin látin felast í drottinlegri bæn, með því móti, að presturinn annaðhvort flytur hana, eða prestur og söfnuður ber hana fram með einum munni. Þá skulu djákarnir taka á móti offri safnaðarins, þar sem þetta er siður, rétta það síðan prestinum, en hann leggur það á altarið.)

17. Sálmur.

18. (Drottinleg blessun.

Presturinn, standandi fyrir altarinu, lýsir nú drottinlegri

blessun yfir söfnuðinum, sem áður hefur staðið á fætur.
Söfn. svarar:)

Amen.

(Söfnuðurinn endar guðspjónustuna með því að hneigja höfuð sín og flytja þögula bæn til drottins.)

Kvöldmáltsöðin.

Þegar einhverjir eru til altaris, á presturinn að búa sig undir útdeiling þessa sakramentis meðan sálmu-
urinn er sunginn á eftir prédikun. Hann snýr sér þá
að söfn., og þessi *praefatio* byrjar:

1. *Pr.:* Drottinn sé með yður!

Söfn.: Og með þínum anda!

Pr.: Lyftið upp hjörtum yðar!

Söfn.: Sannarlega er það tilhlýðilegt og rétt.

Pr.: Sannarlega er það tilhlýðilegt, rétt og
heilsusamlegt, að vér á öllum tímum og á öllum
stöðum þökkum þér, ó, drottinn, heilagi faðir, al-
máttugi og eilífi guð,

því*) í leyndardómi orðsins, sem varð hold, hef-
ur þú gefið oss nýja opinberun dýrðar þinnar,
svo að vér verðum knúðir til að elska þá hluti,
sem ekki sjást, þegar vér sjáum þig í persónu son-
ar þíns.

Þess vegna lofum vér og tignum þitt dýrðlega
nafn með englum og útvöldum og öllum himnanna
hersveitum, þrísam þig óaflátanlega og segjum:

(*Sanctus*. Allir syngja:)

2. Heilagur, heilagur, heilagur er herskaranna drott-

*) Hér byrjar sú *praefatio*, sem tilheyrir jölunum. Hvert
tímabil kirkjuársins hefur sérstaka *praefatio*.

- inn; himinn og jörð eru full af þinni dýrð.
 Hósanna í hæstum hæðum.
 Blessaður sé sá, sem kemur í nafni drottins.
 Hósanna í hæstum hæðum.
3. Áminning til altarisgestanna.
 4. Drottinleg bæn.
 5. Innsetningarorðin.
 6. *Agnus Dei* (Ó, guðs lamb) sungið af söfn.
 7. (Presturinn, sem þá snýr sér að söfn., segir:) Friður drottins sé ávalt með yður!
Söfn.: Amen!
8. Útdeiling.
9. (*Nunc dimittis.* Allir standa og syngja:) Nú lætur þú, dróttinn, þjón þinn í friði fara, eins og þú hefur mér heitið.
 Þar eð ég hef fengið að sjá hjálpræði þitt, sem þú hefur fyrirbúið fyrir augliti allra þjóða.
 Ljós til opinberunar heiðingjum og vegsemdar þínum lýð, Ísrael.
 Dýrð sé guði föður, syni og heilögum anda, svo sem var frá upphafi, er enn og verða mun um aldir alda. Amen.
10. (*Pakkargjörð.*)
Pr.: Þakkið drotni, því hann er góður.
Söfn.: Og hans miskunnsemi varir eilíflega.
 (*Kollekta á eftir altarisgöngu.*)
Söfn.: Amen.
11. (*Salutatio.*)
Pr.: Drottinn sé með yður!
Söfn.: Og með þínum anda!
12. (*Benedicamus.*)
Pr.: Blessum drottin!
Söfn.: Þökkum guði!

13. (Drottinleg blessun.)

Söfn.: Amen.

14. (Þögnul bæn, eða sálmur.)

Þótt form þetta kunni nú að sýnast miklu lengra en það, sem vér höfum átt að venjast, er það ekki svo í raun og veru. Sálarnir eru sungnir þeim mun færri, sem meira er sungið af öðru, enda er sálmasöngurinn látinn taka upp óhæfilega langan tíma samkvæmt því guðspjónustuformi, sem nú tíðkast í kirkju vorri. Nú er faðir-vor haft þrisvar um hönd við hverja guðspjónustu, en fimm sinnum, ef skírn og altarisganga fer fram, og má það heita hrein og bein misbrúkun á drottinlegri bæn, enda afleiðingin sú, að hún er langoftast höfð um hönd sem þula, er engin hugsun fylgir. Þar sem tíðareglurnar hafa ekki verið látnar alla vega afbakast, er látið sér nægja að flytja þá bæn einu sinni eins og það guðspjónustuform ber með sér, sem hér hefur verið prentað, og sjá allir, hve miklu skynsamlegra það er. Íslenskt kirkjufólk er hætt að kunna að biðja sitt faðir-vor og þessi blessaða bæn þannig orðin að mestu leyti þjóð vorri ónýt, meðfram af því, að hún hefur verið þulin svo oft við messugjörðirnar, og ætti það að vera ofur lítil bending um, að ekki stendur allveg á sama, hvernig guðspjónustuformið er.

Guðspjónustuform það, sem prentað er hér að framan, er óumræðilega hátíðlegt, þegar söfnuðurinn er orðinn því vanur og hefur það um hönd með réttum skilningi, smekk og tilfinning. Það er eitt af meistaraverkum mannsandans, sem margar liðnar aldir hafa

lagt sinn skerf til að fegra og fullkomna. Inn í það eru fléttuð orð úr Davíðs sálumum, orð, sem spámennirnir töluðu, þegar andi drottins lyfti fortjaldi tímans frá og sýndi þeim frelsisvon mannkynsins; og hér eru orðin, sem flugu út úr hjarta Símeons, þegar hann hélt frelsara mannanna á örmum sér. Guðsdýrkun allra kynslóða og allra alda er hér dregin saman í eitt. Hér er syndajátning og hér er fyrirgefning syndanna. Hér er trúarjátning og bænarákall. Hér er lofsöngur og þakkargjörð. Hér er mál englanna gjört að máli mannanna. Hér hrópa mennirnir til drottins og hér svarar hann þeim aftur. Hér tala bæði postular og guðspjallamenn. Hér er bæði lögmál og evangélíum, bæði synd og náð. Hér er guðleg blessun og hér er mannleg fórnargjörð. Hér er safnað saman eins og í dýrðlega sýning öllu því, sem farið hefur og fara mun á milli guðs og manna. Hér er drottinn með alla hina kærleiksríku frelsisráðstöfun sína frá upphafi vega. Og hér er maðurinn með alla sögu sína um fall, iðrun, afturhvarf og trú. Hér er hásæti drottins og maðurinn á ásjónu sinni frammi fyrir honum.

Það eru þrjú atriði í þessu guðsþjónustuforni, sem mér finst mest um vert að fá aftur. Hið fyrsta er syndajátning og aflausn. Syndameðvitundin er orðin dauð og dofin hjá oss, og þess vegna fer prédikunin um fyrirgefning syndanna fram hjá oss eins og ræða á út-lendu tungumáli. Aflausninni er nú hnýtt aftan við skriftaræðuna og hvorttveggja fer ákaflega illa eftir núverandi fyrirkomulagi, þar sem það er látið skrölta laust framan við hina eiginlegu guðsþjónustugjörð. Þýðing aflausnarinnar er alveg töpuð úr meðvitund ísl. kirkjulýðs; naumast nokkur leikmaður, sem veit, að

eitt atriði hinnar núverandi guðspjónustu heitir því nafni. Það mundi stórum bæta guðspjónustur vorar, að bæta syndajátning og aflausn inn í tíðareglur vorar.

Hið annað atriði, sem endilega ætti að komast inn í hið íslenska guðspjónustuform vort, er hin postullega trúarjátning. Oss er farið að þykja minnast að öllum trúarjátningum, og fáir þykjast eiginlega vera bundnir við neina trúarjátning og margir búnir að gleyma, upp á hvað þeir voru skírðir og fermdir. Kristinn söfnuður á stöðugt að vera að jata trú sína, til þess fyrst og fremst sjálfur að styrkjast í trúnni og þar næst til að draga aðra inn í kirkjuna. Það er enginn vafi á því, að íslenska kirkjan þarf að fara að jata trú sína betur en hún hefur gjört og halda þeirri játning betur á lofti en hingað til. Þessu hefur líka verið hreyft í sumar á synóðus, og eftir því, sem séð verður, hefur þar verið samþykkt, að lesa mætti trúarjátning af prédikunarstól. Íslenskum prestum hefur verið gefið leyfi til þess, svo hér eftir mega þeir það, án þess að gjöra sig seka um nokkur afglöp. Þetta er þannig haft samstaðar í Danmörk, og það er sú danska fyrirmynd, sem menn hafa haft í huga, þegar þetta var samþykkt. En trúarjátning á að vera borin fram á eftir guðspjalli, sem svar safnaðarins upp á náðarboðskapinn, meðan presturinn stendur fyrir altari; gjörir söfnuðurinn það annaðhvort syngjandi eða með vanalegum málrómi, þannig, að allir bera orðin fram í einu hver með öðrum, eða þá presturinn gjörir það í safnaðarins stað. Sé trúarjátningin borin fram af prestinum af prédikunarstól, verður það hann, sem persónulega ber fram játning sína, eins og ræðan, sem

hann flytur, er persónulegur vitnisburður um frelsarann frá eigin brjósti hans.

Þriðja atriðið er hin almenna safnaðarbæn. Það eyfi, sem vér eigum eftir af henni, er eiginlega sama sem ekki neitt. Það er nokkurn veginn alveg komið út úr meðvitund íslenzks kirkjúlýðs, að guðs hús sé bænahús, að söfnuðurinn komi þangað aðallega til að biðjast fyrir. Þá meðvitund þarf að vekja aftur til lífs með öllu móti. Fögur og fullkomin safnaðarbæn, sem þá ætti að vera borin fram af prestinum, standandi fyrir altari, mundi gjöra sitt til að kenna mönnum að biðjast fyrir í kirkjunni, og er það stórmikið atriði, sem aldrei verður lögð of mikil áherzla á.

Drottinn hefur leitt þessa hreyfing til endurbóta á tæðareglum inn í hið íslenska kirkjulíf. Hún hefur borist eins og aðrar hreyfingar berast til vor þáðan, sem meira fjör er í hugsunum og framkvæmdum en hjá oss og umfram allt meiri áhugi á velferðarmálum kirkjunnar og kristindómsins. Þótt oss kunni nú að sýnast, að hún hafi til vor komið helzt til snemma, áður en lífið sjálft er vaknað, sem öll form verða dauð og þýðingarlaus án, ættu allir vinir kirkju vorrar að sýna henni rækt og velvild og hugsa sem svo: Hún er frá guði komin. Hver veit nema hreyfing þessi geti orðið verkfæri í hendi drottins til að vinna eitthvert kraftaverk og vekja til lífsins eitthvað, sem sefur, ef þeir, sem honum vilja þjóna af einlægu hjarta, leitast við af öllu afli að beina henni inn í heppilegan farveg.

Það er of snemt enn að gefa handbókina út í endurbætttri mynd. Menn eru ekki búnir að átta sig, fara nú fyrst úr þessu að gefa því ofur lítinn gaum. Það liggur heldur ekkert á. Því ekki bíða nokkur ár

enn og ræða málið smámsaman í hinum kirkjulegu tímaritum og láta þá, sem til þess kunna að finna köllun, afla sér meiri þekkingar?

Það er tvent í þessu sambandi, sem allir kirkju-
legir leiðtogar þyrftu að hafa hugfast. Fyrst og fremst
þyrftu þeir að leggjast á eitt með, að koma íslenzku
safnaðarfélagi í skilning um, að form er form, og á ekki
að þrælbinda neinn, hvorki prest né söfnuð, svo að það
þyki afglöpum næst, ef út frá einhverju smáatriði er
vikið. Formið er til mannanna vegna, en ekki
öfugt.

Þar næst þurfum vér allir að hafa hugfast, að svo
framarlega sem vér viljum gjöra einhverjar endurbæt-
ur á tðbareglum kirkju vorrar, sem sannarlega er engin
vanþörf á, megum vér ekki hringla fram og aftur, þar
sem um þennan sögulega arf kirkju vorrar er að ræða,
heldur leitast við að eignast aftur guðsþjónustuform
lútersku kirkjunnar í hinni fögru upprunalegu mynd
þess. Þetta eru meginreglur, sem trúarbræður vorir
hvervetna í heiminum stöðugt fylgja, þegar þeir taka
þetta þýðingarmikla efni til meðferðar.

Undir linditrjánum.

Fyrr og nú.

Í merkasta tímaritinu, sem vér Íslendingar höfum átt, var gefið yfirlit yfir allar bækur, sem út höfðu komið árinu áður. Ritgjörðirnar um þetta efni í *Fjölni* eftir síra Tómas Sæmundsson hafa haft ákaflega mikla þýðing fyrir íslenskar bókmentir, — svo mikla þýðing, að eiginlega er alveg ómögulegt að gjöra sér grein fyrir hinum víðtæku áhrifum, sem andi hans hefur haft á andlegt líf þjóðar vorrar. Ritgjörðir þessar verða eflaust lesnar eins lengi og nokkur maður lætur sig langa til að kynna sér bókmentasögu vora. Nokkuð eru dómar hans harðir oft og tíðum, ef það á annað borð er leyfilegt, að kalla þann dóm harðan, sem spröttinn er af kærleika og velvild. Enda hefðu dómur hans verið árangurslaust mald í móinn, ef hann hefði brostið einurð og kjark til að taka af öll tvísmæli um gallana og vankantana. Íslensk bókagjörð var þá í mesta barndómi og átti við ótal örðugleika að stríða, sem vér nú naumast getum gjört oss grein fyrir. En andi síra Tómasar var stórhuga. Hann vildi ekki láta íslenskar bækur standa öðrum á baki, hvorki að því, er búning né efni snerti. Hann vildi láta Ísland eignast marga rithæfa menn, sem hefðu eins ekta andans vín

á boðstólum og rithöfundar annara landa; og hann vildi láta þá bera það fram í jafn-glófögrum kerum. Það sýndist vera nokkuð djarft að koma fram með aðra eins kröfu og þetta þá, þegar andlegt líf þjóðar vorrar var eins og ljós, sem blaktir á skari. Kærleikurinn er ætíð djarfur, — enginn til eins óumræðilega stórhuga og hann. Sami kærleiksandinn þarf enn að hvíla yfir hinu myrka djúpi þjóðlífs vors, því á sínum tíma skapar hann ljóshnetti og setur þá á festingu himinsins og klæðir það, sem áður var bert og nakíð, með grösum og jurtum.

Bókmentalegt líf í löndunum stendur ekki eitt og út af fyrir sig, frásíkið öllu öðru, heldur er það í nánasta sambandi við það menningarstig, sem þjóðin hefur náð. Hugsun rithöfundanna stendur svo sem að sjálfsögðu í sambandi við hugsanirnar, sem þjóðin er að velta fyrir sér. Andlegu umbrotin í sálum þeirra verða sterk eða aflaus eftir því, hvort andleg umbrot eru mikil eða lítil í lífi þjóðarinnar. Fegurðarstigið, sem þeim tekst að ná, þegar þeir eru að skryða hugsanir sínar, fer eftir því, hve næm eða sljófegurðartilfinningin er hjá þjóðinni. Andlega loftslagið, sem þeir lifa í, kemur ósjálfrátt fram í bókum þeirra. Það má þekkja Íslendinginn á lengdar, þótt hann mæti oss í útlendum búningi á fjölförnu stræti í erlendri stórborg.

Það er einn stór og mikill aðal-galli á Íslenskum bókum nú á yfirstandandi tíð. Þær halda engri fastri, ákveðinni hugsun fram. Vér erum að fylla hýbýli vor með pappír og prentsvertu, en hjörtu vor eru jafn-tóm eftir lesturinn. Bækurnar hafa, ef til vill, stýtt oss stundir og skilið eftir fáeina fróðleiksmola. En hvaða lífsvísdom hafa þær skilið eftir hjá oss? Hafa þær

gjört oss að meiri og betri mönnum? Hafa þær auk-
ið dugnað vörn og kjark? Hafa þær sannfært oss um
nokkurt sannleiksatriði, sem vér engan gaum höfðum
gefið? Hafa þær kent oss, hvernig vér eigum að fara
með þetta dýrmæta líf vort, svo það verði oss ekki
öldungis ónýtt eða verra en ónýtt? Hafa þær vakið
anda vörn, rutt hugsunum vorum nýja braut, hrundið
oss út í baráttu við óvini lífsins, en kent oss að krjúpa
á kné fyrir lávarði þess og herra?

Bækur, sem ekki gjöra þetta, eru ónýtar bækur.
Höfundar, sem semja bækur áu þess að hafa nokkurn
hlut til að segja, sem gagn er í, nokkra hugsun, sem
borið getur ávöxt, eru bráðónýtir höfundar, sem gjöra
mundu miklu þarfara verk með því að vera smalar eða
sjómenn, eða sitja inni á palli og þrjóna sokk eða
kemba ull. Duggarabandssokkurinn eða sjóvetlingur-
inn er miklu heiðarlegra smíði en ónýt bók, sem
engri skynsamlegri eða þarflegri hugsun heldur fram.
Og aðalgallinn á vorum íslenzku bókum er nú einmitt
þetta: þær auka svo lítið auðlegð hugsana vorra.

Nú eru liðin nærri 60 ár síðan Tómas heitinn
Sæmundsson varð á bezta aldri að láta pennann falla
úr hendi sér. Sextíu ár er býsna langur tími, því sem
næst tveir mannsaldrar. Á þeim tíma hefðum vér átt
að taka heilmiklum framförum. Heiminum hefur
fleygt áfram á þessum árum. Og víst er um það, oss
hefur farið fram í mörgu. Ekkert spor, sem áfram er
stigið, ættum vér að vanþakka. Það er talsvert meiri
menningarbragur kominn á lífið nú en þá. Það eru
nokkuð fleiri rithæfir menn til á meðal vor nú en þá.
Málið er hreinna, fegra, auðugra. Bækur eru miklu
fleiri gefnar út og bókagjörð orðin miklu vandaðri,

En naumast mundi síra Tómas sérlega ánægður enn, ef bækur þær, sem út hafa komið á árinu, ættu að mæta frammi fyrir dómstóli hans. Að vísu mundi brún hans hefjast heilmikið yfir sumum þeirra. En yfir fleirum mundi hann hrista höfuðið. Hann mundi nú eins og forðum finna nokkrar, þar sem „útgefendurnir hafa ekkert lagt til af eigin forða, nema leiðrétt- ing prófarkanna, formálann og prentvillurnar“. Hann mundi, ef til vill, aftur óska, „að heilar arkir væru stundum tómar eyður og slettur og klessur, svo enginn lifandi maður gæti lesið þær“. Hann mundi furða sig á, hve litlum andlegum þroska vér höfum náð á svo löngum tíma og undrast yfir hugsanafátækt nútíð- arhöfundanna, ekki síður en skorti þeirra á öflugri sannfæring.

Eftir þessi sextíu ár eigum vér fáa menn honum jafn-þroskaða, með eins vakandi anda, eins glöggan skilning, eins kjarkmikla dómgreind, eins víðtækan sjóndeildarhrif, eins óbilandi trú á möguleik framfaranna. Ef tekið hefði við af honum annar jafn- snjall maður, er staðið hefði jafn-trúlega á verði og haldið svipunni jafn-einbeittlega á lofti, og þó talað af jafn-miklum kærleika, mundu einhverstaðar sjást þess merki. Langt erum vér enn þá frá því, að hafa náð þeirri bókmentalegu hugsjón, sem fyrir honum vakti.

Oss Íslendinga skortir enn siðferðislegan þrótt og alvöru til að skapa bókmentir, er varanlegt gildi hafi og öðlast geti almenna viðurkenning fyrir utan hin þröngu takmörk þjóðar vorrar. Oss skortir ekki gáfurnar, hæfileikana. En oss skortir þann siðferðislega þrótt, sem er skilyrðið fyrir því, að gáfurnar fái að njóta sín. Vér eigum nóg af gáfuðum unglingum. En heill hóp-

ur þeirra er eins og njólar, sem hlaupa í fræ löngu fyrir tímann og verða svo að engu. Mest af þeim skáldskap, sem vér eigum, hefur til orðið á óþroskaðasta skeiði mannsæfnnar, og sum skálda vorra hafa steinhætt að yrkja, þegar það tímabil var á enda og þroski fullorðins-áranna kominn yfir þá. Hjá oss er töluvert af bókmentalegum tilþrifum, en þolið og þroskann vantar. Og víða kemur fram tilfinnanlegur skortur á mentun og skilningi. Sjóndeildarhringurinn, sem bundinn er við hólmann litla úti í hafinu, kemur of mjög í ljós. En aumast er þó alvöruleysið, flysjungshátturinn, kæruleysið um lífið, hvort því er varið til nokkurs eða ekki neins. Það er eins og oss finnist vel flestum ekki ómaksins vert, að verja lífi vöru til nokkurs hlutar.

„Ef þú gengir að morgni dags inn í mjólkur-skemmuna þína og yrðir var við, að yngsta barnið þitt hefði komist þangað á undan þér og væri að leika sér við köttinn, og að það hefði helt öllum rjómanum niður á gólfu handa kettinum að leypja, þá myndir þú átélja barnið og þér mundi falla illa, að rjóminn skyldi fara svona til spillis. En ef það væru nú í staðinn fyrir tréslát með mjólk gullskálar með mannlegu lífi, og í staðinn fyrir köttinn sem leikbróður — djöfullinn sem leikbróðir, og þú sjálfur værir að leika þér við hann, og í stað þess að láta guð brjóta gullskálina við uppsprettuna, brytir þú hana sjálfur niður í skarnið og heldir mannlegu lífi niður á jörðina handa fjandanum að sleikja það upp, — það finnst þér ekki að láta fara til spillis“ (*Ruskin*).

Það fer of mikið til spillis hjá oss á þennan hátt. Ef þetta á að lagast, verður kristindómurinn að

koma til sögunnar. Hann einn er fær um að varðveita lífsþrótt þjóðanna og gefa þeim þol til andlegra og líkamlegra framkvæmda. Vér þurfum að eignast astur prédikara eins og Vídalín, — réttlætispostula á öllum svæðum lífsins, menn með kristindóm í hjartanu og kristindóm í orðum eða gjörðum. Annars brotnar gullskál þjóðlífs vors niður í skarnið og alt fer til spillis.

Það er í þessu sambandi eftirtektarvert, að Tómas Sæmundsson, sá maður, sem einna mest hefur borið vöxt og viðgang íslenzkra bókmenta fyrir brjóstinu og meira hefur á sig lagt þeirra vegna en flestir aðrir, var prestur. Og þá ekki síður það, að nú nærri sextíu árum eftir dauða hans eru það tveir prestar, sem bera íslenzka ljóðagjörð á herðum sér. Það má svo að orði kveða, að þeir einir haldi nú uppi söngnum í bókmentakirkju þjóðar vorrar; að minsta kosti eru þeir forsöngvararnir. Ef þeir væru ekki, væri þar líklega orðið messufall fyrir löngu síðan, sökum söngleysis.

Bíbluljóð.

II.

Merkilegast af öllu, sem út hefur komið á íslenzku síðan við sátum undir linditrjánunum í fyrria, er annað bindi bíbluljóðanna. Vér skröfudum þá og skeggræddum all-ítarlega um fyrria bindið og ættum nú að gjöra hinu seinna sömu skil. Fyrria bindið var 414 bls. og í því voru 120 kvæði. Seinna bindið er 448 bls. á stærð og kvæðin 89, en flest miklu lengri en í hinu fyrria. Það er sami blærinn á þeim öllum, eins og búast mátti við, og þess

vegna ekkert verulega nýtt að segja um þau frá spróttarlegu sjónarmiði. Hér er sama sólskinið, sami léttleikur og list, sami snildarbragur á meðferð máls og kveðandi, sömu ljósu hugsanirnar, sami leikurinn með orð og hugmyndir. Kvæðin í seinna bindinu virðast mér öllu jafnari; það er færra þar af kvæðum, sem lítið skáldlegt gildi hafa. Aftur á móti er fleira að athuga um meðferð efnisins í síðara bindinu. Efni nýja testamentisins er mönnum miklu kunnugra og um leið er það enn þá heilagra í meðvitund manna en efni gamla testamentisins. Það er heilög jörð, og þar stendur maður fast hjá hinum logandi þyrnirunni. Ekki svo að skilja, að lotningin fyrir hinu heilaga sé ekki á nógu háu stigi í þessum nýja testamentis ljóðum. Hún er þar vissulega bæði djúp og há. Skáldið hefur einmitt viljað margfalda hana í hjórtum lesenda sinna. En hér var alveg nauðsynlegt að vera undur varasamur, leita sér ekki stuðnings í hinu gífurlega og ofsafengna og hagga ekki frásögninni. Hún hefur grafið svo langt inn í meðvitund manna, að það hjálpar ekki. Við það að lesa nýja testamentis ljóðin hef ég betur og betur sannfærst um, að það að meira hefur verið fundið að síðara bindinu af þeim, sem vænst þykir um þessi ljóð, er ekki vegna þess að skáldlist síra Valdimars sé þar ekki á jafn-háu stigi, heldur vegna hins, að hann hefur látið ímyndunarafl sitt æðisvíða fara of geyst. Dagar Kloppstokks og Miltons eru nú fyrir löngu liðnir. Jafnvel Oehlenschläger og Tegnér eru nú fallnir í gleymsku og dá. Það dugir ekki nú á dögum að hafa aðferðina þeirra, hversu mikilfenglegur sem skáldskapur þeirra er og þrunginn af andagift. Nú fara skáldin miklu varlegar með

veruleikann heldur en þá, hvort sem þeir fylgja realista*)-stefnunni í einu og öllu eða ekki. Síra Valdimar yrkir eins og hún hefði aldrei verið til. Það er nú að sumu leyti lán, en að öðru leyti ólán. Hann hefur komist fram hjá skerjum þeirra, en líka látið margt gott, sem þeir hafa uppgötvað á sigling sinni, fara fram hjá sér. Ég fyrir mitt leyti hef óbeitt á öfgum realistanna. Ég gleðst yfir því, að hengillinn á stundaklukku skáldskaparins er nú farinn að hreyfast í hina áttina. En ég óskaði oft, þegar ég var að lesa þetta síðara bindi biblíuljóðanna, að skáldið á Stóranúpi, sem ég annars ber svo mikla lotningu fyrir, væri ögn meiri realisti en hann er. Ég skal nú gjöra ofur lítið nákvæmari grein fyrir þessu.

Í kvæðinu „Jólanóttin“ lætur skáldið hvert orð, sem engillinn talar til hjarðmannanna, verða að engli og orðin þeirra svo astur að öðrum englum (bls. 24). Hreysið, þar sem frelsunin fæddist, virðist hjarðmönnunum verða að musteri drottins, sem náí upp til himins, og þar sjái þeir allar þjóðir jarðarinnar safnast saman og tilbiðja drottin (26). Seinast eru englarnir aftur látnir verða að stjörnum (27). — „Freistingin“ er langt kvæði. Þar er þetta ljómandi vísuorð (63):

„Varð þá gnýr sem þúsund þrumur riðu,
þungan stundi' hið afar háa fjall;
sogaðist haf í þögurlega iðu,
aldan tryld á hamrabrunum skall;
jörðin skalf sem skógarlauf í vindi

*) Menn verða að fyrirgefa mér, að ég segi enn þá „realisti“, en ekki „hlutsæingur“; því mér finnst það svo ófritt orð, að ég fæ mig ekki með neinu móti til að taka það í munn. Svo er það líka alt eins torskilið og latínan, því hana skilja margir, en þetta enginn. Ég bið því rólegur eftir einhverju betra.

skóf upp grjótið eins og lausamjöll;
fjallið sprakk með hveli sem niður hryndi
heimsins mikla' og trausta festing öll.

Þetta er, þegar frelsarinn hefur rekið freistarann frá sér. En er ekki þetta of mikil töfrasýning, of líkt austurlenzku ævintýri úr Þúsund og einni nótt? Í þessu kvæði eru stjörnurnar látnar verða að englum, er stíga niður til jarðarinnar að veita frelsaranum lotning. — „Jesús gengur á vatninu“ er gullfallegt. En um kvöldið, þegar hann er einn á bæn uppi á fjallinu (Matt. 14, 23), eru „tígur og ormar og óarga dýr og allskonar kvikindi grimm“ látnir skrifa að fótum hans og biðjast griða (140). Tárin hans falla til jarðar, svo „klöppin, sem hörd var og köld eins og svell, í kyrrþey á svipstundu grær“ og fagur blómlundur rennur þar alt í einu upp í björgunum (143). Þessi ævintýrablær skyggir á persónu frelsarans og styrkir ekki trú hinna efunargjörnu á frásögu nýja testamentisins. Þetta kvæði virðist mér of langt, eins og annars er hægt að segja um æði-mörg af kvæðunum í síðara bindinu. — Þá er „Ummyndunin“ (156).*) Guð sendir lind(!) til að sækja Jesúm upp á fjallið. Þegar þang-að kemur, fer frelsarinn að biðjast fyrir, en lærisveinarnir þrír, sem með honum voru, látnir hvíla sig upp við steina og vera milli svefns og vöku. Þá kemur Móses þeysandi á kófsveittum fátí í loftinu sunnan frá Nebós fjalli með steinspjöld í hendi og sverð við hlið (160). Elfas kemur akandi á eldkerru vestan frá Karmelstindi og er í eldskikkju með kefli í annarri

*) Um þetta kvæði hefur verið talað í „Sam.“ af síra Jóni Bjarnasyni alveg frá sama sjónarmiði. En samhengisins vegna læt ég þess einnig getið hér með sem fæstum orðum.

hendi, en metaskálar í hinni. „Felmtrað skalf sem fis í vindi fjallið alt frá neðstu rót“ (161). Svo eiga þeir þrír tal saman „um dauðans, lífsins leyndardóma, lögmál guðs og frelsarann“ (162). Móses tekur þá við metaskálunum og leggur steinspjöldin á metin; seig þá skálin niður, svo skall í berginu (163). Þá leggur Elías kefli sitt með spádómunum um frelsarann úr gamla testamentinu á metin, og verða skálarnar þá aftur jafn-þungar. En Móses bætir sverðinu — „refsisverði drottins dóma“ — við sín megin, og verður þá skálin hans aftur þyngri. Tekur þá frelsarinn kross-tré úr kyrtlskaufi sínu og leggur í skál Elíasar:

„Létt varð stál og steinn í móti,
strax í loft upp skálin fló;
krossinn skall í gráu grjóti,
gneistaflug úr bergi sló.“

Verður svo trékrossinn alt í einu að gullkrossi (164). Þetta er alt nokkuð stórkostlegt og ólíkt hinni einföldu frásögu nýja testamentisins, þar sem minstu atvik í lífi frelsarans bera á sér veruleikans stimpil. Skáldið hefur ætlað að auka lotninguna fyrir persónu frelsarans með því að bæta þessum eldgamla heilaspuna, sem fyrir löngu er gleymdur og grafinn og aldrei gjörði kristindóminum nema ilt eitt, inn í frásögu nýja testamentisins. En það var ekki heppilegt og er svo langt frá að ná tilgangi sínum, að þeim mönnum, sem nokkuð er gjarnt til að efa guðspjallasöguna, hlýtur að koma til hugar við lesturinn: Svona ævintýri er þetta nú líklega alt saman. — Þegar systur Lazarusar sitja yfir honum veikum, heyra þær barið að dyrum (178), halda þær, að Jesús sé þar kominn, en það er þá dauðinn. Jesús er þá langt burtu með lærisveinum sínum. Þá er svipur Lazarusar látinn fljúga gegn um salinn, þar

sem þeir sitja, „og súgur kaldur þaut í rósatjöldum“ (181). Þegar efnið og lengdin er borið saman, er þetta kvæði mikið of langt. — Í grasgarðinum lætur skáldið Pétur fara að segja frelsaranum draum og Jesúm fara að ráða hann (269). Og þegar hann kemur til lærisveinanna í 2. og 3. sinn, gjöra þeir Jakob og Jóhannes hið sama. Að hugsa sér, að annað eins og þetta hafi átt sér stað grasgarðspínu-nóttina, er víst mjög mikil fjarstæða frá sálarfræðislegu sjónarmiði. Þegar frelsarinn hefur beðist fyrir í 3. sinni, grætur hann, hvert tár verður perla, en hver perla verður að stjörnu, heilum heimi. Þetta langa kvæði finst mér hafi mishepnast hjá höfundinum.

En mönnum er nú líklega mál á, að ég fari að tína í hina metaskálina, enda er það bæði ljúfara og léttara. Ég er að eins hræddur um, að ég yrði aldrei búinn, ef ég ætti að telja alt það upp, sem kvæðin hafa til síns ágætis. Það sem að þeim má finna, er eins og fis á móti hinu. Í heild sinni eru þau snildarverk, þótt þau hafi sín takmörk. Stundum tekur skáldið viðburði úr gamla testamentinu og líkir þeim við það, sem hann er þá að segja frá, svo það er unun að þeim samanburði, eins og t. d. í kvæðinu um vitringana frá austurlöndum, þar sem hann líkir þeim við kappá Davíðs, sem með skelfilegri lífshættu sóttu vatn í brunninn í Betlehem (28). — Skáldið lætur Önnu spákonu segja:

„Þegar hjartans benjar sviða' og blæða,
beztu lækning er að fá við því:
Blóðið Jesú instu hjartans æða
öll mun djúpu hjartasárin græða.
Lífsteinninn góður sverða' er eggjum í“ (86—87).

Það er eins og Hallgrímur Pétursson væri að tala. Annað mál er, hvort það er nú eðlilegt að láta Önnu

segja þetta. — „Brúðkaupið í Kana“ er létt og ljóm-
andi kvæði, en ekki laust við að vera nokkuð alvöru-
laust og veraldlegt (66). — Eitt kvæðið heitir „Sjúk-
lingarnir“ (96). Þar kallar skáldið á alla sjúklingana,
sem frelsarinn gaf líf og heilsu, að nú skuli þeir koma
fram fyrir hann og tjá honum þakklæti sitt. Snildar-
kvæði, — og tekur mörgum öðrum fram að því leyti,
að hvert vísuorð er svo efnisríkt. — Þá er næsta kvæð-
ið: „Líkfylgðin í Nain“ (101) yndislegt. Það byrjar
svona:

Dagur er í djúpið siginn,
djúpið kalda;
eins og sveinn á helbeð hniginn
hann er stiginn
svalt í djúp;
svipuð dökkum dauðahjúp
breidd er yfir bláðimm alda.
Jörðin eins og ekkja grætur
einkason, er tregar sinn.
Eins og titra tár á kinn
alt hún dögguin laugað lætur.
Eins og líkfylgd dökk og döpur,
dimm og nöpur
skuggar yfir foldu fríða,
fölvir líða.
Eins og sorgar óp og vein
ómar næturvindar kvein.“

Þetta er skínandi náttúrulýsing og „klassiskur“ skáld-
skapur að mínu viti. Annars er of mikið af náttúru-
lýsingum í kvæðunum. Þær þreyta lesandann bæði
vegna þess, hve langar þær eru, og hins, að þær eru
hver annarri svo líkar. Eitt kvæðið, „Himnaförin“
(328), sem nær yfir 8 bls., er svo sem ekkert annað en
náttúrulýsing, en hún heillar naumast hugann eins og
þessi. Þar lætur skáldið náttúruna ummyndast fyrir
augum sér, svo hún verður að kirkju, og sýnir oss ljósa-

hjálminn, altarið, altarisklæði og altarisdúk, ljósa-
stjakana og altariðstóluna (331). En maður verður að
beita fnyr-lunarafl sitt of miklu valdi til að fylgja höf.,
og það dregur ofur lítið úr áhrifum þessarar ljósmandi
lýsingar. Í „Skilnaðarræðunni“ lætur skáldið Jesúm
benda lærisveinunum upp í alstirndan himininn og
segja:

„Hve mikil borg! Ó, hvíllik halla fjöld!

Af helgidómi guðs vér skuggann sjáum.

Þar á ég heima; heim er mál að snúa,

þar hýbýli ég yður fer að búa“ (256).

— „Kanverska konan“ held ég sé eitthvert allra
fallegasta kvæðið í bókinni. *Það er svo viðkvæmt, að
það ósjálfrátt þrýstir tárinu fram í augað.* Ég vildi
óska, að það hefði mátt segja þetta um öll kvæðin.
Ég hefði viljað láta þau koma meira við hjartað, þessi
skinandi ljóð. Mér er ekki nóg að koma inn í spegil-
fagra marmarahöll, sem upplýst er með rafurmagns-
ljósi. Mér þarf að verða heitt um hjartað þar inni
við faðmlög nýrra hugsana, ef mér á að lifa þar reglu-
lega vel. — Þá er „Hvítasunnudagsmorgun“ eitt af
stærstu kvæðunum, ef til vill mikilfenglegast þeirra
allra, á smellandi hexametrum. Þar særir skáldið
þjóð sína, sem á svo „tignarlegt tungumál“ (347),
að láta það verða andans verkfæri og „túlka stórmerki
guðs“ (348). En svo er eins og maður detti niður úr
skýjunum og ofan á láglandið, þegar maður les næsta
kvæðið „Hinn fyrsti söfnuður“. Mér er eigi unt að
sjá, að það kvæði hafi eiginlega nokkurt skáldlegt gildi;
það nýtur að eins góðra nágranna. „Presturinn, Le-
víttinn og Samverjinn“ held ég sé algjörlega mislukkað
kvæði (187), og er þó sú saga hið inndælasta yrkisefni,
er hugsast má, en hún hefur hjá höfundinum óvart
orðið tómtrím, en ekki skáldskapur, og er ef til vill
óheppilegum bragarhætti um að kenna. En öllum
eru mislagðar hendur, enda dottar Hómer sjálfur
stundum, og ekki við því að búast, að andi skáldsins
þreyti flugið ætíð jafn-hátt, þegar um svo langt ferða-

lag er að ræða. — „Kvöldmáltíðin“ er viðkvæmt kvæði (252).

„Ó, sú fegurð guðs í geim!
Mér er, guð minn, glatt í hjarta,
gleðisalinn lít ég bjarta;
langar mig í ljósið heim.
Hjartanlega lysti þig,
lífsins herra, menn að gleðja;
síðast heiminn eins að kveðja
hjartanlega langar mig“ (254).

Aftur Hallgríms Péturssonar tungutak, — látlaust, einfalt, óbrotið. Það á líka ekkert annað við, þegar maður stendur frammi fyrir guði. — Margt er viturlega sagt, til dæmis þetta:

„Skilningsins dugir ein ei eik,
hver einasta grein er þar svo veik“ (229).

„Og lífið hlýtur að sýnast svart,
ef sjá menn ei Jesú auglit bjart“ (228).

— Kvæðið „Sakkeus“, sem þetta stendur í, sýnir, hve mikið skáldið fær stundum út úr frásögninni; hið sama er að segja um kvæðið „Naðran“ (404) og ýms önnur. Þá er þetta vel sagt:

„Þeir hlögu þá, þeir hlæja enn,
sem herrans efa mátt;
en hlátur sá mun hverfa senn,
þótt hlæi þeir nú dátt“ (126).

Skáldinu tekst oftast bezt, þegar hann ber sem minnst í ljóðin, en hugsar og talar sem mest blátt áfram. Of mikill sburður spillir oft fyrir. „Heimslok“, þar sem braglistin er í algleymingi sínum, minnir of mjög á „Skarphéðin í brennunni“. Það kvæði er of „blossandi, brunandi, brakandi, sprakandi“ (245). „Fjallræðan“ er eitt af löngu kvæðunum, og er þar reynt að flétta þessa löngu ræðu Jesú í ljóð. En það er ofætlan; kraftur orðanna tapast. Eina af hinum mikilfenglegustu persónum nýja testamentisins virðist mér skáldið hafa misskilið, Jóhannes skírara. Í

myrkvastofunni er hann látinn vera að tala við sjálfan sig. Hann kvartar sárt yfir að sitja þar og fá ekki að njóta sólarinnar, né ganga um „grösuga rósavanga“ (106), né „tægja lofthafið létt og svalt“, né „heyra fagran fuglasöng“ (107). Og svo er rödd látin flytja honum svar frelsarans, ómandi utan að inn í hjarta hans milli hugleiðirganna, og er það atriði mjög fagurt. En skyldi Jóhannes hafa verið að hugsa um þetta í fangelsinu? Vár hann svo mikill nautnarínnar maður, að það tæki mest á hann að fá ekki að njóta unaðsenda lífsins? Voru það ekki aðrar og dýpri hugsanir, sem ollu honum hugarangurs? Voru það ekki bylgtur efasemdanna, sem dundu þá yfir hann og krömdu sál hans og komu honum til að hneykslast á guðs lambi, sem bar alls heimsins synd? Það er naumast unt að hugsa sér stórköstlegra yrkisefni en Jóhannes skífrara. En hann er víst ekki síra Valdimars meðfæri. Sú hlið sálarlífsins er honum auglýnilega ókunn, og þess vegna er hann ekki tilfinningaskáld. Megum vér ekki um það fást; engum er alt gefið.

Ýmislegt mætti setja út á fyrir skáldinu frá trúfræðislegu sjónarmiði. Trú síra Valdimars er nokkuð mikil alsælutrú (*universalism*). Hann er svo bjartsýnn, að hann er að reyna að gleyma því, að til sé nokkurt myrkur. Kemur það af því, að hann hugsar of lítið um hlutina eins og þeir eru, en of mikið um þá eins og ákjósanlegast væri að hafa þá. Í kvæðinu „Guðs ríki“ spyr hann:

„Hvort dregur hann þá ei að landi seinna?“ (115).

Í „Filippus og sverttinginn“ segir hann:

„Koma tíð mun sú um síðir:
svartir verða jafnir hvítum,
heiðnir kristnir, viltir visir,
vondir hljóta náð úr býtum“ (886).

Í biblíunni er oss hvergi heitið þessari tíð, og ljóðin þessi hætta að vera biblíuljóð, þegar farið er út í þá sálma. Lakast finst mér kvæðið „Kornelíus“ vera að þessu leyti. Því þar eru takmörkin á milli þess að

vera heiðinn maður og kristinn of mjög rifin niður. Það er þeim mun lakara, sem það styður þá stefnu, er nútíðarkristindómi þjóðar vorrar er lang-mest hættu búin af. Í kvæðinu „Grikklands goð“ er kenning sú, sem Páll postuli er látinn flytja, of skyld því, sem alment er kallað algyðistrú (*pantheismus*), enda er því slept, sem einkennilegast var í ræðu postulans, hneykslinu, sem kom stóisku spekingunum til að gjöra gys að öllum þeim boðskap. Miður heppilegt er það líka, að skáldið kallar Krist „Baldur“ (301 og 306) og djöfulinn „Loka“ (298).

Nú hef ég talað svo margt, að ekki dugir við að bæta. Hjartað verður sífult af þakklæti til skáldsins, sem ég mundi alt af eiga eftir fram að bera, hve lengi sem ég talaði, og svo af ýmsum hugsunum út af öllu hinu snildarlega ljóðasmíði hans, sem auðvitað er eins og önnur mannaverk í því, að eitthvað má út á það setja. Það á ekki heima um skáldskap síra Valdimars, að hann sé stefnulaus eða haldi ekki ákveðinni lífsskoðun fram, enda er þýðing hans sem skálds eflaust lang-mest innifalin í því. Kristindómurinn er hið eina yrkisefni hans. Hvötin ávalt sú, að syngja þá lífsskoðun inn í hjörtun. Og þó hægt sé að segja, að hann hafi vikið ofur lítið út frá henni í einu atriði, þá hefur hann gjört það svo varlega og frekjulaust, að kærleikur hans til frelsarans og kirkjunnar hylur það fyrir augum vorum. Þýðing lífsstarfs síra Valdimars er að þessu leyti stór-mikil og óumræðilegt fagnaðar-efni. Þegar mentuðu mennirnir í veraldlegum stöðum hafa lang-flestir snúið bakinu við trúnni og fylia hóp afneitunarinnar, að sárfáum undan teknum, er það sérstök handleiðsla drottins, að vér skyldum eignast þetta trúarskáld á þessum neyðartíma hinnar íslensku kirkju. Í því felst ófað fyrirheiti um betri tíma. Ef vér allir, sem trúum á frelsarann í hjörtum vorum, verðum eins vel þeim hæfileikum, sem vér höfum þeg-ið, til að koma kristindóminum inn í hjarta þjóðar vorrar og síra Valdimar, þótt þeir séu minni og fátæk-

legri en hans, mundi drottinn einhverju fá til leiðar komið meðal vor. Ef vér ættum menn á öllum svæðum vors kirkjulega lífs, sem létu eitthvað líkt eftir sig liggja og síra Valdimar í skáldskapnum, ættum vér ekki dauða kirkju og dauðan kristindóm, heldur lifandi og starfandi. Skáldskapur hans ætti að vera herhvöt til vor allra. Hann hefur blásið í lúður drottins og blásið vel. Það er ekki honum að kenna, ef herinn ekki vaknar.

Ég vona, að með skáldskap hans byrji nýtt tímabil í sögu þjóðar vorrar; að hún hér eftir hverfi meir til kristilegrar lífsstefnu; að kirkjan íslenzka rísi úr rústum, og hin dýrmætasta arfleifð vor, málið, verði hér eftir betur notað til að túlka stórmerki drottins, eins og hann hefur gjört af svo miklum kærleika og mikilli snild.

Þegar Svíar þökkðu *Nordenskjöld* fyrir hina frægu heimskauför hans, fór aðalhátíðarhaldið fram í landsins frægustu kirkju, og biskupinn var til þess kjörinn að halda ræðuna; áttu þá Svíar von á eins mælskri ræðu og nokkurn tíma hefði af sænsks manns vörum komið. En í stað þess að halda slíka ræðu gekk biskupinn, þegar þar var komið athöfninni, þangað sem Nordenskjöld sat í heiðurssæti, rétti honum höndina og sagði með viknandi rödd: „Ég þakka!“ Öllum kom saman um, að þetta hefði verið bezta ræðan, sem hægt hefði verið að halda við það tækifæri.

Ljód síra Valdimars eru oss Íslendingum miklu meira virði en heimskauför Nordenskjölds Svíum og eiga margfaldar þakkir skilið. Þegar mig nú að síðustu brestur öll orð, rétti ég honum höndina yfir hafið og segi: Ég þakka!

Grettisljóð.

Þá er það líka önnur bók, sem ekki er síður eftirtektarverð og álltast má veruleg aukning við hið bezta, sem vér eigum í bókmentum vorum. Það eru

„Grettisljóð“ eftir síra Matthías Jochumsson, prentuð á Ísafirði með laglegu lettri, 204 bls. að stærð. Kvæðin eru 34, auk formála, sem líka er í ljóðum. Skáldið er hér að öllu leyti sjálfu sér líkt. Þessi ljóð eru áframhald af ljóðabók síra Matthíasar með öllum kostum hennar og takmörkunum. Hér er engin afturför sjáanleg. Hið bezta, sem hér er, stendur ekki að neinu leyti á baki hinu bezta, sem hann hefur áður orkt, og er þá mikið sagt. Hafi hann áður verið uppáhalds-skáld þjóðar vorrar, verður hann það engu síður hér eftir, er hann á efri árum sínum, þegar aðrir eru farnir að stirðna upp á fótinn og verða hoknir í herðum, hefur leyst það þrekvirki af hendi að yrkja ljóð út af einni hinni helztu af fornsögum vorum.

Hvað eftir annað hefur það verið barið inn í meðvitund manna, að þetta væri hverjum menskum manni ofætlun. Sögurnar væru það listaverk í sjálfu sér, sem ekki væri unt um að bæta. Allar tilraunir til að mynda ný listaverk út af þeim mundu mishepnast. Sagan mundi skipa æðra sess í huga manns en nokkur ljóð, sem út af henni væri unt að yrkja. En þetta er auðvitað ekkert annað en hugarburður. Vitaskuld, það þarf þeim mun meiri list til að ummynda sögurnar og láta þær fæðast á ný sem frumleg listaverk sem betur er frá þeim gengið af frumhöfundum þeirra. En ég sannfærast einlægt betur og betur um, að vér Íslendingar erum og verðum ættlerar feðra vorra í bókmentalegu tilliti og hinar nýju bókmentir vorar verða þýðingarlausar í samanburði við þær gömlu, ef oss er það um megn að láta sögurnar frá hinni glæsilegu fornöld vorri endurfæðast sem listaverk í nútíðarbúningi. Vér erum þá engin bókmentapjóð og sönnum þá sögu þeirra manna, er ekki vilja kannast við neinar íslenzkar bókmentir nema þær gömlu. Í fornsögum vorum eigum vér dýrmætan bókmentalegan arf frá feðrum vorum, sem gjört hefur garð vorn frægan um heim allan. En ef vér ávöxtum ekki arfinn, smá-deyr hann og visnar upp í höndum vorum. Það er ekki unt

að halda fornsögudýrkuninni við öld fram af öld eins og vér höfum gjört. Það er ekki til neins að neita því, að hugur íslenzkrar alþýðu er farinn að hverfa frá fornsögulestrinum; hún er orðin þreytt á honum. Það er slæmt að svo skuli vera, en naumast unt við því að gjöra, hvað fegnir sem menn vildu. Það kemur sú tíð, að þetta verður enn þá meira en orðið er. Alþýða manna fær sig ekki til að lifa með allan hugann í fornöldinni, þegar til lengdar lætur. Hugsjónirnar og lífið, sem vér höfum fram undan oss og heitt er af eigin hjartaslögum vorum, fer að laða huga fólks vors meira og meira að sér, og það er ekki sorgar-, heldur fagnaðar-efni. Ef andlegt líf á að haldast við meðal vor, þurfum vér að eiga skáld og rithöfunda, er gefi þjóð vorri ný listaverk, er hún geti lifað í með huga sinn og látið anda sinn nærast af. En svo framarlega sem skáldskapur vor á að verða eitthvað annað en léleg eftirstæling af útlendum skáldskap, verður hann að fæðast í skauti fornaldarinnar. Vér verðum að gjöra fornöld að nútíð, láta fornaldarhetjurnar fæðast á ný, ganga út og inn á meðal vor, hvetja oss til þess, sem gott er og göfugt, og um fram alt kenna oss að verja lífi voru eins og vakandi menn. Vér verðum að eignast ljóð út af fornsögum vorum, er komið geti í stað þeirra sjálfra í meðvitund þjóðar vorrar, þar sem gimsteinar fornaldarinnar eru geymdir og greyptir í gull, nýja gullumgjörð, — svo allir dáist að fiðrildinu, sem skriðið hefur úr hýðinu. Annars deyr hin fornhelga bókmenta-arfleifið vor smámsaman í höndum vorum.

Ég vil í þessu sambandi benda á dæmi, sem allir þekkja, og enginn betur en síra Matthías. Það er meðferð Esajasar Tegnér á Friðþjófssögu. Það er nú töluvert farið að fyrnast yfir skáldskap Tegnér. En Friðþjófssaga hans er eitt af hinum ódauðlegu listaverkum, hvað sem annars má um hana segja. Það er margfalt meiri nautn fyrir anda hvers manns að lesa það skáldverk heldur en söguna sjálfa. Auðvitað mætti yrkja eins vel og betur út af öllum fornsögum vorum,

T
þv
le
fy
sk
at
þe
að
un

fyr
sý
í fa
ég
sín
há
ing
ne
hef
að
þý
ekk
hef
sög
sær
van
inn
efn
legi
pet
urir
Hug
þar
til a
geta
nóg

fegr

Til þess ættu Íslendingar að vera allra manna hæfastir, því enginn skilur fornöldina eins og þeir. Svo framlega sem Íslenzkar bókmentir eiga nokkurn þroska fyrir höndum, verður þetta gjört með tímanum. Mig skyldi ekkert furða, þótt Íslenzk skáld ættu eftir að draga athygli alls heimsins að sér, verða heimsfrægir menn, þegar þeir eru búnir að losa sig við þá hjátrúar-kreddu, að það sé hverjum manni ofætlun að yrkja út af sögum vorum.

Þess vegna kann ég síra Matthíasi margfalda þökk fyrir þessi Grettisljóð. Hann hefur gjört sitt til að sýna, að þótt það sé vandaverk, sem hann hefur færst í fang, er það engu síður vinnandi verk. Með því hef ég ekki sagt, að honum hafi tekist að lyfta Grettistaki sínu til fulls. Hann hefur naumast komið því nema á hálfu leið. En það, að hann hefur komið því helm-ing leiðarinnar, er óræk sönnun þess, að ekki þarf nema herzlumuninn til að koma því alla leið. Hann hefur ekki komist eins langt og Tegnér. Mig furðar á, að síra Matthías, sem varði æskukröftum sínum til að þýða Friðþjófs sögu og tókst það svo snildarlega, skyldi ekki betur hafa hugfest, hvað það var, sem lét Tegnér hepnast svo vel. Ljóð hans komu algjörlega í stað sögunnar; hún varð öllum þorra manna óþörf eftir að sænska skáldið hafði snúið henni í ljóð, hve mikil sem vanþekking höfundarins kann að hafa verið á fornöld-inni. Hér var sagan öll, söguþráðurinn óslitinn, en efninu öllu og mönnunum lyft upp eins og steini, sem legið hefur niðri í gili og borinn er upp á háan hól. Þetta verður nú ekki um Grettisljóð sagt. Söguþráðurinn er of slitróttur og bláþræðir á honum of víða. Hugurinn hverfur frá ljóðunum og til sögunnar; maður þarf að sækja hana upp á hillu og fara að lesa upp, til að vita, hvernig þetta var alt saman, ef maður á að geta notið ljóðanna. Steininum hefur ekki verið lyft nógu hátt, hann hefur ekki komist nema hálfu leið.

Grettir síra Matthíasar er ekki meiri maður, né fegri hetja en Grettir sögunnar. Hann hefur verið

of þungur fyrir skáldið. Vér skiljum ekkert betur hin haldu rök fyrir hörmum hans og óláni. Skáldið hefur reynt að lyfta honum hærra með því að gjöra hann að einskonar fulltrúa kristindómsins og láta lífsskoðun heiðninnar og kristinnar trúar togast á um hjarta hans, spyrna eðli hans sundur og gjöra hann að þeim ólánsmanni, sem hann var. Hugmyndin er fögur og skáldleg. En þetta hefur ekki tekist. Skáldið segir að eins, að svona hafi það verið, en sýnir það ekki. En það þarf meira til þess að vér trúum. Það hefst þurft sálarfræðislega að sýna þessa baráttu, en það hefur höfundinum láðst að gjöra. Auðvitað gefur sagan ekkert tilefni til þessarar skýringar. En hún er jafnmikilfenglegt yrkisefni fyrir því og hefst mátt verða brú milli fornaldar og nútíðar. Til þess að það hefst getað tekist, hefst skáldið orðið að leggjast miklu dýpra en hann hefur gjört. Það kemur sá tíminn, að gjörð verður grein fyrir óláni Grettis í íslenskum ljóðum, og þau ljóð verða eins og skuggsjá, þar sem margir þekkja sjálfa sig og fá lykilinn að margri harmasögu. Enda væri það ekki of mikið, ef Grettir er sá af hetjum fornaldarinnar, sem nútíðarinnar Íslendingar hafa tekið mestu ástfóstri við, af því þeir finna sig honum líkasta. — Hið sama er að segja um Illuga, bróður Grettis; hann er ekki meiri né göfugri hetja í ljóðunum en í sögunni. En um hann minnir mig að síra Arnljótur Ólafsson segði á þúsund ára hátíð Eyfirðinga 1874, að hann væri hin fegursta hetja og hin göfugasta fyrirmynd hins sanna Íslendinga í allri fornaldarsögu vorri.

En Ásdís, móður þeirra bræðranna, — hana hefur skáldið fundið. Hann hefur teiknað af henni svo ljómandi mynd, að vér gleymum henni aldrei upp frá þessu. Það er ekki til í íslenskum bókmentum, hvorki í bundnu né óbundnu máli, önnur eins móðir; hinn andlegi þróttur hennar er engu minni en hinn líkamlegi þróttur Grettis. Hún á kærleika, sem aldrei bilar, — trú, sem biður fyrir týndum syni meðan tungan

hrærist. Ef síra Matthías hefði gjört öllum, sem hann nefnir til sögunnar, á sinn hátt sömu skil, mundu þessi Grettisljóð hafa orðið eins ódauðleg og skáldskapur *Shakespeare's*. En við minna má nú una. Ef það er satt, sem vel hefur verið sagt, að þegar skáldi takist að skapa framúrskarandi persónu, hvort heldur í sögu eða ljóði, sé það eins þýðingarmikið fyrir mannlíf og þó þessi framúrskarandi persóna hefði í raun og veru fæðst og lifað og starfað í heiminum, þá vona ég, að sú mynd, sem síra Matthías hefur þarna teiknað af kristinni móður, beri margfaldan ávæxt fyrir íslenzkt þjóðlífi. Íslenzkar mæður þurfa að læra að biðja fyrir sonum sínum, þangað til hver auðnulaus Grettir verður að gífumanni.

Margt er ljómandi fallegt í ljóðum þessum, þó vandvirknin hafi hvergi nærri verið nóg. Því miður má ég ekki benda á hið einstaka. Ljóðagjörð síra M. er hér víða upp á sitt hið allra bezta. Margar ferkeyttu vísurnar hans eru perlur. En samt hefur hann fremur skemt fyrir sér með því að yrkja of mjög undir rímnaháttum með lyklum og jafnvel hortittum rímnaskáldanna. Rímnahátturinn er liðinn undir lok. Það reisir hana enginn við aftur. Og það er fremur hlægilegt að gjöra sér rellu út af því. Hún hefði komið íslenzkum skáldskap fyrir kattarnef, ef hún hefði fengið að halda áfram. Rímnahættirnir eru óhæfir fyrir hetjuljóð. Grettisljóð sýna það. Þau kvæðin, sem orkt eru undir öðrum háttum, eru öll efnismeiri, veglegri, — meira höfðingsmót að þeim. Stöðasta kvæðið er á hexametrum og er eitthvert bezta kvæðið. Hafa þeir síra M. og síra V. enn þá sýnt það, sem Jónas Hallgrímsson var búinn að sanna, að ekki er annað en hjátrú og kredda að halda því fram, að þessi fornhelgi og klassiski bragarháttur sé anda tungu vorrar svo gagnstæður, að ekki sé unt að yrkja undir honum á íslenzku, nema með því móti að beita málið ofrski. Kvæðin „Ísland farsælda-frón!“ „Hvítasunnumorgun“ og „Að Lögbergi“ verða eflaust talin með beztu

kyrjunum, sem til eru á íslenzku, og eru þau þó öll með þessum hætti.

Einar Benediktsson:
Sögur og kvæði.

Af hinum yngstu skáldum vorum er Einar Benediktsson óefað mestur hæfileika-maður. Í öllu, sem hann ritar, koma miklar gáfur í ljós. En sumir vakrir hestar eiga bágt með að þá sér niðri á veldinu, læra jafnvel aldrei hreinán gang. Eitthvað líkt þessu á sér stað með Einar Benediktsson. Hann hefur eiginlega ekki náð sér niðri með gáfur sínar enn, hvað sem verður. Það eru heilmikil umbrot inni fyrir hjá honum, en margt af því, sem hann hefur til brunns að bera, er svo óljóst, að enginn skilur. Kom það stöðugt í ljós meðan hann var ritstj. blaðsins „Dagskrár“. En það kemur líka fram í bók þeirri, sem hann hefur nú gefið út og kallar „Sögur og kvæði“. Hún er 191 bls. á stærð og hefur meðferðis 4 sögur og 27 kvæði. Fyrsta sagan nefnist „Svikagreifinn“. Höfundurinn byrjar með því að segja lesendum sínum mjög hátíðlega, að þetta sé sönn saga, „er skeð hafi fyrir allmörgum árum í héraði einu á Íslandi“, og á nöfnunum að eins að vera breytt. Hvort sem nú sagan er sönn eða ekki, þá er mjög langt frá því, að hún sé líkleg. Það virðist líka sem höfundurinn hafi haft einhverja óljósa hugmynd um, að hún mundi ekki þykja sem allra sennilegust, en til þess nú að bæta ofur lítuð úr skák, hafi hann farið að gjöra þessa yfirlýsing í byrjuninni. En það eru fremur barnaleg örþrifsráð frá skáldlegu sjónarmiði. Það var annars óheppilegt, að þessi saga skyldi vera látin standa fyrst í bókinni, því hún er einna ómerkilegust af öllu, sem þar stendur, — óheppilegt að byrja safn af skáldsögum með því að segja: Þið megið ekki kippa ykkur upp við, þó þetta sé fremur lygilegt, það er ekki mér að kenna, það er

eru þau þó öll

skáldum vorum
son óefað mest-
í öllu, sem
miklar gáfur í
krir hestar eiga
ér niðri á vek-
ing. Eitthvað
ttsson. Hann
áfur sínar enn,
abrot inni fyrir
efur til brunns
Kom það stöð-
„Dagskrár“.
m hann hefur
Hún er 191
og 27 kvæði.
Höfundurinn
n mjög hátíð-
hafi fyrir all-
á nöfnunum
sagan er sönn
hún sé líkleg.
aft einhverja
ki þykja sem
ofur lítuð úr
lýsing í byrj-
rþrifsráð frá
neppilegt, að
bókinni, því
r stendur, —
með því að
við, þó þetta
enna, það er

alt saman heilagur sannleiki. — Næsta sagan heitir „Gullský“. Það er víst öllum mönnum hulin leyndardómur, hvað meint er með þeim samsetningi, nema ef vera skyldi höf. sjálfum. — Þá kemur „Valshreiddi“. Það er lang-bezta sagan í bókinni, — fremur lagleg og vel rituð smásaga, svo það væri ánægja að eiga nokkrar aðrar eins eftir höf. Ef alt í bókinni hefði verið jafn-gott, hefði þetta litla safn orðið höf. til sóma, því sögu eins og þá, sem hér er um að ræða, ritar enginn, sem ekki hefur töluverða hæfileika í þá átt. — Þá sagan, „Farmaðurinn“, er ekki nærri því eins góð, en þó betri en hinar tvær fyrstu. Undarlegt má það virðast, að jafn-gallharður fœðurlandsvinur og Einar Benediktsson skuli þurfa svo langt úr landi, alla leið til grísku eyjanna, til að finna hæfilegan leikvöll fyrir myndunarafl sitt og mannfélagslýsingar. Ólíklegt, að sá, sem ekki hefur ritað skáldsögur nema á fáeinum blaðsðum, sé búinn að tæma alt, sem um Ísland sjálft má segja. — Kvæðin eru flest gömul og hafa áður birst í blöðum og tímaritum. Bezt eru þau af því, sem í bókinni stendur, og er þó langt frá því, að höf. fylgi þar stranglega öllum þeim listarinnar reglum, sem honum finnast sjálf-sagðar fyrir aðra. Það eru sterk tilþrif innan um þessi kvæði, sem bera vott um heilmikið andans atgjörvi. En hinn siðferðislega þrótt sýnist bresta. Hvað sterklega sem höf. kemst að orði, hefur lesandinn aldrei neina tilfinning, að hann tali eins og sá, sem vald hefur, heldur miklu fremur eins og sá, sem út í vindinn slær. Maður hefur eitthvert veður af, að það sé minni veigur í kappanum á bak við orðin en æskilegt væri, og það dregur úr nautninni. Heit fœðurlandsást er aðal-einkennið á kvæðum þessum, en hún er blandin svo beisku Dana-hatri, að hún verður fyrir það hálf-ljót á svipinn.

Þá kemur Guðmundur *Friðjónsson* fram á sjónarsviðið með nokkrar smásögur, er hann kallar *Eindir*, 96 bls. á stærð. Þorsteinn Erlingsson kom með „þyrna“. Bjarni Jóns-er á ferðinni með „Baldursbrá“. Næst koma líklega einhverjir með skollafingur og marfustakk. — Það er annars mjög einkennilegur maður, þessi Guðmundur Friðjónsson. Hann hefur óneitanlega dálitla rithöfundar hæfileika, en fremur eru þeir á veikum fæti. Því sá andlegi hæfileiki, sem lang-mest ber á hjá honum, er sérvizkan, og hún ætti ætíð helst að hýrast heima hjá sér; á almannafæri hefur hún ekkert að gjöra. Hið helzta, sem Guðmundi er til afsökunar, er það, að hann hefur um fram marga aðra lag á að komast einkennilega að orði. Enda hefur hann verið að berjast með oddi og egg fyrir þeirri fagurfræðislegu villukenning, að ekkert væri undir því komið, *hvað* rithöfundar og skáld segðu, heldur væri öll listin í því fölginn, *hvernig* þeir kæmu orðum að hugsunum sínum. Með öðrum orðum: Hugsanirnar mega vera svo ljótar, heimskulegar, skaðlegar og ósannar sem vera vill, ef höfundarnir kunna að búa þær í fagran og einkennilegan búning. Ef einhver annar hefði nú komið fram með þessa kenning meðal vor, hefði verið ástæða til að sýna fram á, hvað hún er fráleit. En af því hún í þetta sinn er til vor komin fyrir munn Guðmundar Friðjónssonar, er það óþarfi; allir sáu þegar í stað, hve fáránleg hún er. Af því G. F. getur komist dálítið hnittilega að orði einstöku sinnum, hafa sumir verið að halda uppi á honum höfðinu og gefa í skyn, að hann myndi vera efni í mikinn spámann. Er hann nú orðinn svo upp með sér af því dekri, að stíllinn hans er orðinn alveg óþolandi, svo óeðlilegur og fordildarfullur sem mest má verða. Hann er hættur að segja nokkurn hlut blátt áfram, heldur skráfur hann setningar sínar svo saman, að þær verða afskræmdar. Kemur þetta fram á hverri blaðsíðu í bók þeirri, sem

andur Friðjónsson
 með nokkrar
 kallar *Einið*, 96
 teinn Erlingsson
 . Bjarni Jóns-
 est koma líklega
 stakk. — Það er
 essi Guðmundur
 ga dálitla rithöf-
 á veikum fæti.
 st ber á hjá hon-
 helzt að hýrast
 hún ekkert að
 r til afsökunar,
 a aðra lag á að
 hefur hann verið
 fagurfræðislegu
 því komið, *hvað*
 i öll listin í því
 ugsunum sínum.
 a vera svo ljót-
 r sem vera vill,
 ran og einkenni-
 i nú komið fram
 verið ástæða til
 En af því hún í
 unn Guðmundar
 u þegar í stað,
 getur komist dá-
 um, hafa sumir
 og gefa í skyn,
 mann. Er hann
 ekri, að stíllinn
 öðlilegur og for-
 un er hættur að
 ur skráfar hann
 ða afskræmdar.
 bók þeirri, sem

hann hefur nú loksins gefið út eftir sig og á að vera
 meistarastykkið hans. Þegar hann ætlar t. d. að
 segja frá því, að hann hafi litið við, þykir honum ekki
 hlýða að viðhafa svo hversdagslegt og óskáldlegt
 orðatiltæki og segir því: „Sjón mín hafði ekki runn-
 ið langt skeið, þegar“ [26] o. s. frv. Þegar hann ætlar
 að lýsa dýrð miðnætursólarinnar, þykir honum bezt
 við eiga að líkja henni við „blóðlifur“ [34]. Hann læt-
 ur hana „teygja gullrauða geislaprjónana“ [34] o. s.
 frv. Hann segir frá því með miklum spekingssvip,
 hvernig „svitadögginn sprakk[!] út úr herðum og and-
 liti“ og hvernig „hjartað í honum lamdist með sprikli
 og sporðaköstum[!] út í bringspelina“ [54]. Það hlýt-
 ur að vera meir en lítið einkennilegt hjartað í þessu
 skáldi, því helzt lítur út fyrir, að á því sé ekki einungis
 einn sporður eins og á hverjum vanalegum fiski, held-
 ur margir. Er þetta nóg dæmi til að sýna, hve frá-
 leitur og fáránlegur stíll höfundarins er. Það er verið
 að hæla þessu sem rammíslenzku orðalagi. En það
 er ljóta vitleysan. Það orðfærið er íslenzkast, seni
 látlausast er og mest blátt áfram. Svo er alt það rit-
 að, sem bezt er til á íslenzku, bæði að fornu og nýju.
 En þetta orðfæri er samtvinnað af sérvizku, tilgerð og
 fordild, og er hvert um sig jafn-óhafandi.

Bjarni Jónsson frá Vogum er býsna af-
 kastamikill rithöfundur, eftir því sem
 frá Vogum: vér eigum að venjast. Áður hefur
 Baldursbrá. birst á prenti eftir hann: „Dauða-
 stundin“, frumorkt kvæði, „Björn
 og Guðrún“, skáldsaga, og „Brúðkaupslagið“, þýdd
 saga eftir *Björnson*; nú síðast *Nadeschda*, þýtt kvæði
 eftir sænska skáldið *Runeberg*, og *Baldursbrá*, safn af
 ljóðmælum eftir sjálfan hann, laglega prentað með
 nokkrum myndum. Er ekki færri en þrír kostnaðar-
 menn að bókum hans: Sigfús Eymundsson, Sigurður

Kristjánsson og sjálfur hann. Þegar Baldursbrá fékk að sjá ljós þessa heims, er höf. kominn í sjálfsmensku. Það er gott að vera duglegur í hverju, sem maður tekur fyrir, einkum ef maður er fyrirtækinu vaxinn. Hitt er kallað að vinna fyrir gýg, ef einhver ver lifi og kröftum til þess, sem hann ekki er maður til. Íslenzkar bókmentir eru lang-auðgastar af smákvæðum, ýmislegum ljóðmælum. Það er hin eina tegund bókmentanna, er vér höfum náð nokkrum verulegum þroska í, svo vér þolum samanburð við stærri þjóðir. Mentaður Íslendingur ætti því aldrei að láta sér til hugar koma, að gefa út safn af ljóðum eftir sig, nema því að eins, að þau ljóð hefðu eitthvert verulegt gildi. Vér eigum vissulega nóg af hagarþingum; annar hver Íslendingur fæst meira og minna við að yrkja. Það er orðinn einskonar þjóðarlöstur að þykjast vera skáld. Hjá þjóð, sem ekki er meira en 70 þúsund manns, geta ekki verið mörg skáld; þau hvorki eiga né mega vera mörg. Það er óráktarmerki þar sem alt er löðrandi af fíflum og sóleyjum í túninu. Og það er andlegt óráktarmerki hjá oss, að svo margir þykjast vera skáld. Ef andlegur þroski kemst nokkurn tíma á hærra stig hjá oss, breytist þetta. Það er andlegu þroskaleysi að kenna, að eldinum er ekki gefinn að leikfangi allur hávaðinn af þeim kvæða-urmul, sem verið er að prenta. Ég hef oft óskað, að vér Íslendingar værum eins auðugir af öllu og skáldum. Ef vér ættum eins mikið af þeim hæfileikum, sem stefna í framkvæmdar- og fyrirtækis-áttina, væri vel yfir að láta. Vér kæmum þá fleira til leiðar en vér gjörum. — Ég get ekki að því gjört, fæ mig heldur ekki til að hræsna, mér finst þetta skáld, sem orkt hefur Baldursbrá, muni vera fremur lítið skáld. Bjarni og Guðrún var ekki annað en barnaleg eftirstæling, sem furða var að mentuðum manni skyldi hugkvæmast að láta koma fyrir almennings sjónir. Baldursbrá er undur veigalaus skáldskapur, sem lítil eign er í. Bækur höfundarins eru meinlausar, þær af þeim, sem ég hef séð, en

neistann vantar, og af því ætti hann, háskólagensin, að hafa veður. Þar sem mentunin er annars vogar, verða kröfurnar ósjálfrátt hærri.

*Visnakver
Páls Vídalíns.*

Dr. Jón Þorkelsson yngri hefur séð um prentun á Visnakveri Páls Vídalíns, en Sigurður Kristjánsson gefið út á kostnað sinn. Er ólíklegt, að sú útgáfa verði mikið gróðabragð, því fremur fái munu kæra sig um að kaupa þessa bók, sem er bæði stór og dýr, nema fáeinir fræðimenn. Á undan vísunum er löng ritgjörð eftir Grunnavíkur-Jón, „um þá lærðu Vídalína“ á meir en 100 blaðsíðum, og er hún að mörgu leyti býsna fróðleg. Þessi skáldskapur eftir Pál Vídalín, sem uppi var 1667—1727, er nú fremur lélegur og hefur enga aðra þýðing en þá, að sýna oss aldarháttinn, veita oss ljósari þekking á einum helzta manningum, sem þá var uppi, og gefa oss hugmynd um það andans líf, sem þá átti sér stað á Íslandi. Það er töluvert á bókinni að græða að þessu leyti. En óhætt hefsti verið að prenta ekki nema svo sem helminginn af þessu vís nastagli, en gefa hitt gleymskunni. Vér Íslendingar höfum óskiljanlega tilhneigingu til að hrúga saman öllu, sem til er, alveg hugsunarlaust, án þess að láta nokkurn snefil af dómgreind komast að, þegar um svona útgáfur er að ræða. Stórhjóðirnar láta sér ekkert slíkt til hugar koma. Það er til urmull af ómerkilegum skáldskap eftir mörg heimsfræg skáld, sem engum liðandi manni hefur komið til hjartans hugar að gefa út. En vér höfum efni á, að snuðra upp hvern vísuhelming og hvert ógætilegt orð og gefa út á prent og láta almenning kaupa, oft og tíðum til að spilla bæði smekk og siðferði. — Páll Vídalín var sálmaskáld og trúmaður eftir þeirrar tíðar hætti. Má nærri geta, að hið bezta, sem til var í fari hans, kom fram, þegar hann var að yrkja sálma, enda hefur hann

þá auglýsingalega vandað sig miklu meir en annars. Enginn sálmur er samt prentaður eftir hann í þessu stóra safni; þótt hinir frumorktu sálmar hans séu glat-
aðir, hefði þó mátt láta þýðingarnar, sem til eru eftir hann, standa hér. Það var sjálfsagt, til að gefa fullkomna og sanna mynd af mannum. En hver ein einasta klámvísa, sem til er eftir hann, er nákvæmlega tilfærð. Er nú hverjum heilvita manni auðsætt, hve ófugt og ranglátt þetta er. Eins og það sé um að gjöra, að sýna það hjá mönnum, sem lakast er og ljótast, og varðveita það, en stinga hinu undir stól, sem göfugast er og bezt og láta menn gleytna því. Það er nákvæmlega sama aðferðin og höfð var við hina vönduðu útgáfu bókmentafélagsins af kvæðum Stefáns Ólafssonar. Niðurðöðun efnisins er óskapleg. Alt er prentað í belg og biðu. Á bls. 112 stendur fyrir sögnin: Bænarvers. Koma þar á eftir heit og hjartnæm bænarljóð. Undir sömu fyrir sögninni, án nokkurrar aðgreiningar, svo augað verður ekki annars vart en það sé enn annað bænarvers, stendur svo mjög ógeðsleg vísa um hvölp (113). Liggur býsna nærri að ætla, að þetta sé gjört af ásettu ráði og sé af sama toga spunnið og hin glánalega neðanmálsgrein á bls. 178—179. — En eins og áður er tekið fram má margt af bókinni læra. Páll Vídalín hefur þýtt á íslenskum hinn fræga sálm eftir hinn heilaga *Bernhard*: „Jesú, þín minning mjög sæt er“. Þórður biskup lét prenta Grallarann 1691 og „bað lögmenn, sem þá var skólameistari, að leiðrétta þá gömlu Jesúminning, því sér þætti hún stírf í nokkrum versum. Þetta var á laugardagskvöld.“ Um nóttina sneri hann öllum sálminum, sem er 48 vers, og sýndi biskupinum þá þýðing, þegar þeir komu úr kirkju daginn eftir, og lét biskup þá lesa sér þýðinguna. „Stóð biskupinn þá upp og þakkaði skólameistara með kossi grátandi og sagði, að hún (þýðingin) mundi sungin verða í guðs kirkju þar á landi, þá báðir þeir væru fúnir í moldu“ (178). Þessi þýðing hans var líka sungin af ísl. kirkjulyðum á

aðra öld, þangað til síra Stefán Thórarensen þýddi þennan ágæta sálm á ný (30 vers). — Aðrir sálmar, sem til eru í þýðingum eftir Pál Vídalín, eru: Á guð alleina, Gleð þig, guðs sonar brúð, og Sá ljósi dagur liðinn er.

Indriði Einars-
son:
Hellismenn.

Það er fátt, sem út kemur af leikritum á íslenzku, enda er það engin furða, þar sem vér eigum enn ekkert leikhús, og verður líklega langt þess að bíða. Samt sem áður er furðanlega mikill smekkur fyrir þess háttar skáldskap meðal vor og heilmikill hæfileiki hjá íslenzku alþýðufólki til að leika. Víða á Íslandi og víðast hvar hér í íslenzku bygðarlögunum eru menn á hverjum vetri eitthvað að fást við þess háttar, og er alveg furða, hve myndarlega það tekst oft og tíðum með lélegum föngum. Sýnir það eins og margt annað, hve opið auga þjóð vor hefur fyrir listinni. Leikritið, sem hér er um að ræða, er gamalt, þótt það hafi ekki verið prentað fyrr en nú. Það er samið 1871—72 og virðist vera prentað óbreytt frá því, sem það var í fyrstu. Var furða, að höfundurinn skyldi ekki taka sig til og laga það, sem bezt hann mátti, úr því hann fór að láta prenta það á annað borð. Frágangurinn á því er undur óvandvirknislegur, og er það skortur á tilfinning fyrir heiðri og sóma bókmenta vorra að leggja ekki meiri rækt við ritverk sín en hér er gjört. Efnið er ágætt. *Shakespeare* gamla hefði ekki þótt ónýtt að hafa aðra eins þjóðsögu til að yrkja út af.

*Bókmenta-
félagið.*

Bókmentafélagið hefur enn haldið alveg sömu stefnunni og að undanfögnu og ekkert nýtt tekið sér fyrir hendur. Tímaritið hefur verið heldur aðgengilegra hin síðari árin, ritgjörðirnar

fleiri og efnið ekki alveg eins einskorðað og áður. Það
 horfir samt enn um öxl sér, svo andlitið snýr aftur, og
 er víst orðið stíðnað í hálstaugunum; er það einkenni-
 lega íslenzkt. Ritgjörð Gríms heitins Thomsen um
 grísku spekingana Platon og Aristóteles er of þung
 og strembin til þess almenningur hafi hennar not,
 þótt sami myndarbragurinn sé á henni og öllu eftir
 þann höfund. „Páfinn á vorum dögum“ eftir síra Þór-
 hall Bjarnarson er prýðilega saminn ritgjörð, en helzt
 til langt farið út fyrir landsteinana að sækja efnið. —
 Ritgjörð dr. Björns Ólsen um Sturlungu kemur út sem
 hefti í „Safni til sögu Íslands“ og virðist saminn af
 mikilli vandvirkni og skarpleika, en naumast er hún
 lesandi nema fyrir gallharða fornfræðinga. Langt
 verður þangað til saga landsins verður rituð, ef fyrst
 þarf að semja svona stórar bækur út af öllum fornsög-
 um vorum. — Ólafur Davíðsson, sá mikli grúskari,
 heldur áfram með „Þulur og skemtanir“, og lítur helzt
 út fyrir, að þar á ætli enginn endir að verða. Það er
 áframhald af þjóðsögunum eins og kunnugt er. Ýmis-
 legur fróðleikur er nú auðvitað í þessu afar stóra safni,
 enda væri það nú annað hvort, en til að vinna fróð-
 leiksmolana úr þarf maður oft að kafa svo djúpt og
 leita svo lengi innan um ruslið, að allir hljóta að upp-
 gefast nema þolinmæðin sjálf. Þetta safn er svo sem
 tíu sinnum of stórt. Maður sér ekki skóginn fyrir
 trjánum. Ef svo sem tíundi parturinn hefði verið
 vinnaður úr með smekk og dómgreind og hitt skilið
 eftir, hefðu miklu meiri not orðið að safninu. Ég skal
 ábyrgjast, að engin þjóð undir sólinni á hlutfallslega
 eins smásmuglegan samtíning af líku tagi og þetta.
 En ekki er laust við, að manni finnist góðum gáfum á
 glæ kastað, þegar öllu lífinu er varið við annað eins
 glingur og þetta.

Eimreiðin.

Fjórði árgangur „Eimreiðarinnar“, 3. hefti, er nú allur hingað kominn, og heldur hún áfram að vera skemtilegt og fróðlegt rit í marga staði. En betur finst mér þar þyrfti að kynda undir katlinum, ef Jón landi ætti að finna mikinn mun á ferðalaginu síðan hún kom til sögunnar. Það er eins og enn sé verið að berja fótastökkinn. Nokkurn veginn eina frumsamda ritgjörðin í þessum árgangi, sem nokkuð kveður að, er um „framsærslu og sveitarstjórn á þjóðveldistímanum“ eftir ritstjóranum, dr. Valtý Guðmundsson, í tveim fyrstu heftunum. Er hún bæði fróðlega og gætilega rituð eins og hans er von og vísa og ýmislegt á henni að græða. „Nútiðarbókmentir Norðmanna“, þýdd grein eftir Björnson, sem fyrst ritaði hana í tímarit eitt hér í Ameríku, eins og tekið var fram í fyrirlestri um „Hugsjónir“ í 6. árg. *Aldamóta*, er fjörug og skemtileg ritgjörð, en langt frá að vera réttlát. — Í 3. heftinu stendur önnur þýdd ritgjörð um dönsk skáld eftir danskan námsmann ungan, er hefur samið hana eftir tilmælum ritstjórans, og er hún að mörgu leyti góð. Það er eins og íslenskum námsmönnum í Kaupmannahöfn sé farið að förlast. Á dögum „Verðandi“ hefði þeim víst fundist óþarfi að fara í smiðju til Dana, til að semja slíka ritgjörð. Þeir virðast stunda nám sitt nú af meira kappi en oft að undanfögnu, og er það góðra gjalda vert. En það ber lítið á, að andlegum eldingum slái niður hjá þeim nú á þessum tímum, og mun þó lífið býsna fjörugt enn þarna í Apenuborg hinn nyrðri eins og það á vanda til. — Ritdómarnir í „Eimreiðinni“ hafa verið fremur vandáðir og ýmsir þeirra rækilega og vel af hendi leystir, en þó ekki nærri allra bóka minst, sem út koma. En mjög illa situr það á jafn-stiltum og vönduðum manni og ritstjóranum, að velja mönnum og stéttum háð-ungarnöfn að orsakalaus, þegar hann minnst á einhverja bók. Þetta hefur hann leyst sér í undurstuttri smágrein um prédikunarfræði síra Helga heitins Hálf-

dánarsonar, þar segir hann segir, að „brennisteinsprentarnir“ hefðu gott al að kynna sér þá bók. Hann hlýtur auðvitað að meina með því uppnefni allan hinn kristna kennilyð, sem heldur fast við kenninguna um eilífa glötun eins og hún kemur fram í nýja testamentinu. Auðvitað gjörði síra Helgi heitinn það eins trúlega og nokkur annar og mundi hafa kunnað þeim manni litla þökk, sem hefði ætlað honum eitthvað annað. En á hinn bóginn er að minni vitund engir til meðal íslenzks kennilyðs á yfirstandandi tíð, sem misbeita þeirri kenning á nokkurn óhæfilegan hátt, svo frá því sjónarmiði er uppnefnið út í höt. Heiðvirður háskólakennari ætti að álíta sig of góðan til að óhreinka hendur sínar á öðru eins. Hann hefur líka sjálfur fengið of mikið að kenna á þeim íslenska fólksu-sið, til þess að fara að beita uppnefningum við aðra. Öll þau svívirðilegu uppnefni, sem pólitískum vindbelgjum hafa getað hugkvæmst, hafa verið látin á honum dynja, síðan hann gjörðist svo djarfur að bera fram skynsamlega tillögu í stjórnarþótarmáli Íslands og ljá henni fylgi sitt. Hann hefur tekið því með þögn og stillingu og vaxið af því í augum góðra manna. En mannúðar-tilfinning sjálfs hans ætti að hafa kent honum, hvílskur þjóðarósómi þetta er og hve fyriritlegt vopn í alvarlegum ágreiningsmálum. Var illa farið, að hann skyldi gjöra sig sekan um slíkt í því sambandi, sem sízt skyldi.

Það er í mannúðarinnar nafni, að þessi mótmæli eru hafin.

Íslendinga-
sögur.

Sigurður Kristjánsson í Reykjavík gefur út lang-flestar bækur, sem nú koma út á íslensku. Flest af bókum, sem hann er talað um, hafa komið út á kostnað hans. Á hann miklar þakkir skilið fyrir ótulleik sinn og dugnað í því að gefa út bækur. Útgáfa hans af Íslendingasögum heldur einlægt áfram. Hann er nú búinn að gefa út 22, Svarfdæla, Valla-

ljótasaga og Vopnfirðingasaga eru seinustu sögurnar, sem til mín hafa komið. Ég vona, að Vestur-Íslendingar finni það skyldu sína að kaupa þessar sögur og lesa þær rækilega. Ein mesta stofu-prýðin, sem ég get hugsað mér, í fallegu húsunum, sem þeir eru nú að byggja hver í kapp við annan, er lagleg bókahilla með vel bundnum íslenskum bókum; þar sættu þessar Íslendingasögur að skipa öndvegíð.

Það er mikið verk og þarft, sem dr. Jón Dr. Jón Þorkelsson: Þorkelsson eldri hefur af hendi leyst, *Supplement til* þótt hann sé nú orðinn háaldraður mað- *íslandske Ordbøger.* ur. Hann hefur fyrstur manna tekið sér fyrir hendur að semja orðabók yfir nútíðarmál vort, er hann nefnir viðbæti við íslenskar orðabækur, og er það ekki stærillætislegur titill. Hann hefur um mörg undanfarin ár yfirfarið flestar íslenskar bækur, er ritaðar hafa verið á þessari öld, til að safna til þessarar orðabókar, enda flegra dæmi, eitt eða fleiri, hverju orði, sem sýna, hvar og hvernig það hefur verið notað. Hafa sumir dregið dár að honum fyrir þessa söfnunar-elju og kallað hann *compiler*. En það er heimskan ein, sem fær sig til annars eins. Hann hefur unnið þjóðvorri þarfara verk en flestir, ef ekki allir, núlifandi íslenskir fræðingar, enda mun hann flestum mönnum fróðari í öllu, er að máli voru lýtur. Ekki mun nú þetta verk hans vera fullkomið samt, sem ekki er við að búast. Nokkuð mörg íslensk orð mun hér vanta og það jafnvel úr helztu íslensku nútíðarritum vorum. En fram úr skarandi vandvirknis og nákvæmnis-bragur er hér á öllu. Bókmentafélagið setti nú að taka sig til og gangast fyrir því, að út verði gefin íslensk orðabók, helzt með íslenskum skýringum og skilgreiningum. Mundi það með því móti aftur vinna sér til helgis í hugum manna. Til þess mundi því eflaust fúslega veittur styrkur af almennafélagi og væri honum vel varið, því hinn dýrmetasti fjársjóður vor er málið, og það er ekki of mikið, þótt vér sýndum því svo mikla rækt að gefa út nokkuð fullkomna orðabók yfir það á 15 til 25 ára fresti. Hún þarf að ná yfir málið allt, bæði að fornu og nýju. Að kljúfa málið svona sundur í nýtt og gamalt er óeðlilegt. Því það er eitt og sama málið frá upphafi vega fram á þennan dag, nema hvað nokkur orð eru orðin

úrelt og önnur ný orð hafa bætst við, eins og á sér stað í öllum lífsandi málum. Það væri nær fyrir bókmentafélagið að gefa út sína bók góða en margar dýftar.

Árni.

Heilmargar þýðingar af útlendum ritum eru nú farnar að koma út á íslensku. Sumar eru vel valdar og vel gjörðar, en aftur aðrar miður heppilega valdar og ekki sem best af hendi leystar. Það er vel til fundið að þýða hinar eldri sögur eftir *Björnson*. Allar sögurnar hans af hændalífnu norska ættu að vera til í íslenskum þýðingum. Þær eru allar ósvikinn skáldskapur og holl fæða. Ég fæ ekki betur séð en Þorsteinn Gíslason hafi leyst þýðinguna vel af hendi. Kórvilla er það samt æði slæm, að þýða „Hallingdansk“ með „hallardansk“ eins og hann gjörir (11). Það á auðvitað að vera „Haddingjadansk“ — dansk, sem tíðkast meðal fólksins í Haddingjadal (Hallingdal) í Noregi, og þess vegna er kendur við það. Kvæðin eru ljómandi vel þýdd að svo miklu leyti, sem ég hafi veitt því eftirtækt, og var það þó ekki vandalaust verk, því það er óvenjulega torvelt að snúa kvæðum Björnsens á hvaða mál sem er. Þorsteinn Gíslason hefur í mínum augum vaxið af þessu og hulið fjölda bókmenta-legra synda, því það er auðséð, að hann hefur viljað leysa þýðinguna samvirkusamlega af hendi og ekki haggja neinu. Það er mikið unnið við að eignast þessi kvæði á íslensku, því við þau eru ljómandi falleg sönglög, sem fræg eru orðin hvervetna. Þar sem vel er sungið, auk þess sem kvæðin eru í sjálfu sér sannir gimsteinar.

Bókansafn
alþýðu.

Íslenskur prentari í Kaupmannahöfn, Oddur Björnsson að nafni, hefur tekið sér fyrir hendur að gefa út bækur, sem hann nefnir „Bókansafn alþýðu“. „Pyrnar“ eftir Þorstein Erlingsson var fyrsta bókin í því safni. Nú eru komnar 3 aðrar. „Sögur frá Síberíu“ eftir rússneska skáldið *Vladimir Korolenko* eru þýddar af þremur ísl. námsmönnum í Kaupmannahöfn; hafa þeir þýtt sína söguna hver, en Sigfús Blöndal ritað for-málann. Korolenko er talinn gott skáld, en stórlega efast ég um, að sögur þessar falli í smekk íslenzkrar alþýðu. Sögurnar

eru að vissu leyti dágóðar, en þær skiljast fráleitt alment og eru því mjög lítið við alþýðu hæfi. — Betur eru „Sögur herlæknisins“ valdar, eftir *Zakarias Topelius*, þýddar af síra Matth. Jochumssyni (115 bls.) Það er alþýðubók og þýðingin fjörug, hversu nákvæm sem hún er. Nú er þýðing hans á „Brandi“ eftir *Henrik Ibsen* að koma út í „kjallaranum“ á „Íslandi“, en þessar „Sögur herlæknisins“ koma út í dýrindis útgáfu í Kaupmannahöfn. Ég hefði kunnað betur við að hafa á þessu hausa víxl. Brandur átti skilið að vera almennilega til fara, þegar hann kæmi út til Íslands; það er raunalegt að vita hann, svo góðan klerk og réttvísan, ganga þar í lörfum meðal fólksins. — Þá kemur *Urania* eftir frakkneska rithöfundinu *Camille Flammarion*, þýdd af Birni Bjarnasyni, 176 bls. á stærð. Það á að vera stjörnufræði og skáldsaga í einu, og getur verið, að mörgum þyki það fróðleg og skemtileg bok, en aldrei hefir mér þótt mikið í hana varið. Þessar tvær síðar nefndu bækur eru með myndum og frágangurinn ljómandi fallegur, að því, er pappír og prentun snertir. En naumast trúi ég því, að tekið verði öðru eins ástíðstri við þær bækur, sem enn eru út komnar í safni þessu eins og þegar „Þúsund og ein nótt“, „Pillgrímur ástarinnar“, „Úndína“ og „Þöglar ástir“ komu út í Kaupmannahöfn á kostnað Pála Sveinssonar í þýðingum eftir Stgr. Thorsteinsson. Þær eru hvorki valdar af eins miklu viti né þýddar af eins mikilli snild. Fremur eru bækur þessar dýrar, enda eru þær eins og stáz-meyjar til fara.

Síra Janus Jónsson hefur tekið sig til og snúið *Gegn um brim* í íslenzku sögu um íslenzkt efni eftir *Kari Andersen*, sem kölluð er: „Gegn um brim og boða.“

Er hún prentuð á Ísafirði á kostnað Sigurðar Kristjánssonar, 344 bls. á stærð. Karl Andersen hefur nú eitið verið í tölu hinna minni spámannanna sem skáld, og þess vegna engin sérstök ástæða til að fara að þýða sögu þessa. Vér, sem ekki höfum efni á að gefa út nema svo fátt af útlendum bókum í íslenzkum þýðingum, settum sanngjaflega að vera vandir að vali og aldrei þýða neitt, nema það, sem ágætast er á bókamarkaði heimsins. Það hefði verið nær að gefa út vandaða þýðing af ævintýrunum eftir danska skáldið H. C. Andersen, sem til eru á öllum tungumálum heimsins, jafnvel kínversku, en ekki eru til á íslenzku nema eitt og eitt hingað og þangað á strjálagi.

*Bíbliúsögur
Tangs.*

Það hefur verið töluverður hörgull á bíbliúsögum hér fyrir vestan um tíma, því bíbliúsögur Tangs hafa verið uppseldar. Nú hefur síra Jón Helgason auðið þær og endursamið; hefur hann einkum haft þarfir latínuskólans fyrir augum, þar sem hann kennir trúfræði. En hér fyrir vestan hafa bíbliúsögur Tangs verið notaðar við barnakenslu bæði á sunnudagsskólum og við fermingarundirbúning. Heima hafa menn vist langmest notað bíbliúsögur Balslefs, sem eru þó stuttar og ófullkomnar. Nú eru Tangs bíbliúsögur orðnar töluvert lengri en áður, og kann tumum að þykja bókina nokkuð stór handa börnum eða unglingum, en hún er þeim mun fullkomnari og veitir ekki af því, ef Íslendingar eiga að verða aftur eins vel að sér í bíbliúsögum og þeir hljóta að hafa verið á dögum Víðalíne gamla; hika ég mér ekki við að ráða öllum foreldrum til að fá bók þessa handa börnum sínum. Þau ættu að kynna sér bíbliúsögurnar á undan kverinu. Það er ekki heppileg aðferð að láta þau fara að læra kverid fyrst, en geyma bíbliúsögurnar seinasta árinu á undan fermingunni. Það er ætíð best að byrja með því, sem auðveldast er, og sögurnar úr bíbliunni eru miklu auðveldari en kverid; það verður líka miklu skiljanlegra, þegar barnið hefur áður fengið hugmynd um hinar helgu sögur ritningarinnar. Bíbliúsögur eru undur fljótt lærðar; barnið dökkur þær í sig og gleymir þeim ekki, þegar það er eitt sinn búid að ná í þær. En ekki má fyrir það vanrækja, að láta börnin lesa í bíbliunni jafnframt og segja þeim til í henni. Góðar bíbliúsögur eru handhæg útgráfa af bíbliunni handa börnum og unglingum; þær eru nauðsynlegar yfirlitsins vegna og hinn beztu grundvöllur kenningunnar í kristindóminum. Síra Jón Helgason á því þakkir skilið fyrir að hafa leyst þetta verk samvirkusamlega og vel af hendi. Hann hefur hlotið að verja til þess miklum tíma. Mörgum sögum er bætt við, röðin leiðrétt og skilningnum ýmsar góðar bendingar gefnar. Ritningargreinirnar hafa margar verið þýddar af nýju eða þeir kaflarnir, þar sem orð bíbliunnar eru látin halda sér. En vafamál er það, hvort þetta hefur verið heppilegt, nema þar sem það var óhjákvæmilegt. Íslenska bíbliuþýðingin er því miður ekki nákvæm, en að hafa margar þýðingar á sömu ritningargreininni í kenningubókum handa unglingum, ef til vill eina í kverinu, aðra í bíbliúsögum og þriðju í ritningunni sjálfri, er vafalaust óheppilegt og því til fyrirstöðu, að ritningargreinin festist í minni. Betra að nota ófullkomna þýðing, sem stendur í bíbli-

funni, e
ingum,
þýðing

Vegu
Kv

ins og
sem hér
ýmisle
góðar
samt g
ólúters
en þau
og kvö
um í ri
rigna r
sambær
sjaldan
verið u
inn me
lega m
kristin
inn á m
En svo
á sérk
og þeg
aða, sk
beitt á
um, að
helgar
drottin
koma
þessur
er ekki
og ofa
marga
Helga
gelíski

funni, en að koma of miklum ruglingi á stað með mörgum þýðingum, þangað til vér eignumst nýja og endurbætta biblíu-þýðing.

Nú er trúarflokkur, sem adventistar nefnist, búinn að senda trúboða norskan til Íslands, er Östlund heitir. Aðalatriðin í kristindóminum, sem þeir halda fram, er helgihald sunnudagsins og koma frelsarans til dómsins í nálægustu framtíð. Bókin, sem hér er um að ræða, talar samt um kristindóminn alment; er ýmislegt gott í henni, og getur lestur hennar orðið til að vekja góðar og guðrækilegar tilfinningar hjá mörgum. Ekki þarf samt glöggur leikmaður að lesa lengi til að finna, að bókin er ólútersk í anda. Þar er ekkert talað um sakramentin framar en þau væru engin til. Enda misskilja adventistar bæði skírn og kvöldmáltíð. En einna best sést það á þeim ótal tilvitnunum í ritninguna, sem þar eru. Ritningargreinum er þar látið rigna niður, stundum hér um bil af handahófi; slitnar úr réttu sambandi, misskildar oft og tíðum og tilfærðar eigi svo sérlega sjaldan án þess þær eigi nokkuð við þann sannleika, sem þá er verið um að ræða. — Það er síður adventista, að smeygja sér inn með þessari bók eða öðrum henni líkum. Þeir byrja vanalega með því að segjast halda fram nákvæmlega hinum sama kristindómi og það fólk hefur átt að venjast, sem þeir komast inn á meðal; þeirra kristindómur sé að eins heitari og sannari. En svo líður ekki á löngu áður en þeir fara að leggja alla áherzlu á sérkenningar sínar: helgihald laugardagsins, heimsendi þá og þegar væntanlegan, ódauðleika sálarinnar að eins fyrir trúaða, skírnuina að eins fyrir fullorðna. Sömu aðferðinni er nú beitt á Íslandi. Þar er nú þegar farið að koma fólki í skilning um, að það sé kristindóminum öldungis gagnstætt að halda helgan sunnudaginn. Laugardagurinn sé sá dagur, sem drottinn skipi öllum sínum lýð að halda helgan fyrr og síðar. Svo koma hin önnur atriði smátt og smátt. En vonandi verður þessum adventistum ekki sérlega mikið ágengt. Íslendingum er ekki sérlega gjarnt til að láta leiða sig út í trúarlegar ófgar og ólsa. Reyndar hefur Mormóna-trúboðunum tekist að fleka marga, en það mun nú vera af öðrum ástæðum. Síra Jón Helgason hefur mjög rækilega sýnt fram á hið ófuga, óevangelíska og villandi í kristindómsstefnu þeirra.

*Bunyan: Þor
pilgrímsins.*

Þetta er nú nokkuð gömul bók, prentuð á Eng-
landi 1876 í ísl. þýðing eftir Eirík Magnússon á
kostnað kristilega smáritafélagsins í Lundún-
um. Það er býsna stór bók, 304 bladsíður auk
formála, þrýðilega prentuð, laglega bundin, með átta fallegum
litmyndum. Bók þessa er nú hægt að fá hér fyrir vestan við
afar lágu verði. Síra Jónas A. Sigurðsson gjörði samning við
smáritafélagið um sölu á henni hér fyrir vestan fyrir hálfvirði
á ferð sinni heim til Íslands í sumar. Ég vil ráða mönnum til
að eignast þessa bók handa börnum sínum. Hún er alveg eir-
stök í sinni röð meðal allra bóka. Hún er til á öllum tungu-
málum heimsins og hefur náð meiri útbreiðslu en nokkur önnur
bók, að biblunni einni undan tekinni. Efnid er andlegt stríð
og barátta og sigur kristins manns, framsett í líkingarfullri frá-
sögu; öll bókinn er líking frá upphafi til enda. Brennheit trú á
frelsarann gengur gegn um hana alla. En þar kemur líka fram
ein hin dýpsta syndajátning, sem meðvitundin um brot og
yfirtröðulur hefur þrýst út úr hjarta trúaðs manns. Bókinn er
ef til vill að þessu leyti hið fullkomnasta bergmál af Davíðs
sálum, sem til er í kristilegum bókmentum. Öumræðilega
skýr sjón inn í andans heim kemur hvervetna í ljós. Það er
einn galli á bókinni, og það er formálinn, er segir frá ævi
Buppyans. Höf. þessarar ævisögu hefur ekki skilið Bunyan,
sem er einn af hinum merkustu mönnum, sem uppi hafa verið,
og dæmir rangt um sumt hið bezta í fari hans, af því hann hef-
ur ekki skilið kristindóminn sjálfan og skort kristilega lífs-
reynslu. Hann er ritaður í ókirkjulegum anda, og mun þó
smáritafélagið ekki hafa ætlast til þess. — Síra Oddur V. Gísla-
son þýddi bók þessa áður, kom sú þýðing út í Reykjavík 1864—
65 og var nefnd „Krossgangan“.

á Eng-
ússon á
undún-
ur auk
llegum
tan við
ng við
ilfvirði
num til
eg eir-
tungu-
önnur
gt stríð
lri frá-
t trú á
a fram
rot og
ökin er
Davíðs
ðilega
Það er
á svi-
nyan,
verid,
n hef-
a lífs-
un þó
Gisla-
1864—

